



MA-ritgerð

Félagsráðgjöf til starfsréttinda

Ég held að Ísland hafi verið stóri lottóvinningurinn

Upplifun ættleiddra einstaklinga erlendis frá af því að alast upp á Íslandi

Kristín Skjaldardóttir

Dr. Steinunn Hrafnisdóttir
Nóvember 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Ég held að Ísland hafi verið stóri lottóvinningurinn
Upplifun ættleiddra einstaklinga erlendis frá af því að alast upp á Íslandi

Kristín Skjaldardóttir

190975-5419

Lokaverkefni til MA-gráðu Félagsráðgjöf til starfsréttinda

Leiðbeinandi: Dr. Steinunn Hrafnisdóttir

Félagsráðgjafardeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Nóvember 2016

Ég held að Ísland hafi verið stóri lottóvinningurinn

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA starfsréttinda í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Kristín Skjaldardóttir, 2016

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2016

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna upplifun ættleiddra einstaklinga erlendis frá á því að alast upp á Íslandi svo og hvort viðmælendur teldu þörf á því að fagaðili á borð við félagsráðgjafa sérmenntaði sig í málefnum ættleiddra til að geta veitt þeim stuðning. Þá var einnig spurt hvort viðmælendur hefðu viljað að kjörforeldrar þeirra væru sér meðvitaðir um ákveðna þætti í uppvexti þeirra sem þeir voru ekki, og einnig hvort menningu, hefðum og siðum upprunalands þeirra hefði verið haldið að þeim.

Rannsóknin er gerð með eiginlegri rannsóknaraðferð og voru viðtöl tekin við átta viðmælendur sem allir eru ættleiddir erlendis frá og eru komnir yfir tvítugt. Viðmælendur eru frá þremur mismunandi upprunalöndum og voru eins til sjö mánaða við ættleiðingu. Viðtölin voru tekin í september og október 2016.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að viðmælendur eru flestir ánægðir með að hafa alist upp á Íslandi og telja að kjörforeldrar sínir hafi tekið rétt og vel á þeim málum sem upp komu og tengdust ættleiðingu þeirra. Þá telja viðmælendur að kjörforeldrar sem nú á tímum ættleiða börn standi frammi fyrir meiri vanda en þeirra eigin foreldrar og kemur þar tvennt til. Annars vegar að börn eru nú orðin mun eldri við ættleiðingu en áður var og því búin að mynda tengsl og eignast minningar í upprunalandi og hins vegar að veraldarvefurinn er upplýsingaveita þar sem börn geta sjálf sótt upplýsingar áður en að þau eru tilbúin til að meðtaka þær.

Þátttakendur höfðu ekki nýtt sér aðstoð fagfólks vegna ættleiðingar sinnar en töldu þörf á slíkum aðila, ekki síst þegar litið er til hækkandi aldurs barna á síðustu árum þegar að þau eignast íslenska kjörforeldra.

Efnisorð: fullorðnir ættleiddir, ættleidd börn, sjálfsmynd ættleiddra, ættleiðingar, að ættleiða, að vera ættleiddur.

Abstract

The purpose of this study is to investigate how international adoptees in Iceland experience being raised in Iceland and furthermore whether they think that social workers who specialize in adoption issues are needed. In addition the respondents were asked whether their adoptive parents might have approached their upbringing differently. They were also asked if they had been introduced to the culture of their birth country by their adoptive parents.

The method of the study is qualitative research, and interviews were conducted with eight international adoptees who are now over twenty years of age. The interviewees come from three different countries of origin and were one month to seven months old at adoption. The interviews were taken in September and October 2016.

This study finds that most of the participants enjoyed growing up in Iceland and think that their adoptive parents did well in bringing them up. They also think that adoptive parents today face more problems than their parents did. Firstly because children are older at adoption today than they were and have formed attachments in their country of origin and secondly because the internet provides a resource where the children themselves can gather information without parental supervision even if they are not mature enough to process the information they find.

The participants had no experience receiving assistance from social workers or other specialists with issues stemming from their adoption but agreed that such assistance would be needed today because of the changed circumstances.

Key words: adult adoptees, adopted children, adoption, adoptive families, coping with adoption, self-identity.

Formáli

Mig langar til að þakka viðmælendum mínum fyrir þátttökuna í þessari rannsókn en hún hefði ekki orðið að veruleika nema fyrir framlag þeirra. Ég fékk til viðtals Íslendinga sem landinu er mikill sómi af að hafa fengið hingað heim en koma þeirra hefur aukið vísýni og bætt við þekkingu á ýmsum sviðum. Allir viðmælendur mínir eru góðir og gegnir þegnar okkar samfélags og hafa margt áhugavert fram að færa, ásamt því að vera sérstaklega umhugað um aðra ættleidda einstaklinga og hvernig hægt er að gera þeim, sem nú koma hingað til lands sem ættleidd börn, lífið og tilveruna sem bærilegasta.

Mig langar líka til að þakka syni mínum fyrir að vera mér hvatning til að fræðast um málefni og aðstæður ættleiddra einstaklinga og fyrir að vera mikill stuðningur í þessari rannsóknarvinnu. Það hefur á köflum verið erfitt að afla sér þeirrar vitneskju sem fram kemur því að stundum sé ég hvað sonur minn er að glíma við og getur komið til með að glíma við í framtíðinni. Um leið er það líka léttir að hafa viðað að mér þeim fróðleik sem ritgerð þessi vitnar um.

Jón Gunnar Steinarsson, Þorvaldur Kristinsson og Björg Þórsdóttir fá mínar bestu þakkir fyrir ómælda hvatningu og góð ráð. Einnig að vera til staðar til að hlusta á vangaveltur mínar og opna umræður við mig um þær án þess þó að segja hvert ég skuli stefna. Þá fær Leyvoy Joensen þakkir fyrir veitta aðstoð.

Að lokum vil ég þakka dr. Steinunni Hrafnadóttur, leiðbeinanda mínum, fyrir gott samstarf og góða leiðbeiningu við gerð rannsóknarinnar. Einnig þakka ég henni fyrir góða ráðgjöf vegna persónulegs áfalls sem ég varð fyrir á rannsóknartímanum en sú aðstoð skipti verulegu máli og létti á áhyggjum.

I can only imagine
The selfless love that it took
To say goodbye to your child
And take one last look.

To let him go,
In hopes that he can live a better life.
The pain must've felt
Like a dull serrated knife.

I miss you every day, Mama,
And I hope to see you soon.
But if not,
Then I'll see you in my dreams tomorrow afternoon.
(Keith, 2015).

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	5
Abstract	6
Formáli.....	7
Efnisyfirlit.....	9
Töfluskrá	11
1 Inngangur	12
2 Rannsóknir á fræðasviðinu	14
2.1 Skilgreiningar	14
2.2 Ættleiðingar.....	15
2.3 Íslenskar rannsóknir	18
2.4 Kenningar	20
2.5 Reynsla tengd ættleiðingu	24
2.5.1 Sorg, höfnun, reiði og þakklæti.....	24
2.5.2 Stimplun	26
2.5.3 Menntun og námsörðugleikar	27
2.5.4 Að leita upprunans.....	29
2.5.5 Að alast upp menningu sem er ólík upprunanum.....	30
2.5.6 Mótun sjálfsmyndar hjá ættleiddum einstaklingum	31
2.6 Stuðningur við ættleidda einstaklinga	33
3 Aðferð og framkvæmd rannsókna	36
3.1 Markmið og rannsóknarspurningar	36
3.2 Rannsóknaraðferðir	36
3.3 Þátttakendur	37
3.4 Gagnasöfnun og greining gagna	38
3.5 Siðferðilegar hliðar rannsókna	40
4 Niðurstöður	42
4.1 Hvernig var að alast upp á Íslandi sem ættleiddur einstaklingur?	42
4.2 Er þörf fyrir fagaðila?	45
4.3 Kjörforeldrar	46

4.4	Kynni af upprunalandi.....	50
4.4.1	<i>Að leita upprunans.....</i>	<i>51</i>
4.4.2	<i>Að hitta aðra ættleidda einstaklinga.....</i>	<i>54</i>
4.4.3	<i>Besti vinur.....</i>	<i>56</i>
4.5	Prófkvíði.....	57
4.6	Íslensk ættleiðing.....	57
4.7	Vertu opin um ættleiðinguna við barnið þitt.....	59
5	Umræða.....	61
5.1	Að alast upp á Íslandi.....	62
5.2	Kjörforeldrar og uppruni.....	64
5.3	Áherslur viðmælenda.....	66
5.4	Fagfólk.....	68
5.5	Ályktanir.....	69
6	Lokaorð.....	71
	Heimildaskrá.....	72
	Viðauki 1 – Kynningarbréf.....	78
	Viðauki 2 – Upplýst samþykki.....	80
	Viðauki 3 – Viðtalsvísir.....	82

Töfluskrá

Tafla 1 – Fjöldi ættleiðinga eftir upprunalöndum	16
--	----

1 Inngangur

Ættleiðing er ævilangt ferli sem hefur áhrif á alla sem henni tengjast. Einstaklinginn sem er ættleiddur, líffræðilega foreldra og kjörforeldra. Ættleiðing snýst um gleði og sorg þeirra sem að henni koma. Missir, sorg, gleði og þakklæti eru orð sem líffræðilegir foreldrar og kjörforeldrar geta notað til að lýsa reynslu sinni. Einmitt þessi sömu orð geta einstaklingar sem eru ættleiddir notað til að lýsa reynslu sinni.

Fram kemur í rannsókn Borders, Penny og Portnoy (2000) að litið sé svo á að ættleiðing sé ævilangt ferli og fylgi einstaklingum alla ævi. Þau telja að ættleiðing hafi áhrif á það hvernig einstaklingar nálgast og leysa úr þeim verkefnum sem verða á vegi þeirra á lífsleiðinni.

Hvati rannsakanda til að gera þessa rannsókn er sonur hennar. Rannsakandi skrifaði BA-ritgerð um sorgarferli ættleiddra einstaklinga og langaði að halda áfram að vinna rannsóknir tengdum ættleiðingum eftir þá vinnu. Engir eru betur til þess fallnir að svara slíkri spurningu en þeir sem eru ættleiddir og komnir á fullorðinsár.

Þarft er að skoða hver reynsla uppkominnna ættleiddra einstaklinga er, þar sem fyrri rannsóknir hafa að mestu beinst að kjörforeldrum og/eða fagfólki og hvernig hægt er að hjálpa kjörfjölskyldum fyrstu árin eftir ættleiðingu. Mikilvægt er að fá sjónarhorn ættleiddra á það hvað þeir hefðu viljað hafa öðruvísi og hvað þeir ráðleggja kjörforeldrum dagsins í dag. Til þess að fá fram þau markmið lagði rannsakandi upp með eftirfarandi rannsóknarspurningar:

- „Hvernig er að alast upp á Íslandi sem ættleiddur einstaklingur erlendis frá?“
- „Hver er reynsla þín af áherslu kjörforeldra á að kynna menningu upprunalands þíns fyrir þér?“
- „Telurðu æskilegt að að foreldrar þínir vissu/væru sér meðvitaðir um ákveðna þætti sem þeir voru ekki? Þá hverja helsta?“
- „Hver er upplifun þín á þörf fyrir að leita til fagaðila til að ræða eigin ættleiðingu?“

Þegar ættleiðing á sér stað á hún að hafa fyllstu hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Upp hafa komið ólík sjónarmið um hvað það þýðir að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi. Flestir eru sammála um að upplýsa eigi barnið frá fyrstu stundu um ættleiðinguna í samræmi við aldur þess og þroska. Meiri ágreiningur hefur verið um hvort ættleiddir einstaklingar eigi að hafa aðgang að upplýsingum um líffræðilega foreldra sína eða ekki. Enn þann dag í dag fer mikið af ættleiðingum fram þar sem upplýsingar um líffræðilega foreldra standa ekki til boða, einkum

þegar ættleiðingar á milli landa eiga í hlut (Walton, 2012). Algengt er að kjörforeldrar kynni menningu og siði upprunals barns síns fyrir því þannig að það geti fengið þá vitneskju sem hægt er um upprunann (Mohanty og Newhill, 2006).

Ein hliðstæð rannsókn hefur verið gerð hér á landi en hún fjallaði um Íslendinga ættleidda á Íslandi. Staða þeirra og einstaklinga sem ættleiddir eru erlendis frá er ólík því að þeir skera sig ekki úr hvað útlit varðar og hafa frekar tök á að leita uppruna síns og ættingja en þeir sem eru ættleiddir frá öðrum ríkjum. Því er mikilvægt að bæta við þá þekkingu sem fyrir er og þá frá sjónarhorni hinna ættleidda.

Rannsókn þessi hefst á fræðilegum hluta um stöðu rannsókna á sviði ættleiðinga. Fyrst og fremst er vísað í erlendar rannsóknir en íslenskar rannsóknir á fræðasviðinu eru einnig kynntar. Unnið var úr rannsóknum sem flestar eru gerðar í öðrum löndum og aðgangur er að í gegnum leitarvefina Proquest.com og Google Scholar. Þá er einnig stuðst við efni í vef tímaritinu *Adoption Quarterly* ásamt bókum um málefnið sem rannsakandi átti kost á.

Erfiðlega gekk að fá nægilega mikið af nýlegum rannsóknum sem tengjast rannsókn þessari til að nota eingöngu. Helst var þó hægt að fá nýrri rannsóknir í vefútgáfu *Adoption Quarterly*. Því er einnig stuðst við eldri rannsóknir í fræðilegum hluta þessarar ritgerðar.

Þá er fjallað um fræðilegar kenningar sem tengjast efninu en tengslakenning Bowlbys og lífskeiðakenningar Eriks Erikson eru þar helstar ásamt sjálfsmyndarkenningunni. Rannsóknaraðferðin er eigindleg og er hún kynnt ásamt gagnasöfnun og gagnagreiningu. Þá eru viðmælendur kynntir ásamt bakgrunni þeirra og farið yfir siðfræði er tengist rannsókninni og rannsakanda. Niðurstöður rannsóknarinnar eru raktar og orð viðmælenda sett fram. Að lokum setur rannsakandi fram umræðukafla þar sem farið er yfir niðurstöður og fræðilegan hluta, hver næstu skref gætu orðið í nýjum rannsóknum svo og aðrar vangaveltur sem komu upp í þeirri rannsókn sem hér um ræðir.

2 Rannsóknir á fræðasviðinu

Hér verður fjallað um ættleiðingar almennt og þá sérstaklega hvernig þeim er háttað hér á landi. Gefnar verða upp tölur um fjölda ættleiddra einstaklinga frá öðrum ríkjum til Íslands ásamt upprunalöndum þeirra. Byrjað verður á því að skilgreina nokkur hugtök sem tengjast ættleiðingum og eru notuð í umfjöllun um ættleiðingar.

2.1 Skilgreiningar

Ættleiðing: Í rafrænni útgáfu íslensku alfræðiorðabókarinnar á Snöru segir: „ættleiðing [er] stofnun sambands milli barns og ættleiðenda sem hefur þau réttaráhrif að litið er á barnið í öllu tilliti svo sem það væri getið af kjörforeldrum“ (snara.is, e.d.). Veita má hjónum leyfi til ættleiðinga sem og öðru hjóna eða einstaklingi í óvígðri sambúð leyfi til að ættleiða barn eða kjörbarn hins aðilans. Þá má einnig veita einhleypum einstaklingi leyfi ef það telst barni ótvírætt til hagsbóta (*Lög um ættleiðingar* nr. 130/1999). Í dag er ættleiðing hugsuð sem verndarúrræði fyrir börn til að gefa þeim kost á að eignast fjölskyldu og stofna til ættartengsla. Þarfir barna hafa því forgang fram yfir þarfir fullorðinna einstaklinga til að eignast börn (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Kjörbarn: Barn, karlkyns eða kvenkyns, sem hefur verið ættleitt (snara.is, e.d.). Mikilvægt er að kjörbarn njóti stuðnings kjörforeldra svo og annarra tengdra aðila svo sem ömmu og afa. Þá er talið æskilegt að kjörbarn sé yngsti einstaklingurinn í fjölskyldunni við sameiningu enda þurfi kjörbarnið gjarnan mikinn stuðning og aðstoð í byrjun og mikilvægt er að hægt sé að veita kjörbarninu næga athygli (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Líffræðilegir foreldrar: Karl og kona sem getið hafa barn og konan síðan fætt það í heiminn (D'Amato, 2010). Ýmsar ástæður geta legið að baki því að foreldrar eða foreldri taki ákvörðun um að gefa barn til ættleiðingar og oft eru þessar ástæður óþekktar (Triseliotis, Feast og Kyle, 2005).

Kjörforeldrar: Kjörforeldri kallast karl eða kona sem ættleiðir barn (snara.is, e.d.). Mikilvægt er að kjörforeldrar geri sér grein fyrir ólíkum bakgrunni verðandi kjörbarns frá því sem þeir þekkja og hafa alist upp við. Þá þurfa kjörforeldrar að vera undir það búnir að ræða opinskátt um fordóma í samfélaginu og kunna að mæta þeim. Þá þurfa kjörforeldrar einnig að vera tilbúnir að mæta ýmsum þörfum kjörbarna sinna þar til börnin komast á fullorðinsár (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Upprunaland: Það land sem barn fæðist í og er ættleitt frá til annars lands. Á Íslandi er algengt að fjölskyldur barna frá sama upprunalandi myndi tengsl og hittist með börn sín. Þá telja margir kjörforeldrar hér á landi mikilvægt að viðhalda tengslum við upprunaland barns/barna sinna og fara með börnin í ferðir til landsins þegar þeir telja þau hafa aldur og þroska til þess (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

2.2 Ættleiðingar

Um frumættleiðingu er að ræða þegar barn er ekki barn eða kjörbarn maka umsækjanda eða sambúðarmaka. Hægt er að sækja um að ættleiða barn erlendis frá eftir að forsamþykki hefur fengist, en það fæst með úttekt félagsráðgjafa (eða annars fagmanns) á vegum barnaverndar sveitarfélags sem mælir með eða á móti ættleiðingu eftir því sem við á, hvort viðkomandi einstaklingar teljist hæfir til að ættleiða barn (*Reglugerð um ættleiðingar* nr. 235/2005). Við ættleiðingu rofna tengsl barns við líffræðilega fjölskyldu og ný tengsl myndast við kjörforeldra og fjölskyldur þeirra. Þarfir barns skulu vera ráðandi þegar ákvörðun um ættleiðingu er tekin og leitast við að tryggja framtíð barnsins hjá þeirri kjörfjölskyldu er ættleiðir það. Mikilvægt er að gera ríkar kröfur til verðandi kjörforeldra og ber stjórnvöldum að tryggja að barn hljóti góðan aðbúnað og fái viðeigandi heilbrigðisþjónustu eftir komuna til landsins (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Félagið Íslensk ættleiðing er eina ættleiðingarfélagið á Íslandi og hefur því eitt milligöngu um ættleiðingar erlendis frá (Íslensk ættleiðing, e.d.-a). Markmið félagsins er að aðstoða þá sem vilja ættleiða börn frá öðrum ríkjum með hagsmuni barna að leiðarljósi (Íslensk ættleiðing, e.d.-b).

Á vefsíðu Hagstofu Íslands er hægt að fá upplýsingar um börn ættleidd erlendis frá á árunum 1990–2015. Alls var 431 barn ættleitt til Íslands á þeim árum (Hagstofa Íslands, e.d.). Á vefsíðu Íslenskrar ættleiðingar kemur fram að frá stofnun félagsins árið 1978 hafi um 600 börn verið ættleidd til landsins með milligöngu þess (Íslensk ættleiðing, e.d.-a). Tafla 1 sýnir hve mörg börn komu frá hverju upprunalandi á árunum 1990–2015.

Tafla 1 – Fjöldi ættleiðinga eftir upprunalöndum

Land/ár	1990–1995	1996–2000	2001–2005	2006–2010	2011–2015
Indland	33	44	50	7	1
Kína	0	0	82	60	40
Kólumbía	6	3	4	4	6
Rúmenía	1	15	2	0	0
Tékkland	0	0	0	1	18
Önnur lönd	12	15	6	11	10
Samtals	52	77	144	83	75

(Hagstofa Íslands, e.d.)

Við ættleiðingu myndast þríhyrningur sem markast af líffræðilegum foreldrum, kjörforeldrum og barninu sem hlut á að máli. Sérhver einstaklingur í slíkum þríhyrningi berst við ólíka hluti og hugsanir um nútíð, framtíð og fortíð (Triseliotis o.fl., 2005). Ættleiðing er ævilöng vegferð sem hefst á missi. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á ættleiðingum, sýna að margvíslegar tilfinningar fylgja því að vera ættleiddur (D’Amato, 2010). Þegar barn er ættleitt erlendis frá hittast einstaklingar frá ólíkum heimum. Við það verða til áskoranir og tækifæri, bæði fyrir börn og kjörforeldra (Liu og Hazler, 2015).

Líffræðilegir foreldrar eru fyrsta hliðin í ættleiðingarþríhyrningnum. Þeir hafa oft lítið sem ekkert val þegar um óvænta þungun er að ræða og verða að gefa börn sín til ættleiðingar vegna þrýstings frá fjölskyldu og/eða samfélaginu (Triseliotis o.fl., 2005). Líffræðilegir foreldrar og þá sérstaklega mæður upplifa iðulega mikla sorg vegna barnsins sem þær urðu að gefa frá sér og skynja mikinn missi (D’Amato, 2010). Ættleiddir einstaklingar hafa bæði jákvæðar og neikvæðar tilfinningar gagnvart líffræðilegum foreldrum sínum. Þær jákvæðu varða tengsl við þá en þær neikvæðu snúast um þá höfnun sem þeir upplifa vegna ættleiðingarinnar (Chen, 2016).

Kjörforeldrar eru önnur hlið þríhyrningsins. Upplifun flestra kjörforeldra er á þá leið að ættleiðingin hafi verið ánægjuleg og gefandi. Kjörforeldrar nefna gjarnan að þeir hefðu viljað eiga betri kost á upplýsingum um líffræðilegan bakgrunn barna sinna til að geta gefið þeim nánari upplýsingar um uppruna sinn þegar þau spyrja og byrja að velta honum fyrir sér (Triseliotis o.fl., 2005). Kjörforeldrar geta hins vegar upplifað að þeir séu að hagnast á missi líffræðilegra foreldra og hafi rænt barni þeirra (D’Amato, 2010).

Barn sem gefið er til ættleiðingar við fæðingu, hefur enga stjórn á þeim ákvörðunum sem eru gerðar á þeim tíma og hefur ekkert um framtíð sína að segja á þeim tíma (Pearson, Reagan og Amanda, 2007). Eftir því sem ættleiddum einstaklingum finnst þeir vera nánari kjörforeldrum sínum því ánægðari eru þeir með ættleiðingu sína. Að sama skapi er sjálfstraust þeirra betra svo og andleg heilsa. Þó að hinir ættleiddu séu mjög sáttir við ættleiðingu sína sýna rannsóknir að um helmingur þeirra finni fyrir missi og höfnun í garð líffræðilegra foreldra. Þessar tilfinningar ýta undir þörf viðkomandi einstaklinga til að leita svara við því af hverju þeir voru ættleiddir (Triseliotis o.fl., 2005). Ekki er óalgengt að ættleiddir einstaklingar velti því fyrir sér hvort einhver geti elskað þá og hvort þeim muni aftur verða hafnað (D'Amato, 2010).

Þegar farið er af stað í rannsóknarvinnu sem tengist ættleiðingum hefst leit rannsakanda að fyrri rannsóknum til að skoða hvað hefur verið kannað og hvar þörf sé á frekari rannsóknum. Svo virðist sem rannsóknir tengdar ættleiðingum gangi í bylgjum. Undanfarin ár hefur verið fátta um útgefnar rannsóknir á því fræðasviði en fyrir aldamótin 2000 var töluvert um rannsóknir sem varða ættleidda einstaklinga og tilveru þeirra. Þetta sést glögg þegar leitarvélars eins og Google Scholar og Proquest.com eru skoðaðar. Í grein Fisher frá árinu 2003 fjallar hann um að þörf sé á fleiri rannsóknum á þessu sviði og hvaða áhrif ættleiðing hefur á einstaklinga til lengri tíma litið. Í því sambandi telur hann mikilvægt að rannsaka fjölbreytileika fjölskyldna. Hvaða áhrif það geti haft á einstakling að alast upp í annars konar samfélagi en hann er fæddur í og síðast ekki síst, hver langtímaáhrif ættleiðinga séu á ættleidda einstaklinga (Fisher, 2003). Sem dæmi um síðari rannsóknir á þessu sviði má nefna rannsókn Pearson og fleiri frá árinu 2007. Þar er einnig vikið að því að rannsóknir á ættleiddum einstaklingum einblíni um of á sömu þættina, þ.e. tengslamyndun og geðræna heilsu ættleiddra á fullorðinsárum (Pearson o.fl., 2007). Árið 2015 kom þó fram rannsókn sem sneri að því hvernig ættleiddum einstaklingum farnist og leit í því sambandi einkum til einstaklinga sem höfðu verið ættleiddir frá Kína. Horft var til tengslamyndunar kjörforeldra og barna þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að það sama á ekki við um öll ættleidd börn. Horfa þarf til þess umhverfis sem þau koma úr þegar kemur að tengslamyndun og aðlögun barnsins að nýrri fjölskyldu. Þá kom einnig í ljós að streita myndaðist innan kjörfjölskyldunnar ef aðlögun og tengslamyndun gekk illa. Í slíkum tilvikum þarf fagfólk að skilja nauðsyn þess að aðstoða kjörforeldra við að ná tökum á streitunni, hjálpa þeim við að ná augnsambandi við börn sín og leiðbeina þeim um það hvernig best sé að halda barninu að sér til að styrkja tengslin. Takist að

aðstoða kjörforeldra og börn við að mynda tengsl hjálpar það barninu til frambúðar þegar kemur að almennum samskiptum (Liu og Hazler, 2015). Rannsóknir sem birtar hafa verið allra síðustu ár hafa þó aðeins verið að breytast og horfa þá frekar til fleiri þátta, til dæmis hvernig ættleiddum farnist þegar þeir verða eldri. Sem dæmi má nefna rannsókn Gauthier, Genesee, Dubois og Kasparian (2013) um samskiptamynstur ættleiddra barna og mæðra vegna tungumálaörðugleika í byrjun svo og áhrif aldurs við ættleiðingu í rannsókn Julian (2013). Rannsókn Gauthier o.fl. (2013) var samanburðarrannsókn á 21 pari mæðra og barna þar sem helmingurinn voru ættleidd börn en annar helmingur börn sem bjuggu hjá líffræðilegri móður. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig mæðurnar töluðu við börn sín og hver málþroski barnanna væri við 15 og 20 mánaða aldur. Flest voru börnin um 15 mánaða þegar rannsóknin hófst. Notaðar voru myndbandsupptökur við rannsóknina til úrvinnslu og greiningar. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa til kynna að kjörmæður skipti verulegu máli þegar kemur að því að efla og viðhalda orðaforða barna sinna. Þær töluðu meira við börn sín og gerðu meira af því að ná athygli þeirra og reyna að halda henni þegar þær töluðu við þau en mæður líffræðilegra barna sinna. Ekki var hægt að meta til fulls hve mikil áhrif á máltöku það hefur að heyra tungumál upprunalands fyrstu mánuði ævinnar. Til þess hefði rannsóknin þurft að ná yfir lengri tíma. Stefnt er að því að gera sambærilega rannsókn hvað varðar kjörfeður og börn þeirra og líffræðilega feður og börn þeirra (Gauthier o.fl., 2013). Í rannsókn Julian (2013) var því gefinn sérstakur gaumur hve mikil áhrif reynsla í frumbersku hefði á einstaklinga til frambúðar. Sérstaklega var horft til barna sem alist höfðu upp á barnaheimilum fram að ættleiðingu. Niðurstöður sýndu að eftir því sem börnin voru eldri við ættleiðingu því meiri líkur voru á lélegum félagslegum þroska og auknum hegðunarörðugleikum. Þessir þættir styrkjast þó eftir því sem tíminn líður og börnin búa lengur með kjörforeldrum sínum og eru gjarnan vart mælanlegir eftir miðstig í grunnskóla. Fyrstu tvö árin í lífi barns og aðbúnaður þeirra á þeim tíma virðast einkum hafa áhrif á framtíðarhorfur. Tíminn eftir það sem börnin voru á barnaheimili virtist síður hafa áhrif (Julian, 2013).

2.3 Íslenskar rannsóknir

Allmargar rannsóknir hafa verið gerðar á undanförunum árum hér á landi á mállefnum sem tengjast ættleiðingum. Flestar ef ekki allar þessar rannsóknir hafa verið birtar á www.skemman.is. Meirihluti þeirra eru rannsóknir sem unnar eru úr svörum kjörforeldra og/eða fagfólks.

Aðeins eina íslenska rannsókn er að finna þar sem tekið er mið af sjónarhorni ættleiddra einstaklinga en það er MA-ritgerð í mannfræði, unnin með eigindlegri aðferð, eftir Guðbjörgu Helgadóttur (2012). Hún snýr að Íslendingum ættleiddum innanlands og eru áherslur hennar á sjálfsmynd og veruleikaheim ættleiddra. Rætt er við uppkomna ættleidda einstaklinga um það hvort ættleiðing þeirra hafi haft áhrif á sjálfsmynd þeirra að eigin mati. Þá er einnig fjallað um það hvenær einstaklingar hafa verið fræddir um ættleiðingu sína, hvort þeir hafi tengsl við líffræðilega foreldra sína og jafnvel samskipti við þá. Í rannsókn Guðbjargar er einnig vikið að þeirri erfðafræðilegu óvissu sem þessum einstaklingum er búin við það að þekkja ekki bakgrunn sinn (Guðbjörg Helgadóttir, 2012). Þessi þáttur gæti verið sameiginlegur rannsókn Guðbjargar og þeirri sem hér er kynnt.

Í bók Sigrúnar Maríu Kristinsdóttur, *Óskabörn*, er rætt við uppkomna ættleidda einstaklinga og þeim gefinn kostur á að lýsa reynslu sinni í stuttu máli. Ekki er um eiginlega akademíska rannsókn að ræða en sjónarhorni hópsins sem hér um ræðir komið á framfæri (Sigrún María Kristinsdóttir, 2009).

BA-ritgerð í sálfræði eftir Björgu Sigríði Hermannsdóttur og Lindu Björk Oddsdóttur (2006) fjallar um það hvernig ættleiddum börnum farnast á Íslandi. Sú rannsókn er meginleg spurningakönnun sem foreldrar barna á aldrinum eins árs til átján ára voru beðnir um að svara. Tilgangur rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um heilsu og líðan barna sem ættleidd eru til Íslands frá öðrum ríkjum. Þá voru aðstæður barna fyrir komuna til landsins kannaðar. Rannsókn Bjargar og Lindu tekur mið af sjónarhorni kjörforeldra um líðan og heilsu kjörbarna sinna og mat þeirra á því hvernig börnum þeirra hefur farnast en leiðir hjá sér sjónarhorn hinna ættleiddu einstaklinga (Björg Sigríður Hermannsdóttir og Linda Björg Oddsdóttir, 2006).

Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (2010) stýra langtímarannsókn sem hófst árið 2005. Viðtöl eru tekin á um það bil tveggja ára fresti við foreldra 20 ættleiddra barna sem fædd eru á árunum 2002 og 2004. Megintilgangur rannsóknarinnar er að skilja reynslu foreldra af því að ættleiða börn frá öðrum ríkjum. Einnig er kannað hvernig börnunum gengur að aðlagast íslensku samfélagi. Ætlunin er síðar meir að ræða einnig við hina ættleiddu einstaklinga sjálfa. Í þeim hluta rannsóknarinnar sem kynntur var árið 2010 voru einnig tekin viðtöl við leikskólakennara sem sinnt höfðu börnunum. Flest höfðu þau góðan þroska, vitrænan og félagslegan. Flest þeirra voru með fullan málþroska, einstaka barn þó seinkaðan, en flest barnanna voru um það bil árgömul þegar að þau heyrðu íslensku fyrst. Flest barnanna

þurftu lengri aðlögunartíma við upphaf leikskólagöngu en gengur og gerist. Einnig kom fram að sum barnanna veltu fyrir sér litarhætti sínum og að hann væri öðruvísi en hinna barnanna (Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010).

Leikskólakennararnir töldu að börnunum myndi farnast vel í grunnskóla og töldu foreldrar að börnin væru ágætlega búin undir grunnskólagöngu. Áhyggjurnar beindust einkum að því að börnin yrðu fyrir aðkasti vegna litarháttar síns. Enn hafa niðurstöður rannsóknarinnar ekki sýnt hvernig börnin líta á sig sjálf. Þau virðast þó félagslega sterk og örugg og eiga bjarta framtíð fram undan (Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir, 2010).

Við ættleiðingu opnast kjörforeldrum nýr heimur þekkingar sem snertir upprunaland barns þeirra svo og ýmis fróðleikur er tengist ættleiðingum og hvað það þýðir að eignast ættleitt barn. Rannsókn Jórunnar Elíadóttur (2013) var framkvæmd með það að markmiði að auka þekkingu um ættleidd börn og málefni þeirra. Rannsóknin leiðir í ljós skoðanir og reynslu þeirra foreldra sem tóku þátt í henni. Í rannsókn Jórunnar líkt og fleiri rannsóknum, sem fjallað hefur verið um, er vikið að mikilvægi þess að foreldrar þekki til menningar og fleiri þátta í upprunalandi barns síns og geti ræktað tengsl barnsins við landið óski það þess. Einnig kemur fram að þörf fyrir vitneskju um ættleiðingu sé mismikil eftir því hverjir eigi í hlut og að mikilvægt sé að foreldrar séu vel undirbúnir áður en ættleiðing fer fram. Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna að kjörforeldrar töldu mikilvægt að ræða ættleiðinguna við börn sín og að mikilvægt væri fyrir börnin að þekkja ættleiðingarsögu sína. Þá kom einnig fram að flestum þótti mikilvægt að halda tengslum við önnur ættleidd börn, sérstaklega þau sem komu til Íslands á sama tíma. Vísbendingar eru í þá veru að sé tengslum haldið við upprunaland og rætt um ættleiðingu á jákvæðan hátt móti það jákvæða sjálfsmynd hinna ættleiddu (Jórunn Elíadóttir, 2013).

2.4 Kenningar

Algennt er að kynna tengslakenningar Bowlbys þegar málefni ættleiddra einstaklinga eru rædd og rannsökuð. Fleiri kenningar koma til greina svo sem lífsskeiðakenningar Eriks Erikson. Áhugavert getur einnig verið að skoða sjálfsmyndarkenningar (e. *self-identity theory*) með áður nefndum kenningum. Ýmislegt getur haft áhrif á sjálfsmynd ættleiddra einstaklinga á lífsskeiðinu umfram það sem aðrir einstaklingar ganga í gegnum.

Rannsóknir Bowlbys sýndu að börn tengdust fyrsta umönnunaraðila sínum sterkum böndum og í flestum tilvikum voru það mæður barnanna sem þau mynduðu tengsl við. Bowlby komst einnig að því að framtengsl barna eru viðkvæm fyrsta aldursár þeirra. Það getur því haft veruleg áhrif á barn missi það af þessum tengslum eða ef þau rofna á fyrstu 12 mánuðum ævinnar (Bowlby, 1982). Sjá má nokkuð skýr merki þess að áföll sem börn verða fyrir á fyrsta aldursári hafi áhrif alla ævi. Áföll geta valdið ungbörnum streitu og orðið til þess að barnið sækist síður eftir félagslegum þáttum, sérstaklega ef mæður eru ekki til staðar til að sinna þeim. Áhrifa af áfalli ungbarna getur gætt fram eftir aldri (Montirossi, Tronick, Morandi, Ciceri og Borgatti, 2013).

Að mati Niemann og Weiss (2011) skiptir umönnun móður miklu máli og ef barn fer á mis við hana getur það orðið til þess að það eigi erfitt með að mynda tengsl við nýja umönnunaraðila, til dæmis kjörforeldra (Niemann og Weiss, 2011). Þegar kjörforeldrar ættleiða börn sín hafa börnin engar forsendur til að treysta þeim. Sú fyrirmynd sem börnin hafa haft hefur einfaldlega ekki gefið þeim tilefni til að sýna slíkt traust. Kjörforeldrar vilja umfram allt sýna barni sínu ást og umhyggju. Barnið er hins vegar ekki endilega tilbúið til að taka við þeim tilfinningum þar sem það þekkir ekki hvað slíkt er. Barnið hefur lært að komast af með það litla sem í boði hefur verið og getur því átt erfitt með að höndla þá nýtilkomnu athygli og umhyggju sem það á allt í einu kost á (Wimmer, Vonk og Reeves, 2010). Rannsókn Niemann og Weiss (2011) bendir til þess að börn séu lengur að mynda tengsl í annað eða þriðja sinn en í fyrsta sinn. Þá skiptir aðbúnaður barna fyrir ættleiðingu einnig máli fyrir nýja tengslamyndun. Hafi barn fengið litla sem enga athygli fyrir ættleiðingu, sækir það síður í athygli og umönnun frá kjörforeldrum. Þetta á sérstaklega við um börn sem hafa dvalið á barnaheimilum fyrsta skeið ævinnar (Niemann og Weiss, 2011).

Í rannsókn Van Den Drier, Juffer, Van Injzendoom, Bakermans-Kranenburg og Alink (2012) kemur fram að börn sem eiga erfitt með að tengjast foreldrum sínum eiga það til að gefa sig um of að öðrum, jafnvel ókunnugum aðilum. Þau eru óttalaus og sækjast í raun í alla þá athygli sem í boði er. Þar kemur einnig fram að börn, sem eru í umsjón fósturforeldra fyrir ættleiðingu, eru í flestum tilvikum hæfari til að mynda tengsl við kjörforeldra sína en þau börn sem dvalið hafa á barnaheimilum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að ættleidd börn sýndu kjörforeldrum verulega aukna athygli eftir einn mánuð í þeirra umsjá en minni aukning sást eftir sex mánuði. Börn sem höfðu verið hjá fósturforeldrum fyrir ættleiðingu náðu mun betri

tengslum við kjörforeldra sína þessa fyrstu sex mánuði en þau börn sem höfðu dvalið á barnaheimilum (Van Den Drier o.fl., 2012).

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið á tengslum ættleiddra einstaklinga hafa snúist um tengsl móður og barns. Í rannsókn Grant-Marsney, Grotevant og Sayer (2015) voru tengsl barns bæði við kjörmóður og kjörföður sérstaklega skoðuð til að kanna hvort breytingar á tengslum við kjörforeldra yrðu á unglingsárum. Þó að unglingar gangi í gegnum ýmis tímamót á þessu skeiði ævinnar virðast tengslin við foreldrana haldast að mestu óbreytt. Hafi tengsl tekist vel á meðan viðkomandi voru börn, gengur þeim síðar yfirleitt vel að tengjast vinum og eiga í ástarsamböndum. Þetta nærast á þeirri vinnu sem fór fram í tengslamyndun við kjörforeldra við upphaf vega. Að þessu sögðu er rétt að árétta að óhjákvæmilega reynir á tengsl foreldra og unglings þegar einstaklingurinn er að móta sjálfsmynd sína, staðsetja sig í umhverfinu og leita að auknu sjálfstæði. Þeir sem hafa átt erfitt með að tengjast kjörforeldrum sínum lenda gjarnan í vandræðum við að tengjast maka og að eiga í nánnum samböndum. Það er af ótta við höfnun (Grant-Marsney o.fl., 2015).

Samkvæmt lífsskeiðakenningum Eriks Erikson ganga einstaklingar í gegnum tiltekin þroskaferli alla ævi. Hvert þroskaskref hefur áhrif á það næsta og mótar einstaklinginn til frambúðar. Á fyrsta aldursári er lagður grunnur að trausti einstaklinga og sé það traust brotið getur það haft áhrif á tengslamyndun. Slíkt brot á trausti getur haft áhrif á ættleidda einstaklinga til frambúðar en tengsl við fyrsta umönnunaraðila rofna við ættleiðingu (Erik Erikson, 1968). Þegar barn verður fyrir áfalli, þrátt fyrir að vera mjög ungt, getur það orðið til þess að það glati grunnkunnáttu sinni. Þar er átt við þætti á borð við að nota klósett, borða sjálf og leita aftur eftir snuði eða annarri huggun eftir að hafa verið hætt slíku. Traust barnanna til umönnunaraðila hefur verið brotið og því þarf að byggja það upp að nýju. Nái börn góðum tengslum við kjörforeldra sína aukast líkur á þau geti unnið vel úr áföllum sem þau kunna að verða fyrir síðar á lífsleiðinni (DeYoung, Kenardy og Cobham, 2011).

Í rannsókn Mare og Audet (2011) er rætt við fullorðna einstaklinga sem ættleiddir voru frá Rúmeníu til Kanada í æsku. Fjallaði rannsókn þeirra um það hvaða tilfinningar viðmælendur hefðu til ættleiðingar sinnar. Hvernig þeim fannst að ræða ættleiðingu sína við kjörforeldrana og hvaða tilfinningar hinir ættleiddu báru til líffræðilegra foreldra sinna. Niðurstöður þeirra benda til þess að þeir einstaklingar sem áttu í opnum og jákvæðum samskiptum við kjörforeldra sína varðandi ættleiðinguna, höfðu meira sjálfssálit og herra sjálfsmat en aðrir í

svipaðri stöðu. Þá voru þeir jákvæðari út í ættleiðingu sína almennt. Einnig kom fram að stúlkur væru líklegri til að leita uppruna síns en piltar, en ekki var munur á kynjunum þegar kom að því að ræða við kjörforeldra um ættleiðinguna. Þátttakendur höfðu frekar jákvæðar tilfinningar en neikvæðar í garð líffræðilegra foreldra sinna þegar spurt var um það atriði. Því jákvæðari sem kjörforeldrar voru um ættleiðingu barna sinna og tilbúnir að ræða hana við þau, þeim mun jákvæðari voru börnin gagnvart því að hafa verið ættleidd og gagnvart líffræðilegum foreldrum sínum og uppruna (Mare og Audet, 2011).

Segja má að sjálfsmyndarkenningin (e. *self-identity theory*) sé að einhverju leyti sprottin af lífsskeiðakenningum Eriks Erikson. Hann skipti lífsskeiðunum upp í átta stig sem öll hafa áhrif á þá sjálfsmynd sem einstaklingar hafa á fullorðinsárum. Það sem gerist í bernsku hefur áhrif þegar manneskjan verður fullorðin. Tveir þættir hafa lykiláhrif á sjálfsmynd einstaklinga, könnun (e. *exploration*) og skuldbinding (e. *commitment*). Könnun snýst um það að endurhugsa hluti, greina í sundur þætti og prófa ýmis hlutverk í lífinu. Skuldbinding felst í því að fjárfesta í sjálfum sér og trú á sjálfan sig (Kroger og Marcia, 2011).

Sjálfsmynd flestra mótast af sögu þeirra og menningararfi. Þegar einstaklingar verða unglingar fer sjálfsmynd þeirra að þróast og breytast í takt við það sem þeir þekkja og kunna. Hluti af þessari þekkingu er til komin vegna þeirra sagna sem viðkomandi hefur fengið frá samferðafólki sínu en varðar ekki endilega eigin upplifun (Grotevant og Korff, 2011). Þegar fjölskyldumeðlimir finna að þeir tilheyra hver öðrum ná þeir að skilgreina sig innan fjölskyldunnar og móta sig sem einstaklingar í þeim tiltekna hópi. Fjölskyldan öll skilgreinir sig svo gagnvart samfélaginu sem hún býr í (Scabini og Manzi, 2011). Þegar um ættleiðingar á milli landa er að ræða, vantar gjarnan inn í lífssögu viðkomandi menningu, arfleifð, hvers vegna viðkomandi var gefinn til ættleiðingar, heilsufarsupplýsingar og margt fleira. Skortur á þessum upplýsingum verður til þess að ættleiddir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með að móta sjálfsmynd sína og fara að leita svara til að ná að fullmóta hana. Á unglingsárum endurmeta einstaklingar samband sitt við foreldra sína. Þeir leita að eigin sjálfstæði og treysta meira á vinina en fjölskylduna. Um leið er algengt að ákveðið uppgjör verði sem tengist ættleiðingu viðkomandi. Annaðhvort eykst þörfin fyrir meiri vitneskju eða viðkomandi nær sáttum við ættleiðingu sína. Að vera ættleiddur er staða sem einstaklingar hljóta án þess að hafa neitt um hana að segja. Þessa stöðu hafa ættleiddir alla sína ævi. Samfélagið býr til þessa stöðu og hún hefur áhrif á mótun sjálfsmyndar viðkomandi. Þessi samfélagsstaða vekur spurningar um eigið

sjálf viðkomandi manneskju og hvaða þýðingu og áhrif hún hefur fyrir hana (Grotevant og Korff, 2011).

Það er algengt þegar einstaklingur situr í hópi að hann verði sér sérstaklega meðvitaður um sjálfan sig. Ekki síst ef honum finnst hann skera sig úr. Það hvernig aðrir bregðast við getur haft mikil áhrif á sjálfsmynd og sjálfsmat viðkomandi manneskju. Þá fer hún gjarnan að meta sjálfa sig með augum annarra. Einstaklingar verða sér oft mjög meðvitaðir og varir um sig innan um aðra ef þeir eru með lágt sjálfsmat. Þetta verður oft til þess að viðkomandi einstaklingar draga sig í hlé og forðast umgengni við aðra (Carver, 2012). Oft kemur fyrir að einstaklingur stilli sér upp við eða beri sig saman við þá einstaklinga sem þeir vilja vera eða telja sig eiga að vera (Baumeister og Vohs, 2012). Þegar ættleiddur einstaklingur á í vandræðum með eigið sjálf, hvernig hann eigi að staðsetja sig í samfélaginu sem einstaklingur, er það í flestum tilfellum vegna þess að hann skortir upplýsingar um uppruna sinn (Grotevant og Korff, 2011).

Í nútímanum er ekki eins algengt og áður að menn búi á sama stað alla ævi. Flutningur á nýjan stað gerir einstaklingum kleift að endurmeta hvernig þeir meta eigið sjálf. Þessi aukni hreyfanleiki getur líka orðið til þess að fólk flytur sig í annað samfélag þar sem því finnst það frekar eiga heima (Baumeister og Vohs, 2012).

2.5 Reynolds tengd ættleiðingu

Rannsóknir hafa sýnt að ættleiddir einstaklingar upplifa ýmsar tilfinningar og eiga sér margs konar reynslu sem beinlínis tengjast ættleiðingu þeirra. Í eftirfarandi köflum verða kynntir helstu þættir sem komið hafa fram í fyrri rannsóknum sem gerðar hafa verið á reynslu ættleiddra einstaklinga.

Fram kemur í rannsókn Borders o.fl. (2000) að mikilvægt sé að rannsaka nánar upplifun ættleiddra einstaklinga frá þeirra eigin sjónarhorni. Ættleiddir einstaklingar takist á við það sem lífið býður upp á, meðvitaðir um að þeir seu ættleiddir. Ákveðin stimplun er hluti af lífi þeirra, að vera ættleiddur. Ýmsir atburðir í lífi ættleiddra eru taldir hafa áhrif á þá á annan hátt en gerist og gengur.

2.5.1 Sorg, höfnun, reiði og þakklæti

Ýmsir þættir geta haft áhrif á þá sem ættleiddir hafa verið og ýft upp sorg eða fengið þá til að sakna líffræðilegra foreldra umfram annað sem gerist í lífi þeirra. Að flytja að heiman, skuldbinda sig í hjónaband, eignast eigin börn, missir ástvinar eða fóstureyðing, allt er þetta

meðal þátta sem kunna að hafa sterk áhrif. Þá getur barnleysi einnig vegið þungt þegar kemur að sorg og söknuði vegna líffræðilegra foreldra. Ættleiddir einstaklingar sem glíma við barnleysi, hafa oft löngun til að sýna fram að geta gert betur en þeirra eigin líffræðilegu foreldrar. Þá veldur löngun í líffræðileg tengsl oft djúpstæðri sorg ef ættleiddur einstaklingur verður fyrir því að missa fóstur eða ef viðkomandi eignast andvana fætt barn (Wolfs, 2015).

Missir vegna ættleiðingar getur oft verið óljós og leitt af sér margvíslegar spurningar. Þar sem fólki reynist of erfitt að koma þessum tilfinningum í orð, ber það byrðar sínar í hljóði og treystir sér illa til að ræða eigin tilfinningar við aðra. Þá syrgja ættleiddir einnig þá menningu og arfleifð sem þeim hlotnaðist við fæðingu en voru sviptir við ættleiðinguna. Mæti ættleiddur einstaklingur ekki skilningi vegna sorgar sinnar sem tengist ættleiðingunni, er mikil hætta á að það leiði til lægra sjálfs mats (Singer og Krebs, 2008). Því er mikilvægt að kjörforeldrar viðurkenni þann missi sem börn þeirra hafa orðið fyrir við ættleiðingu sína. Sorgin er tengd því að missa líffræðilega foreldra sína en hún getur einnig snúist um það að hafa misst umönnunaraðila fyrir ættleiðingu, til dæmis fósturforeldra eða aðila af barnaheimili. Skilningur á missi barns svo og örugg tengsl við kjörforeldra hjálpa barninu að byggja upp jákvætt og sterkt sjálfs mat (Roberson, 2006).

Höfnunartilfinning ættleiddra einstaklinga er gjarnan til komin vegna þess að þeim finnst líffræðilegir foreldrar þeirra hafa hafnað þeim og valið að gefa barn sitt til ættleiðingar. Vangaveltur um það hvað varð til þess að foreldrar höfnuðu þeim geta leitt til lægra sjálfs mats og skammar (Pearson o.fl., 2007). Það er ekki óalgengt að ættleiddir einstaklingar telji sig sjálfa vera ástæðu þess að þeir voru gefnir til ættleiðingar. Þeir telja gjarnan að þeir hafi ekki verið þess verðugir að vera börn foreldra sinna. En hvað gerðu þeir sem ungbörn sem gæti valdið því að vera þess ekki verðugir er spurningin sem eftir situr. Af þeim sökum er algengt að ættleiddir ögri á þann hátt að ætla megi að kjörforeldrar þeirra hafni þeim líka. Þetta gera þeir til að sanna að ástæðan fyrir því að þeir voru ættleiddir sé í raun sú að þeir voru ekki nógu góðir fyrir líffræðilega foreldra sína. Mikilvægt er að viðurkenna þessar tilfinningar ættleiddra. En jafnframt þarf að útskýra fyrir þeim eftir bestu getu þær aðstæður sem líffræðilegir foreldrar þeirra kynnu að hafa verið í þegar þeir tóku sína ákvörðun. Þá er einnig mikilvægt að útskýra hvað það þýðir að vera ættleiddur. Að um lögformlegan gjörning sé að ræða og að ekki sé hægt að haggja þeirri ákvörðun á einn eða neinn hátt því að kjörforeldrarnir séu komnir til að vera. Þá þarf að útskýra fyrir börnunum að þó að kjörforeldrarnir reiðist þeim þá elski þeir

börnin engu að síður og muni ekki hafna þeim. Hinn ættleiddi þarf að finna að hann sé einn af fjölskyldunni. Það er hægt að gera með því að benda á þau líkindi sem eru með honum og öðrum í fjölskyldunni. Einnig með því að halda upp á þann dag þegar fjölskyldan sameinaðist, að því fylgi gleði og ánægja sem beri að fagna. Þá er oft mikill stuðningur að því ef sá ættleiddi fær að umgangast aðra í sömu stöðu (Smit, 2002).

Sú reiði sem ættleiddir finna oft til getur verið sprottin af sorginni sem þeir glíma við vegna ættleiðingar sinnar. Ef fólk nær ekki að vinna úr sorg sinni eða fær ekki að ræða hana byggist oft upp reiði þar sem það finnur ekki annan farveg fyrir sorgina. Mikilvægt er að veita ættleiddum einstaklingum svigrúm til að koma reiðinni í jákvæðan farveg til að forða því að hún hlaðist upp (Di Ciacco, 2008). Reiði getur fylgt sársauki og það fólk sem glímur við reiði veigrar sér oft við að leita sér aðstoðar. Því er mikilvægt að vera vakandi yfir því hvort ættleiddur einstaklingur sýni merki um reiði og aðstoða hann þá við að ræða reiðina og hvað veldur henni (Wolfs, 2015). Sú hugsun er áleitin í menningu okkar að ættleiddir einstaklingar eigi að finna til þakklætis fyrir að hafa verið gefnir til ættleiðingar og eignast nýja foreldra í stað þess að alast upp í fátækt hjá einstæðu foreldri. Einstaklingarnir eiga að finna til þakklætis fyrir að hafa fengið betri tækifæri í lífinu en annars hefði verið (Walton, 2012). Einnig fá ættleiddir oft að heyra ef að kjörforeldrar þeirra hefðu ekki komið til bjargar, væru þeir á götunni í upprunalandi sínu eða löngu látnir (Baden, 2016).

Þegar fólk segir við ættleiddan einstakling að hann eigi að vera þakklátur fyrir ættleiðingu sína og kjörforeldrana, er í raun verið að segja að viðkomandi eigi að vera þakklátur fyrir missi sinn. Margir ættleiddir einstaklingar ganga í gegnum sorg vegna ættleiðingar sinnar og því eru þetta andstæður sem getur verið erfitt að skilja, sérstaklega fyrir fólk á unga aldri (Baden, 2016; Smit, 2002).

2.5.2 Stimplun

Ættleiddir einstaklingar eru með ákveðna stöðu innan þess samfélags sem þeir alast upp í. Þeir eru samþykktir sem fullgildir meðlimir samfélagsins en þurfa að svara fyrir uppruna sinn (Chen, 2016). Það er til fólk sem lítur svo á að blóðbönd þurfi til þegar einstaklingar mynda fjölskyldu. Aðrir telja ættleiðingu jafngilda slíkum blóðböndum enda er ættleiðing löggjörningur sem bindur saman fjölskyldur. Viðhorf þeirra, sem líta svo á að fjölskylda sem verður til vegna ættleiðingar sé ekki „alvöru“ fjölskylda, getur orðið til þess að ættleiddar manneskjur finna til

varnarleysis. Þetta getur einnig leitt til þess að þeim finnist þær öðruvísi annað fólk og hafi gert eitthvað rangt (Wegar, 2000). Síðustu ár hafa ættleiddir einstaklingar víða um lönd einnig þurft að svara fyrir þá stöðu að vera hvorki heimafólk né innflytjendur eða flóttafólk. Ættleiddir telja sig tilheyra því landi sem þeir eru ættleiddir til en þurfa samt að staðfesta það að þeir séu í raun fullgildir meðlimir þess samfélags sem þeir búa í, með ríkisborgararétt og með tungumál viðkomandi þjóðar að móðurmáli. Þetta er viðbót við þær spurningar sem viðkomandi fær varðandi ættleiðingu sína og þarf að glíma við lengst af ævinnar til að sætta sig við og byggja upp sjálfsmynd sína. Sumir ættleiddir einstaklingar taka uppruna sinn með í myndina þegar þeir velja sér vini eða maka (Chen, 2016).

Til að vinna á móti þeirri stimplun sem ættleiddir finna fyrir reyna þeir gjarnan að aðlagast samfélagi foreldranna sem ættleiddi þá eins vel og þeir geta. Á móti kemur að samfélög ætlast oft til ákveðinna hluta af ættleiddu fólki. Algengt er að það þyki sjálfsagt að ættleiddir einstaklingar fari og leiti líffræðilegra foreldra sinna. Hafi viðkomandi ekki löngun til að leita róta sinna eða uppruna þurfa þeir að svara fyrir af hverju svo sé. Samfélagið sem ættleiddi einstaklingurinn elst upp í, sendir stöðugt hin og þessi skilaboð til þeirra ættleiddu. Oft eru það spurningar og vangaveltur varðandi uppruna viðkomandi, kvikmyndir sem fjalla um munaðarlausu einstaklinga og ýmislegt annað. Skilaboðin sem viðkomandi manneskjur fá geta verið jákvæð, neikvæð, dæmandi eða móðgandi, allt eftir því hvernig þau eru sett fram (Baden, 2016). Stuðningur frá kjörforeldrum er ættleiddum einstaklingum því afar mikilvægur þegar þeir mæta þessum skilaboðum samfélagsins. Þetta á ekki síst við þegar unglingsárin taka við og unga fólk er óðum að móta sjálfsmynd sína og máta sig við samfélagið sem það býr í (Chen, 2012).

2.5.3 Menntun og námsörðugleikar

Samkvæmt finnskri rannsókn frá árinu 2012 urðu um 20% ættleiddra barna erlendis frá fyrir einelti. Þegar rannsóknin var gerð voru börnin á aldrinum 9–15 ára. Einstaklingur er sagður verða fyrir einelti ef hann verður ítrekað fyrir áreiti frá öðrum sem hann telur sig ekki geta varið sig gegn. Einelti getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þann sem fyrir því verður. Til að mynda geta einstaklingar einangrast, þjáðst af kvíða eða hugsunum um sjálfsvíg og þurft að stríða við örðugleika í námi. Einstaklingar sem eru félagslega sterkir lenda síður í einelti en félagslega veikir. Ættleiddir einstaklingar eru oft ofarlega í samfélaginu með meðvitaða og virka foreldra að bakhjarli. Þrátt fyrir það lenda ættleiddir einstaklingar í einelti ef þeir skera

sig úr hópnum hvað útlit snertir. Það að viðkomandi líti öðruvísi út en fjöldinn gerir það að verkum að aðrir leyfa sér að níðast á honum. Að auki bætist við að sá ættleiddi kann að vera tífningalega viðkvæmari vegna ættleiðingar sinnar og eiga því oft erfitt með að taka stríðni, og það finna gerendur. Rannsóknin sýndi að þau börn sem höfðu átt erfitt með að tengjast kjörforeldrum sínum áttu frekar við námsörðugleika að stríða og lentu oftar í einelti en önnur börn. Þá áttu þessi sömu börn í erfiðleikum með félagsleg tengsl (Raaska o.fl., 2012). Til samanburðar er áhugavert að skoða rannsókn Alex-Hart, Okagua og Opara (2015) sem gerð var á milli nokkurra landa um almennt einelti í skólum. Þar kemur fram að tíðni eineltis er mismunandi á milli landa, en allt frá 9% til rúmlega 50% nemenda á aldrinum 12–24 ára tilkynntu um einelti í skóla. Eineltið virðist vera mest í aldurshópnum 12–20 ára en fara minnkandi eftir það. Þá sögðust margir aðeins hafa lent einu sinni í því að hafa verið lagðir í einelti á rannsóknartímabilinu og því er eineltið misalvarlegt. Stríðni og að vera slegin utan undir voru algengustu aðferðirnar sem beitt var. Ekki var í þessu sambandi vikið að aðstæðum á heimili en í ljós kom að þeir sem áttu traustan vin í bekknum sínum lentu síður í einelti en þeir sem stóðu einir (Alex-Hart o.fl., 2015).

Ættleidd börn geta átt í málörðugleikum sem geta valdið námsörðugleikum í skóla. Málörðugleikar geta stafað af rofnum tengslum við upprunann en einnig þegar mikill hljóðfræðilegur munur er á tungumálum upprunalandsins og heimalandsins. Ef börn eiga í námsörðugleikum strax í upphafi náms getur það leitt til kvíða gagnvart náminu (Beverly, McGuinness og Blanton, 2008). Kvíði er gjarnan skilgreindur sem ótti eða áhyggjur og getur orsakast bæði af erfðafræðilegum þáttum og umhverfisþáttum. Kvíði er mjög einstaklingsbundinn og þeir sem eru verst haldnir af honum kunna að greinast með kvíðaröskun. Sú greining er þó yfirleitt ekki fyrir hendi fyrr en á fullorðinsárum. Kvíði skiptist í nokkrar ólíkar gerðir og getur verið misalvarlegur. Ein tegund kvíða er prófkvíði eða frammistöðukvíði (Gregory og Eley, 2007). Flestir finna fyrir streitu eða ógn þegar kemur að því að taka próf. Það þykir eðlilegt. Fyrir þá sem þjást af prófkvíða verður streitan að kvíða og viðkomandi nær ekki að einbeita sér, hvorki við lærdóminn eða próftökuna (Orri Smárason, 2006). Rannsóknir hafa ekki getað sýnt fram á að ákveðnir þættir í erfðum og umhverfi orsaki kvíða, en prófkvíði getur tengst því hvernig viðkomandi hefur gengið í prófum og hvaða kröfur og væntingar viðkomandi gerir til sjálfs sín (Gregory og Eley, 2007; Orri Smárason, 2006).

2.5.4 Að leita upprunans

Um 1985 héldu rannsakendur því fram að þeir, sem leituðu uppruna síns og þá einkum líffræðilegra foreldra sinna, gerðu það vegna þess að þeir væru ósáttir við ættleiðingu sína. Nýrri rannsóknir hafa hins vegar sýnt að svo er alls ekki. Þessar sömu rannsóknir sýna að þeir sem hefja leit eru yfirleitt vel tengdir kjörforeldrum sínum. Það er mjög misjafnt hversu mikla hvöt ættleiddir einstaklingar finna hjá sér til að leita uppruna síns. Þörf fyrir upprunaleit virðist að miklu leyti til komin vegna þess að einstaklingar eru að reyna að móta sjálfsmynd sína og skortir svör til að ljúka þeirri vinnu. Hjá ættleiddum einstaklingum bætist síðan við sú þörf að skilgreina sjálfsmynd sína út frá þeirri stöðu að vera ættleiddir (Godon, Green og Ramsey, 2014; Kohler, Grotevant og McRoy, 2010).

Í rannsókn Juffer og Tieman (2009), þar sem börn ættleidd til Hollands frá Kína og Indlandi tóku þátt, kom í ljós að strax við sex ára aldur gerðu þau sér grein fyrir því að þau væru öðruvísi í útliti en flestir í samfélagi þeirra. Mörg barnanna höfðu óskað sér þess að vera hvít en ekki asísk í útliti. Flest höfðu börnin líka áhuga á ættleiðingu sinni og vitneskju um uppruna sinn. Áhuginn birtist einkum í því að börnin vildu fá að skoða myndir og aðrar minningar frá því að kjörforeldrar þeirra sóttu þau til upprunalandsins. Þá kom einnig í ljós að stúlkur höfðu meiri áhuga á upprunaupplýsingum en drengir og að mæður voru líklegri til að sinna þessum þörfum en feður (Juffer og Tieman, 2009). Þörf fyrir upprunaleit getur komið upp hvenær sem er á lífsleiðinni en algengt er að augin þörf fyrir vitneskju um uppruna byrji á milli tvítugs og þrítugs. Þörfin fyrir frekari vitneskju um uppruna tengist oft tímamótum í lífi hinna ættleiddu (Kohler o.fl., 2010). Munur getur einnig verið á ættleiddum systkinum, hversu mikinn áhuga þau hafa á uppruna sínum. Þættir sem geta haft áhrif á þennan áhuga eru almenn forvitni viðkomandi, mismunandi persónugerð og upplifun fyrir ættleiðingu (Beckett o.fl., 2008).

Það er algengt að ættleiddir einstaklingar þurfi að svara mjög nærgöngulum spurningum um sig og uppruna sinn. Ókunnugt fólk spyr gjarnan út í líffræðilega foreldra og vitneskju um þá, aldur við ættleiðingu og ýmislegt fleira tengt ættleiðingu viðkomandi. Það sem ættleiddum finnst erfiðast við slíkar spurningar er að þeir fara að hugsa um líffræðilega foreldra sína án þess að hafa endilega ætlað sér það. Sumir finna fyrir þrýstingi vegna þessara spurninga í þá átt að verða að leita að uppruna sínum (VanderMolen, 2006). Samkvæmt rannsókn Kohler o.fl (2010) hafa rannsóknir ekki sýnt að upprunaleit snúist um að finna „betri foreldra“. Þó ala ættleiddir einstaklingar oft með sér drauma og vangaveltur um það hvernig lífið væri með

líffræðilegum foreldrum (Kohler o.fl., 2010). Í rannsókn Beckett o.fl. (2008) kemur fram að ættleiddum einstaklingum finnst oft erfitt að hefja máls á löngun sinni í meiri vitneskju um uppruna sinn við kjörforeldra sína. Þetta stafar af því að þeir eru hræddir við að særa tilfinningar þeirra. Í rannsókninni kemur einnig fram að foreldrum fannst mun minna mál að ræða ættleiðinguna við börn sín en börnunum við foreldra sína. Í sumum tilvikum fannst hinum ættleiddu auðveldara að ræða ættleiðinguna ef þau áttu önnur ættleidd systkini. Í sömu rannsókn kemur fram að þátttakendur virtust hafa meira sjálfsálit ef þeir töldu auðvelt að ræða ættleiðingu sína við kjörforeldrana. Það að foreldrar töldu sig eiga auðveldara með að tala um ættleiðinguna við börn sín en börn við foreldrana gefur ákveðnar vísbendingar. Sem dæmi má nefna að foreldrarnir eru ekki að ræða þau mál sem börnin vildu helst ræða. Þá virðist aldur barna við ættleiðingu þeirra einnig hafa áhrif. Eldri börn með fleiri minningar eiga erfiðara með að spyrja spurninga en þau sem yngri eru og eru um leið forvitnari um uppruna sinn í flestum tilfellum (Beckett o.fl., 2008).

2.5.5 Að alast upp í menningu sem er ólík upprunanum

Um fjögurra til fimm ára aldur er algengt að börn fari að gera sér grein fyrir að þau líti öðruvísi út en hinir í fjölskyldunni. Þá byrja vangaveltur um það hvaðan þau komi og hvernig hlutunum sé háttað í upprunalandinu. Kjörforeldrar reyna oft að halda í tengsl við upprunaland barnsins með því að kynna fyrir því ýmsa menningu þess, svo sem tónlist, dans og mat (Baden, Treweeke og Ahluwalia, 2012). Fáir ættleiddir einstaklingar verða uppteknir af því að halda í siði upprunalands síns þegar þeir komast á fullorðinsár. Rannsóknir sýna að um tveir þriðju einstaklinga samsama sig þeirri menningu og þeim hefðum og siðum sem þeir alast upp við. Við ákveðna áfanga í lífinu sem hafa verulegar breytingar í för með sér, líkt og að byrja í framhaldsskóla eða ljúka námi, kemur fyrir að ættleiddir einstaklingar finni fyrir þörf til að máta sig við menningu upprunalands síns. Ættleiddum finnst þeir stundum vera í sjálfheldu vegna menningarmunar í heimalandi og upprunalandi. Hún felst í þeirri spurningu hvort viðkomandi eigi að reyna að samsama sig þeirri menningu sem hann elst upp í eða samsama sig þeirri menningu sem hann á uppruna í og líkist í útliti. Algengast er þó að ættleiddir staðsetji sig sem ættleiddan einstakling með öðrum ættleiddum einstaklingum í því samfélagi sem þeir alast upp í. Þó ná ættleiddir stundum hvorki að staðsetja sig menningarlega samkvæmt uppeldislandi né upprunalandi. Aldur við ættleiðingu getur haft áhrif á þörf ættleiddra til að tengja sig við upprunamenningu sína. Barn sem er ættleitt svo ungt að það kynnist ekki

menningu upprunalandins kann að hafa minni þörf fyrir tengsl við land sitt en barn sem er ættleitt eldra og hefur kynnst menningu upprunalands síns (Baden o.fl., 2012).

Hvítir kjörforeldrar sem ættleiða lituð börn huga gjarnan að því í hvaða hverfi sé best að búa í heimaborginni svo að barninu farnist sem best. Slíkir foreldrar gefa því gaum hversu opið nærumhverfið er fyrir þeim sem ekki falla inn í hópinn. Algengt er að kjörforeldrar skipti um skólahverfi ef barn þeirra á erfitt uppdráttar vegna húðlitar síns. Kjörforeldrarnir gera sér grein fyrir því að barnið verður áfram í minnihlutahópi en reyna að lágmarka áreiti af völdum fordóma í garð barnsins. Um leið reyna þeir að kenna barninu að mæta fordómum sem það kann að verða fyrir vegna húðlitar síns. Þó að hvítir kjörforeldrar hafi ekki fullan skilning á því hvernig það sé að líta öðruvísi út í samfélaginu fá þeir innsýn í þann heim í gegnum ættleidd börn sín. Algengt er að kjörforeldrar reyni að fræðast um menningu, hefðir og siði í upprunalandi barna sinna til að hjálpa þeim við að halda tengslum við upprunandið (Sweeney, 2016).

2.5.6 Mótun sjálfsmýndar hjá ættleiddum einstaklingum

Þeir þættir sem fjallað hefur verið um hér að framan hafa veruleg áhrif á mótun sjálfsmýndar einstaklinga, ekki síst hjá ættleiddum einstaklingum.

Í rannsókn WanderMolen (2006) er kenning Georgs Herberts Mead um hið fljótandi sjálf útskýrð. Mead telur að sem börn byrji einstaklingar að læra af samferðafólki sínu og samfélaginu sem þeir búa í. Síðan fari þeir að hegða sér eins og leikreglurnar segja til um að þeirra mati. Að lokum verði þessir þættir til þess að móta hegðun einstaklinga sem nota það sem þeir hafa lært til að afla sér viðurkenningar innan samfélagsins (VanderMolen, 2006). Að tilheyra og vera hluti af fjölskyldu mótar ímynd okkar mikið. Það hvernig samskipti og fjölskyldubönd eru hafa mikil áhrif á myndun sjálfins, einkum á unglingsárum. Samskipti fjölskyldumeðlima og samspil hefur mótandi áhrif. Nánd og traust skiptir máli og að geta gefið af sér og þegið hvert frá öðru (Scabini og Manzi, 2011). Einstaklingar með gott sjálfsmat eru líklegri til að lifa án kvíða eða þunglyndis og mynda sterkari félagsleg tengsl en þeir sem eru með lágt sjálfsmat. Fjölskyldubönd og tengsl við kjörfjölskyldu hefur einnig áhrif á sjálfsmat ættleiddra. Eftir því sem tengsl hafa tekist betur því betri sjálfsmýnd hefur hinn ættleiddi. Allir glíma við einhverja þætti sjálfsmýndar sinnar einhvern tíma á ævinni en ættleiddir einstaklingar virðast glíma við fleiri þætti og lengur en aðrir. Ættleiddir einstaklingar sem búa við opin samskipti um ættleiðingu sína og geta rætt hana við kjörforeldra sína eru yfirleitt með

betra sjálfsmat en þeir sem búa við það að ekki megi ræða ættleiðingu þeirra eða fortíð (Passmore o.fl., 2005).

Það er algengt að ættleiddir einstaklingar leiti uppruna síns með því að fara í ferð til upprunalands síns. Þeir heimsækja þá gjarnan þá stofnun sem sá um ættleiðingu þeirra og sumir reyna jafnvel að leita að líffræðilegri fjölskyldu sinni. Þær upplýsingar, sem hinn ættleiddi nær að afla um ættleiðingu sína og uppruna, getur haft áhrif á það hvort viðkomandi sættist við fortíð sína eða ekki. Það sem er ættleiddum manneskjum hvað erfiðast í glímunni við eigin sjálfsmynd er hin óþekkta fortíð og skortur á vitneskju um líffræðilega fjölskyldu sína. Það eru ýmsar skoðanir á lofti um ágæti þess að ættleiddir hafi aðgang að upplýsingum um ættleiðingu sína. Að halda upplýsingum frá ættleiddum eða veita þeim rangar upplýsingar getur haft mjög neikvæð áhrif á þá og sjálfsmynd þeirra. Fram hefur komið að samkvæmt lögum eigi að láta hagsmuni barns ganga fyrir við ættleiðingu en erfitt getur verið að sjá fyrir hvernig þeim er best varið til lengri tíma litið. Með auknum rannsóknum kemur æ betur í ljós að stuðningur við ættleidda einstaklinga er mikilvægur á öllum aldurs skeiðum, ekki aðeins á bernskuskeiði (Walton, 2012). Þeir kjörforeldrar sem leggja sig fram um að kynna börnum sínum uppruna þeirra og upprunamenningu, veita þeim aukið sjálfstraust. Að auki fá börnin verkfæri upp í hendurnar til að takast á við fordóma og spurningar varðandi útlit sitt og uppruna í gegnum lífið. Að ættleiddur einstaklingur þekki uppruna sinn vel og sé stoltur af honum gefur viðkomandi aukið sjálfstraust og um leið aukna hæfni til að takast á við mótlæti lífsins. Flestir ættleiddir einstaklingar ná að aðlagast vel ef þeir fá ástríkt uppeldi og ef kjörforeldrar eru opnir fyrir umræðum um ættleiðinguna og ef uppruna viðkomandi er haldið á lofti eftir því sem við á og viðkomandi telur sig þurfa (Mohanty og Newhill, 2006).

Þegar ættleiddir einstaklingar leita uppruna síns er algengt að þeir standi eftir með mun fleiri spurningar en áður en leitin hófst. Þá getur það reynst ættleiddum erfitt þegar þeir leita uppruna síns ef þeir mæta skilningsleysi fyrir þörf sína um aukna vitneskju. Þörf ættleiddra til að fá svör við spurningum sínum snýst um það að móta eigin sjálfsmynd og skilgreina sjálfa sig sem sjálfstæðar manneskjur. Að fá upplýsingar og vitneskju um fortíð sína er hluti af því að byggja upp heila sjálfsmynd (Walton, 2012).

2.6 Stuðningur við ættleidda einstaklinga

Það hefur lengi verið starf félagsráðgjafa að vinna með fjölskyldum sem ættleiða börn. Einnig að vinna með börnum sem ekki eiga foreldra. Mikil áhersla er lögð á að kjörforeldrar fái aðstoð í upphafi ættleiðingar til að mynda tengsl og takast á við vandamál sem barn getur verið að glíma við fyrstu mánuði og ár eftir ættleiðingu. Síðan dregur úr þessum stuðningi eftir því sem barnið verður eldra. Í ljós hefur komið að stuðningur eftir ættleiðingu þyrfti að vera í boði alla ævi því það þarf að aðstoða ungmenni og uppkomna ættleidda einstaklinga við að takast á við marga þætti í lífinu sem valda erfiðleikum. Sem dæmi má nefna kynþáttafordóma og mismunun sem ættleiddir einstaklingar verða fyrir vegna þess að þeir skera sig úr í samfélaginu sem þeir alast upp í vegna útlits og litarháttar (Walton, 2012). Rannsóknir á ættleiddum einstaklingum hafa sýnt að margir þeirra glíma við sorg strax í bernsku vegna ættleiðingar sinnar. Sé ekki unnið með þá sorg, getur hún leitt til þunglyndis og annarra sálrænna vandkvæða á fullorðinsárum (Pearson o.fl., 2007). Það er mikilvægt að fagfólk þekki til ættleiðinga og þeirra aðstæðna sem börn hafa búið við áður en þau voru ættleidd. Að öðrum kosti geta þeir hvorki undirbúið kjörforeldra undir það sem koma skal né rætt við ættleidda einstaklinga um þá fortíð sem þá skortir vitneskju um en eru um leið að leita svara um (D'Amato, 2008). Það er algengara að ættleiddir leiti sér aðstoðar fagfólks vegna vandkvæða sem þeir upplifa en aðrir. Þetta er talið stafa af þeim kynnum sem kjörforeldrar hafa af félagsráðgjöfum í upphafi ferlis síns í átt að ættleiðingu (Pearson o.fl., 2007). Þá þarf fagfólk að vera sér meðvitað um fyrri áföll sem skjólstæðingar þeirra hafa lent í. Einstaklingar leita sér gjarnan hjálpar vegna nýlegs áfalls en fyrri áföll sem ekki hefur verið unnið úr geta hamlað úrvinnslu þess. Þegar unnið er með ættleiddum einstaklingi getur reynst nauðsynlegt að fara alla leið til þess tíma er hann missti líffræðilega foreldra sína, sem getur hafa verið við fæðingu (Sterlin, 2006). Rannsóknir hafa sýnt að ungmenni leita sér helst aðstoðar fagfólks vegna sjálfsmyndar sinnar en fullorðnir einstaklingar leita sér aftur á móti aðstoðar þegar þeir eru sjálfir að stofna eigin fjölskyldu. Þá vaknar aftur upp sterk þörf fyrir vitneskju um uppruna og fortíð, líkt og var í bernsku eins og áður var lýst (Pearson o.fl., 2007).

Árið 2007 gerðu Atkinson og Gonet áhugaverða rannsókn sem byggð var á 500 viðtölum við fjölskyldur sem þegið höfðu aðstoð í sérstöku átaki í Virginiufylki í Bandaríkjunum. Þátttakendur voru fjölskyldur með ættleidd börn sem töldu sig þurfa aðstoð fyrir sig og börn sín. Virginiufylki hefur boðið upp á aðstoð við kjörfjölskyldur samkvæmt kerfi sem tekur mið

af fjórum meginþáttum: a) samspil fjölskyldna sem verður til við ættleiðingu er önnur en líffræðilegra fjölskyldna; b) ættleiðing er verkefni til lífstíðar og býður upp á tækifæri og áskoranir fyrir fjölskyldur og samfélög; c) ættleiðing er í senn gagnleg fyrir kjörforeldra, börn og samfélag, og d) samfélagið er ábyrgt fyrir því að sameina og vernda kjörfjölskyldur. Eftir þessum fjórum þáttum er unnið þegar aðstoða skal kjörfjölskyldur. Þær fjölskyldur sem tóku þátt í rannsókninni óskuðu eftir aðstoð vegna vandamála í skóla, vandamála tengdri ættleiðingunni sjálfri, vegna tengslaröskunar og/eða félagslegra vandamála. Einhver barnanna sýndu einnig merki um athyglisbrest, geðhvörf, einhverfu og aðra hugræna sjúkdóma (Atkinson og Gonet, 2007).

Spurðir hvaða þjónusta hefði komið sér best, voru flestir sammála um að stuðningur og stuðningshópar hefðu komið að mestu gagni. Þá nefndu fjölskyldurnar einnig að í skóla og heilbrigðiskerfi skorti þekkingu á ættleiðingum því að á þeim vettvangi væri einkum skortur á stuðningi og skilningi. Þá nefndi fólk skort á ráðgjöf til foreldra og barna sem töldu sig eiga við örðugleika að stríða. Foreldrar nefndu einnig að það hefði hjálpað mikið að komast í burtu eina og eina helgi án barnanna. Þá fengu foreldrar aðstoð við að finna pössun fyrir börn sín. Börnin töluðu að sama skapi um að þeim hefði þótt gott að fá stöku foreldrafrí. Oft tóku fjölskyldurnar í þessu stuðningskerfi sig saman og pössuðu börn hver annarrar til að fá stöku sinnum frí. Yfir 60% fjölskyldna sem tóku þátt í rannsókninni töldu sig hafa fengið stuðning og ráðgjöf sem kom að gagni við að leysa þau mál sem þær töldu þarfnast úrlausnar. Þekking og stuðningur er það sem fjölskyldurnar töldu mikilvægast við að hafa náð árangri við að vinna í sínum málum. Þó að fjölskyldurnar glímdu sem fyrr við ýmis vandamál, töldu þær sig betur í stakk búnar til að takast á við þau. Mestu breytingarnar töldu fjölskyldurnar vera aukinn skilning sín á milli og leyfi til að elska skilyrðislaust (Atkinson og Gonet, 2007).

Rannsókn Atkinson og Gonet (2007) og niðurstöður hennar staðfesta mikilvægi þekkingar fagfólks á málefnum ættleiddra og þeirra þátta sem þeir verða mögulega að glíma við á öllum aldri vegna ættleiðingar sinnar. Stuðningur og fræðsla skipta fjölskyldurnar miklu máli og mikilvægt er að bjóða upp á öflugra þjónustu fyrir ættleidda og fjölskyldur þeirra eftir að ættleiðing hefur farið fram. Þá skiptir einnig máli að fræða samfélög um ættleiðingar og þá einkum fagfólk og aðila í heilbrigðisþjónustu.

Í rannsókn Altstein o.fl. (1994) komu fram áhugaverðir þættir bæði hjá kjörforeldrum og ættleiddum einstaklingum. Hjá hinum ættleiddum kom fram að sumir væru sér mjög meðvitaðir

um bakgrunn sinn en aðrir hefðu aftur á móti litla vitneskju um ættleiðingu sína. Einnig kom fram að þeir ættleiddu töldu sig þurfa aðstæður þar sem þeir gætu rætt um tilfinningar sem tengjast því að skera sig úr fjöldanum og fjölskyldunni (Altstein o.fl., 1994). Kjörforeldrar lögðu áherslu á að félagsráðgjafar ynnu sína vinnu vel þegar úttekt væri gerð vegna ættleiðingar. Þá lögðu þeir áherslu á að ættleiðing væri ekki góðverk heldur snerist hún um stærri fjölskyldu. Þá töluðu þeir um að mikilvægt væri að kjörforeldrar væru vel undir það búnir að næra börn sín tilfinningalega ekkí síður en líkamlega. Ættleiddu einstaklingarnir sem þátt tóku í rannsókninni töldu einnig mikilvægt að kjörforeldrar kynntu upprunaland og menningu þess fyrir börnum sínum. Þá nefndu þeir einnig að á unglingsárum, þegar þeir voru að móta persónueinkenni sín, hefðu þeir verið í meiri þörf en ella fyrir vitneskju og kunnáttu um upprunaland sitt. Þá fannst þeim einnig mikilvægt að kjörforeldrar reyndu að uppfylla þörf þeirra fyrir að taka þátt í viðburðum og hátíðisdögum er tengdust upprunalandinu. Hvað félagsráðgjafa varðar lögðu hinir ættleiddu áherslu á að þeir væru sér meðvitaðir um eigin fordóma, til dæmis gagnvart öðrum kynþáttum. Einnig yrðu félagsráðgjafar að hafa í huga að margir ættleiddir samsama sig því samfélagi sem þeir alast upp í og eru ekki í þörf fyrir upprunaleit eða tal um uppruna (Altstein o.fl., 1994).

3 Aðferð og framkvæmd rannsókna

Í þessum kafla verður aðferðafræði rannsóknarinnar kynnt ásamt markmiðum, rannsóknarspurningum og rannsóknaraðferðum. Þá verða þátttakendur kynntir ásamt gagnasöfnun og greiningu gagna.

3.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið þessarar rannsóknar er að fá fram upplifun ættleiddra einstaklinga erlendis frá á því hvernig er að alast upp á Íslandi og á hvaða hátt ættleiðing þeirra kynni að hafa haft áhrif á þá í uppvextinum. Annað markmið hennar er að komast að því hvort þeir hefðu viljað hafa eitthvað öðruvísi í uppvextinum og hvort þeir hefðu viljað að kjörforeldrar þeirra hefðu vitað eða rætt ákveðna þætti við þá sem hinum ættleiddu einstaklingum finnst erfitt að ræða sjálfir.

Þá er markmið rannsóknarinnar einnig það að kanna hvort viðmælendur hafi leitað aðstoðar fagfólks vegna ættleiðingar sinnar, svo sem félagsráðgjafa eða sálfræðinga og hvort þeir telji þörf á slíkri aðstoð.

Lagt er upp með eftirfarandi fjórar rannsóknarspurningar:

- „Hvernig er að alast upp á Íslandi sem ættleiddur einstaklingur erlendis frá?“
- „Hver er reynsla þín af áherslu kjörforeldra á að kynna menningu upprunalands þíns fyrir þér?“
- „Telurðu æskilegt að kjörforeldrar þínir vissu/væru sér meðvitaðir um ákveðna þætti sem þeir voru ekki? Þá hverja helsta?“
- „Hver er upplifun þín á þörf fyrir að leita til fagaðila til að ræða eigin ættleiðingu?“

3.2 Rannsóknaraðferðir

Eigindlegum rannsóknaraðferðum er gjarnan beitt ef ekki er vitað fyrirfram hvað muni koma út úr rannsókninni. Að sama skapi eru eigindlegar rannsóknaraðferðir notaðar til að fá aukna dýpt og skilning á því viðfangsefni sem ætlunin er að rannsaka, til dæmis að skoða og kanna upplifun einstaklinga af ákveðnum þáttum í lífi þeirra. Með eigindlegum rannsóknaraðferðum þróast kenning rannsakanda með rannsókninni (Sigurlína Davíðsdóttir, 2013).

Fyrirbærafræðileg nálgun leggur áherslu á upplifun einstaklinga af ákveðnu fyrirbæri. Rannsakandi þarf síðan að gera sitt besta til að skilja og túlka niðurstöður upplifunar viðmælenda sinna. Markmið rannsókna með fyrirbærafræðilegri nálgun er að dýpka skilning

og auka þekkingu á fyrirbærinu sem er verið að rannsaka. Rannsakandi þarf að vera vakandi fyrir því að rannsóknin er á stöðugri hreyfingu og í þróun allan tímann sem hún er unnin enda eru niðurstöður hennar ekki mælanlegar sem slíkar. Fyrirbærafræðileg nálgun horfir á sjónarhorn fyrstu persónu, þ.e. að túlka það sem viðmælendur segja um sína upplifun, ekki annarra (Padgett, 2008).

Þegar rannsókn er unnin út frá fyrirbærafræðilegri nálgun er gott að hafa sex til tíu viðmælendur sem allir hafa reynslu af sama fyrirbærinu. Rannsakandi leggur upp með víðar spurningar og samræður eru mjög opnar á milli rannsakanda og viðmælanda. Viðtölin eru síðan afrituð og þemu unnin úr þeim til að fá niðurstöður (Padgett, 2008).

Til að sannreyna niðurstöður í fyrirbærafræðilegri nálgun, þarf rannsakandi stöðugt að spyrja sjálfan sig út í túlkun sína og vera opinn fyrir því að viðtöl leiti í ýmsar áttir. Þá þarf að spyrja viðmælendur „skil ég þig rétt“ eða „er það rétt hjá mér að þetta sé upplifun þín“. Með því eykur rannsakandi réttmæti og trúverðugleika rannsóknar sinnar (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

3.3 Þátttakendur

Óskað var eftir viðmælendum með snjóboltaúrtaki á Facebook. Leitað var að einstaklingum sem ættleiddir eru erlendis frá, hafa alist upp á Íslandi og eru eldri en 20 ára. Rannsakandi var með leitina á opinni stöðuuppfærslu á Facebook og því gátu aðrir en vinir rannsakanda einnig deilt færslunni ef áhugi var fyrir hendi. Níu viðmælendur settu sig í samband við rannsakanda og buðu sig fram til þátttöku. Einn viðmælandi heltist úr lestinni eftir að viðtöl hófust og því voru átta viðtöl tekin og verða þau notuð við úrvinnslu þessarar rannsóknar. Viðtölin voru tekin á tímabilinu 26. september til 14. október 2016. Þrjú þeirra fóru fram heima hjá rannsakanda, þrjú heima hjá viðmælendum, eitt á kaffihúsi og eitt á skrifstofu viðmælanda. Gott næði var í öllum viðtölunum nema því sem fara þurfti fram á kaffihúsi, en aðstæður voru þannig að ekki var við ráðið. Viðtölin voru afrituð að þeim loknum og frumgreind í þemu í þeirri vinnslu. Lengd viðtala var frá 16 mínútum upp í 73 mínútur. Flest voru þau um 50 mínútur. Að viðtölunum loknum hófst síðan eiginleg þemagreining og úrvinnsla. Allir þátttakendur skrifuðu undir upplýst samþykki þar sem trúnaði og nafnleynd er heitið. Þá voru þátttakendur upplýstir um að þeir gætu hætt þátttöku hvenær sem væri allt að lokaskilum rannsóknarinnar 21.

nóvember 2016. Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar í maí 2016 og fékk þar tilkynningarnúmerið S7864/2016.

Þátttakendur eru á aldrinum 22–35 ára frá þremur mismunandi upprunalöndum. Þau eru Sri Lanka, Indónesía og Indland. Einstaklingarnir voru eins til sjö mánaða við ættleiðingu. Fjögur eru alin upp utan höfuðborgarsvæðisins og fjögur á höfuðborgarsvæðinu. Þá búa þrjú þeirra enn utan höfuðborgarsvæðisins. Sjö af þátttakendum eru í sambúð eða hjónabandi og sex þeirra eiga börn. Þátttakendur eru öll háskólamenntuð eða að ljúka háskólagöngu að tveimur undanskildum.

Til þess að gæta trúnaðar og gæta þess að þátttakendur þekkt ekki í rannsókninni hefur staðháttum verið breytt ásamt nöfnum þeirra. Þau fá eftirfarandi nöfn í rannsókninni til aðgreiningar: Arnar, Birna, Dagný, Erna, Finnur, Guðrún, Helga og Inga.

3.4 Gagnasöfnun og greining gagna

Í rannsókn þessari var notað snjóboltaúrtak ásamt tilgangsrúrtaki. Þegar slík úrtök eru notuð er viðmælenda leitað innan afmarkaðs hóps sem hefur reynslu af því sem á að rannsaka. Með snjóboltaúrtaki er treyst á að einstaklingur þekki annan einstakling með svipaða reynslu/upplifun og hafi samband við viðkomandi og láti vita að viðmælenda er leitað. Þannig spyrst á milli einstaklinga að rannsókn er í gangi um tiltekið málefni og þeir sem hafa áhuga geta gefið kost á sér sem viðmælendur. Með tilgangsrúrtaki eru einstaklingar valdir sem henta markmiðum rannsóknarinnar. Velja þarf einstaklinga sem hafa reynslu af því sem rannsaka skal og geta sagt frá upplifun sinni (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Forsenda þessarar rannsóknar er að viðmælendur séu ættleiddir erlendis frá og hafi alist upp á Íslandi frá ættleiðingu.

Úrtaksskekkja getur orðið ef nauðsynleg breidd er ekki í úrtakinu (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Til að komast hjá henni er mikilvægt að fá inn í rannsóknina einstaklinga af báðum kynjum og frá ólíkum löndum sem ættleitt hefur verið frá en miðað er við einstaklinga sem ættleiddir voru til landsins fyrir 1996 og eru orðnir 20 ára eða eldri.

Kóðun gagna er algeng úrvinnsluaðferð þegar unnar eru niðurstöður í eigindlegum rannsóknum. Kóðun er notuð til að greina í sundur gögnin og sú sundurgreining hjálpar svo til við frekari úrvinnslu fyrir niðurstöður. Kóðun hefst strax í fyrsta viðtali þegar það er skrifað upp eftir hljóðritun og heldur svo áfram með hverju viðtali sem skráð er á tölvu. Ákveðin þemu

koma fram í viðtölum en það þýðir að viðmælendur fjalla um eða skýra frá svipaðri reynslu af því sem verið er að rannsaka. Eftir því sem úrvinnslu viðtala miðar áfram hætta að koma fram ný þemu, en erfitt er að segja til um hve mörg viðtöl þurfi til að ná því stigi (Padgett, 2008).

Rannsakandi notaði opna kóðun við vinnu sína og hófst hún strax í fyrsta viðtali. Þá voru skráð niður þemu þegar að þau komu fram við ritun viðtala. Síðan var farið yfir hverja útprentun og hún einnig þemagreind og samræmi á milli skoðað. Þá voru undirþemu einnig greind. Rannsakandi tók saman svör við hverri rannsóknarspurningu frá öllum viðmælendum og setti saman í greiningarskjal til að auðvelda úrvinnslu. Þemu voru svo unnin út frá þessum gögnum í niðurstöðukafla rannsóknarinnar.

Það er á ábyrgð rannsakanda að vega og meta hversu marga viðmælendur þarf til að fá fram marktækar niðurstöður í rannsókninni. Í of stóru úrtaki getur orðið ákveðin mettun og nýir þættir hætta að koma fram. Í of litlu úrtaki getur vantað fyllri mynd af viðfangsefninu og eiginleg niðurstaða ekki fengist. Gjarnan er talað um að viðtöl geti ekki verið færri en fimm (Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir, 2013). Lagt var upp með 8–10 viðtöl í þessari rannsókn.

Eigindleg viðtöl geta verið opin, djúp, óstöðluð eða hálfstöðluð (Helga Jónsdóttir, 2013). Lagt var upp með hálfstöðluð (e. *semi structured*) viðtöl í þessari rannsókn. Samkvæmt Helgu Jónsdóttur (2013) snúast hálfstöðluð eigindleg viðtöl um að skilja ákveðið fyrirbæri í lífi fólks og reynslu þess af því. Þá er þeim einnig ætlað að ná fram sameiginlegri reynslu viðmælenda. Umræðuefnið er ákveðið fyrirfram og er leitast við að fá einstaklinginn til að segja frá upplifun sinni án þess að stýra samtalinu um of. Ákveðinn ramma þarf þó að setja því að tilgangur samtalsins er að ná fram markmiðum rannsóknar og svörum við rannsóknarspurningum (Helga Jónsdóttir, 2013).

Þegar hugað er að réttmæti og áreiðanleika eigindlegra rannsókna þarf að hafa ákveðna þætti í huga. Gæta þarf að því að rannsóknarspurning/ar og rannsóknaraðferð séu með samræmi. Lýsa þarf bæði rannsóknaraðferð svo og rannsóknarspurningu. Þegar úrtak er valið þarf að reyna að láta það endurspegla sem best þýðið sem það stendur fyrir. Þá er mikilvægt að rannsakandi greini gögnin um leið og þeirra er aflað og bæti við þekkingu jafnóðum, til dæmis með nýjum spurningum í viðtalsvísi ef slíkt kemur upp. Þá þarf rannsóknin að vera í stöðugri þróun á meðan að hún er unnin (Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir, 2013). Mikilvægt er einnig að rannsakandi gæti hlutleysis við vinnu sína til að hann skoði allar

hliðar rannsóknarefnis síns. Þá þarf rannsakandi að gæta þess að fella ekki út það sem honum finnst sjálfum óþægilegt eða rímar ekki við hans eigin niðurstöður. Réttmæti rannsóknar snýr að því hversu mikill stöðugleiki er í niðurstöðum rannsakanda svo og því hversu margt nýtt rannsakandi kallar fram hverju sinni. Áreiðanleika rannsókna má mæla með því að rannsakandi spyrji sjálfan sig statt og stöðugt í vinnu sinni hvort hann sé að mæla það sem hann telji sig vera að mæla. Áreiðanleiki snýst ekki einungis um þær niðurstöður sem rannsakandi telur sig vera með heldur einnig um það hvernig hann hafi náð að vinna úr fyrri rannsóknum sínum og setja fram. Því skipta heilindi rannsakanda máli þegar hann kynnir rannsókn sína (Brinkmann og Kvale, 2015).

Úrtakið í rannsókninni var fámenn þar sem valið var að nota snjóboltaaðferð við öflun þátttakenda. Því sýna niðurstöður rannsóknarinnar sjónarmið þeirra einstaklinga sem gáfu kost á sér, sem mögulega eru sterkari einstaklingar en margir í þýðinu. Nýrri spurning var bætt við eftir fyrsta viðtal þar sem málefnið kom upp í því og sú spurning því höfð með í öðrum viðtölum. Að öðru leyti reyndi rannsakandi að vera faglegur og vakandi yfir því hvort breytingar þyrfti að gera meðan á viðtalsferlinu stóð.

3.5 Siðferðilegar hliðar rannsókna

Sé efni rannsóknar mjög viðkvæmt fyrir viðmælendur getur það haft áhrif á þá til lengri tíma. Þá getur verið mikilvægt að hafa fagmanneskju til taks sem getur rætt við viðmælendur um reynslu sína og við hverju hún hreyfði innra með þeim.

Þegar horft er til siðfræði rannsókna þarf rannsakandi að hafa fjórar meginreglur í huga. Sú fyrsta er sjálfræði þátttakenda. Mikilvægt er að þátttakendur séu vel upplýstir um í hverju þátttaka felst. Þegar óskað er eftir þátttakendum þarf að koma fram hver stendur að rannsókninni og hver tilgangur hennar sé. Þá þarf að koma fram á upplýstu samþykki sem viðkomandi skrifar undir að frjálst er að hætta þátttöku hvenær sem er. Næsta regla snýst um skaðleysi. Hún felur það í sér að rannsakandi megi ekki valda þátttakanda skaða með vinnu sinni og að rannsóknin hafi ávinning fyrir þátttakendur og samrýmist hagsmunum þeirra. Í þriðja lagi er velgjörðarreglan en hún snýst um að láta sem best af sér leiða og fórna sem minnstu. Að lokum skal hafa réttlætisregluna að leiðarljósi. Hún beinir sjónum að því að þeir sem hafa veika stöðu í samfélaginu skulu verndaðir fyrir áhættu. Þessar fjórar reglur geta stangast á þegar rannsókn er unnin en hafa skal þær að leiðarljósi við vinnu rannsakanda. Í

viðtölum er alltaf hætt á að þátttakandi verði fyrir tilfinningalegu umróti. Rannsakanda ber því að stýra viðtalinu utan hættusvæða og vera vakandi fyrir því hvort viðtalið sé að taka skaðlega stefnu fyrir viðmælanda (Sigurður Kristinsson, 2013).

Rannsakandi hefur bein tengsl við ættleiðingar þar sem hann á sjálfur ættleitt barn og því er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvaða áhrif svör þátttakenda geta haft á viðkomandi sem kjörforeldri. Ýmsar tilfinningar geta kviknað og spurningar brotist fram sem ekki tengjast rannsókninni. Þá getur erfið lífsreynsla þátttakanda haft áhrif á rannsakanda. Einnig getur þátttakandi orðið fyrir tilfinningalegum áhrifum við þátttöku sína og þarf rannsakandi þá að vera sér meðvituð um það í hverju viðtali og laga sig að því ef þurfa þykir.

Rannsókn þessi er unnin samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa og trúnaðar verður gætt við viðmælendur. Þá er rannsakandi sér meðvituð um eigin tengsl við ættleiðingar og að málefnið getur hreyft við eigin tilfinningum sem kjörmóðir.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar settar fram. Byrjað verður á að svara rannsóknarspurningunum sem lagt var upp með og síðan tekin fyrir þemu sem komu fram við úrvinnslu rannsóknarinnar. Reynsla ættleiddra einstaklinga af því að alast upp á Íslandi verður fyrst svarað og dregin fram þau þemu sem komu fram við þá spurningu. Þá verður rannsóknarspurningunni sem snýr að faglegri aðstoð svarað, og einnig spurningum um kynningu á menningu upprunalands svo og þætti er varða þekkingu kjörforeldra.

4.1 Hvernig var að alast upp á Íslandi sem ættleiddur einstaklingur?

Viðmælendur töldu flest að það hefði verið gott að alast upp á Íslandi. Arnar lýsti því á eftirfarandi hátt:

... svona heilt yfir litið held ég að ... Ísland ... hafi bara verið stóri lottóvinningurinn!

Fæst viðmælenda höfðu fundið fyrir því að þau skæru sig úr vegna litarháttar sem börn. Þau töluðu um að vinir þeirra litu á þau sem ein af þeim og sæju ekki mun á sér og þeim. Þau sem höfðu alist upp á landsbyggðinni töluðu meira um að þau hefðu ekki fundið fyrir fordómum eða öðrum óþægindum frá íbúum í grenndinni en þau sem höfðu alist upp á höfuðborgarsvæðinu. Erna hefur þetta að segja:

... sko, eins og ég segi, þá held ég að það muni nú alveg að vera í svona litlu bæjarfélagi. Við ... sem erum jafngamlar og ölumst hérna upp, skilurðu, og það var bara enginn að spá.

Einum viðmælenda fannst erfitt að alast upp á Íslandi en hún lenti í miklu einelti í skóla vegna litarháttar síns. Hún var eini nemandinn í skólanum sem skar sig úr á þennan hátt. Hennar upplifun af því að alast upp á Íslandi var að það hefði verið erfitt og að hún og foreldrar hennar hefðu þurft utanaðkomandi hjálp til að takast á við þau vandamál sem komu upp á skólagöngu hennar. Inga hafði þetta að segja:

... þú veist, bara Íslensk ættleiðing hefði átt að hafa einhverja svona ... ég veit ekki hvað maður á að segja, einhvern svona sálfræðing eða ... svona manneskju sem að gæti aðstoðað foreldra ef ... börnin lenda í einhverjum vandræðum.

Einn viðmælendi fluttist á höfuðborgarsvæðið af landsbyggðinni snemma á unglingsárum og fann fyrir töluverðum mun við að koma úr litlu samfélagi í samfélag þar sem árgangurinn hans

var jafnstór og allur gamli skólinn hafði verið. Hann telur að þá hafi fyrst reynt á hann og að hann hafi þá fyrst þurft að svara fyrir húðlit sinn og ættleiðingu.

Flest töldu viðmælendur að börn hefðu yfirleitt tekið þeim betur en fullorðnir og að þau hefðu frekar mætt spurningum frá fullorðnum en jafnöldrum sínum. Eldra fólk var gjarnan sagt vera hissa á íslenskukunnáttu viðmælenda en eldri kynslóðir virtust frekar gera ráð fyrir því að þau væru erlend en yngri kynslóðir og börn.

Þá reyndist það þeim þátttakendum erfitt, sem höfðu sjálf eignast börn, að ganga í gegnum mæðraeftirlit. Kröfur um svör við fjölskyldusögu og sjúkdómum hafa oft ýft upp erfiðar tilfinningar og vakið spurningar sem hafa kannski ekki leitað á viðkomandi áður. Þau sem voru orðin foreldrar töluðu um hve gott það hefði verið ef þeim hefði fylgt sjúkrasaga frá líffræðilegum foreldrum þeirra svo að þau gætu betur búið sig undir það sem biði barna þeirra. Dagný orðaði þetta svo:

... út af því að mér fannst að ljósmóðirin væri geðveikt mikið að krefjast þess að ... að það væri geðveikt mikill kross á mér að þurfa að vita þessar spurningar.

Öll höfðu lent á einhvern hátt í minniháttar stríðni þar sem þau voru uppnefnd eða kölluð „kúkur“ eða slíkt af skólafélögum sínum. Flest virðast þó hafa verið félagslega sterk og átt góða vini í skóla svo að ekki var mikið um árekstra. Helga og Inga lentu þó í erfiðari málum en aðrir þátttakendur og voru lagðar í einelti í sínum skólum og þar hefði þurft að koma til aðstoð og íhlutun hinna eldri en skólarnir virtust ekki vel í stakk búnir til þess.

Sterkt kom fram hjá öllum viðmælendum breytt viðhorf til þeirra á fullorðinsárum eftir að innflytjendum fjölgaði hér á landi. Einhver þeirra höfðu þó tekið eftir slíku viðhorfi áður fyrr. Það var reynsla allra þátttakenda að um tvítugt mætti þeim annað viðhorf en þau áttu að venjast. Þá voru þau farin að skemmta sér og fengu leiðinlegar athugasemdir frá drukknunni fólki. Nú verða viðmælendur öll fyrir því að við þau sé töluð enska þegar þau fara í verslanir eða út að borða. Þá er gert ráð fyrir því að þau séu af erlendu bergi brotin, innflytjendur eða ferðamenn. Sum viðmælenda hafa átt erfitt með að sætta sig við þetta breytta viðhorf þar sem þau líta öll á sig sem Íslendinga og sumum þeirra hefur fundist að þau þurfi að verja sig og benda á að þau séu íslensk.

Flest lenda í því að þegar þau eru í hópi með öðru íslensku fólki að töluð sé enska við þau en íslenska aftur á móti við aðra í hópnum, Birna lýsir þessu þannig:

... og sé jafnvel bara með vinkonum mínum að spjalla við þær og ég labba inn í búðina með þeim og það er íslenska töluð í búðinni en samt er töluð enska við mig.

Verslanir, matsölustaðir og flugvélar eru þeir staðir þar sem þeim er oftast mætt með ensku tali. Sum nefna að þau hafi gaman af því að sjá svipinn á fólki þegar að þau svara enskunni til baka á hreinni og góðri íslensku og kemur það skemmtilega fram í orðum Ingu:

Þegar maður kemur í búð og það er verið að tala við mann ensku og maður svarar á íslensku og fólk er bara, bregður bara við það.

Hluti viðmælanda undraðist þetta þó því að þau töldu sig ekki skera sig úr á sama hátt og innflytjendur eða ferðamenn. Þau telja sig klæða sig og bera sig á sama hátt og aðrir Íslendingar og Finnur hafði einmitt fengið að heyra það frá ókunnugum aðila:

... og einhvern tímann spurði ég nú einhvern „af hverju heldurðu að ég sé, af hverju heldurðu“ „já, þú ert pottþétt íslenskur“ „já ókei, af hverju segirðu það?“ þó að ég sé, eins og ég lít út, sko, „ja, bara hvernig þú labbar og hvernig þú klæðir þig!“ Þetta er punktur sem ég gleymi aldrei.

Og hann heldur áfram:

... og þá fór ég meira að þæla í því hvernig eru börnin hérna klædd, sko. Fer að bera á því að þau séu kannski í einhverjum, ég veit það ekki, ég vil kannski ekki segja í einhverjum búrkum eða eitthvað svoleiðis ... en þú veist, þetta er alltaf ... þú veist, það hefur kannski komið, en einhvern veginn sé ég alltaf hvernig Pólverjar klæða sig til dæmis.

Að þessu leyti telja viðmælendur sig ekki skera sig úr og ættu því auðveldlega að þekkjast og vera skilgreind sem Íslendingar fremur en annað. Sum nefna að hræðsla og andúð í þjóðfélaginu gagnvart innflytjendum og flóttamönnum sé hluti af vandanum. Að hræðslan og andúðin komi í veg fyrir að fólk gaumgæfi einstaklinginn sem það sér og dragi hann í dilka án þess að sjá eða heyra hvernig viðkomandi ber sig. Guðrún lýsir upplifun sinni á þennan hátt:

Mér finnst þessi andúð í garð innflytjenda hafa áhrif á okkur líka, sem er ógeðslega leiðinlegt af því að það vekur upp pirring hjá mér að einhverju leyti. Að það er verið að setja mig undir sama hatt ... á meðan að ég er bara Íslendingur.

Hluti af hræðslunni og andúðinni virðist líka koma fram í því að fólk telur að innflytjendur komi til Íslands til að vinna störf sem Íslendingar vilji ekki vinna og séu því neðar í virðingarstigunum. Auðvelt sé að þekja þessa einstaklinga úr og skeri þeir sig úr hópnum mestmegnis vegna litarháttar síns. Þessu hafa viðmælendur fengið að kynnast og fengið á sig upphrópanir eins og „tælenska hóra“ og „farðu og verkaðu fisk“. En Íslendingar virðast setja störf við þrif,

fiskvinnslu og fleira frekar neðarlega í virðingarstigann. Einnig kom fram að einkum þegar stúlkurnar fara út að skemmta sér, virðast Íslenskir karlmenn líta svo á að þær séu að selja sig og/eða til í að sofa hjá hverjum sem er. Oft hefur komið á þessa karlmenn þegar þeir gera sér grein fyrir því að viðkomandi er Íslendingur.

Aðrir líta þannig á að Ísland telji í raun svo mikið af ferðamönnum og innflytjendum að fólk í þjónustugeiranum sé hætt að gera ráð fyrir að viðskiptavinir séu Íslendingar og grípi því til enskunnar ef ekki er augljóst að um Íslending sé að ræða.

4.2 Er þörf fyrir fagaðila?

Rannsóknarspurningin um þörf viðmælenda til að leita til fagaðila vegna ættleiðingar viðkomandi er önnur rannsóknarspurning. En rannsakandi telur mikilvægt að kanna hvort þörf sé fyrir félagsráðgjafa sem hefur sérhæft sig í málum ættleiddra og hvort þörf sé fyrir viðtalsaðila fyrir þá sem ættleiddir hafa verið hingað til lands.

Skemmst er frá að segja að enginn viðmælenda hafði nýtt sér þjónustu fagaðila til að ræða ættleiðingu sína en einn þeirra taldi sig þurfa á slíkri aðstoð að halda. Tvö höfðu leitað til sálfræðings en það var vegna mála sem tengdust ekki ættleiðingu þeirra. Annað þeirra var sent til sálfræðings af kennara sínum þar sem kennarinn taldi viðkomandi þurfa á því að halda vegna atburða sem gerst höfðu í fjölskyldu hennar. Það var því ekki að eigin ósk viðmælenda og telur hún lítið gagn hafa verið að aðstoðinni. Einn viðmælenda er í handleiðslu á vinnustað sínum og hefur nýtt sér hana til að spegla sjálfan sig á hverjum tíma en ekki farið sérstaklega til fagaðila til að fá aðstoð.

Sjö af átta viðmælendum telja þó mikilvægt að fagaðili sé í boði fyrir þau börn sem verið er að ættleiða til landsins nú og hin síðustu ár. Það er vegna þess hve gömul börnin eru þegar að þau eru ættleidd og koma hingað til lands. Helga segir:

Ég náttúrliga, ég hef ekkert, ég hef ekkert í bakgrunninum þegar að ég kem. Þannig að ég er bara alin upp í íslensku umhverfi og hef ekkert annað, en börnin sem eru að koma ... þau hafa minningar mörg hver og og hafa gengið í gengum fullt sem að gæti hamlað þeim á eldri árum.

Dagný er á svipuðum nótum:

... það þarf kannski ... sko, klárlega í dag þyrfti þess út af því að börn eru að koma á svo breiðu aldursbili ... það er allt öðruvísi hjá mér út af því að maður er bara hvítvoðungur, skilurðu.

... þegar að börn eru kannski orðin þriggja, fjögurra ára ... þú ert búin að móta svo ótrúlega mikil tengsl og ... bara hvað börn þroskast ótrúlega mikið bara á fyrsta árinu.

Heyra mátti þessa skoðun hjá svo til öllum viðmælendum, að það skipti miklu máli hvað börnin eru orðin gömul þegar að þau eru ættleidd og höfðu viðmælendur öll miklar áhyggjur af því hve aldur barna við ættleiðingu væri hár nú á tímum. Að þau ættu mikið af minningum, bæði góðum og slæmum, og það þyrfti mikla vinnu til að hjálpa þeim við að tengjast og aðlagast í nýju landi. Áhyggjur Dagnýjar koma vel í ljós:

Þú veist, eins og núna er þetta ættleiðingarferli svo svakalega langt og það er það sem særir mig mest í þessu öllu saman og allri þessari umræðu, af hverju þurfa krakkarnir að vera svona gamlir? ... Ég held að það sé betra, mikið betra, líka bara svona upp á hvernig þú upplifir samfélagið ... mér finnst þetta svo sorglegt að þetta þurfi að vera svoleiðis.

Og Dagný heldur áfram:

... þá er þetta kannski líka mikið mikið erfiðara fyrir börnin að aðlagast nýju samfélagi og allt það ... og eiga minningar um jafnvel mömmu sína, eða dagheimilið eða uppáhalds fóstruna sína á dagheimilinu og svona. Ég held að það sé mikið betra að vera bara svona óskrifað blað eins og ég.

Viðmælendur telja því mikilvægt að foreldrum og börnum standi til boða þekking og fagleg aðstoð og að heilbrigðiskerfið sé tilbúið ef vandamál koma upp, hvort sem um er að ræða börn, unglinga eða fullorðið fólk. Auknar spurningar og sorg eftir því sem var getur gert vart við sig og minningabrot setið í börnum eftir að þau eignast foreldra og eru orðin tveggja, þriggja ára eða jafnvel eldri. Viðmælendur töldu sérstaklega mikilvægt að huga að þessum þætti.

4.3 Kjörforeldrar

Þátttakendur voru spurðir hvort þau teldu æskilegt að foreldrar þeirra vissu eða væru sér meðvitaðir um ákveðna þætti í bernsku þeirra. Rannsakandi ákvað að hafa þessa spurningu sem rannsóknarspurningu til þess að sjá hvort ákveðnar ábendingar kæmu frá viðmælendum til kjörforeldra sem nú eru að ættleiða börn. Mjög áhugavert var að heyra svör viðmælenda sem öll nema eitt báru foreldrum sínum einstaklega vel söguna og töldu þá hafa gert allt sem í þeirra valdi stóð á þeim tíma. Eini viðmælandinn sem ekki var sama sinnis óskaði þess að foreldrar hennar hefðu fengið aðstoð til að takast á við þau mál sem upp komu þegar hún var að alast upp. Viðmælendur telja tímana mjög breytta frá því þegar þau komu til Íslands á sínum

tíma og að vandi kjörforeldra nú á tímum væri mun meiri en áður. Sá munur snerist ekki síst um nýja upplýsingatækni og opnari umheim en áður.

Allir viðmælendur nema einn lýstu því hve foreldrar þeirra höfðu verið fúsir til að ræða ættleiðingu þeirra við þau og að það hefði skipt mjög miklu máli. Að vita að það væri alltaf í boði að koma og ræða ættleiðinguna og að foreldrar hefðu byrjað strax og börnin höfðu aldur til að tala um að þau væru ættleidd þannig að það væri alltaf hluti af þeim og þeirra lífi. Þá nefndu flest þeirra líka að kjörforeldrar eru búnir að ganga í gegnum mjög margt áður en þeir eignast börn sín og þurfa að sanna sig gagnvart barnaverndarnefnd til þess að eiga þess kost að verða foreldrar. Guðrún segir:

... enda eru þeir ekkert að fara í gegnum svona stíft ferli, að fara í gegnum sálfræði og láta skoða heimilið þitt og láta tékka á þér nema að þú sért algerlega tilbúinn að committa þig í þetta.

Og hún heldur áfram:

... allt þetta fólk sem er búið að ættleiða, meira og minna, þetta er fólk sem hefur ekki getað átt börn, þau eru búnir að reyna kannski í tíu ár eða eitthvað, eða ... fimm ár eða eitthvað, og fara svo í tveggja, þriggja ára ættleiðingarferli, þetta er ekkert djók fyrir þeim.

Birna talaði sérstaklega um að henni fyndist foreldrar þeirra ættleiddu einstaklinga sem væru í kringum hana sérstaklega meðvitaðir um að sækja sér fræðslu og þekkingu þegar eitthvað nýtt kæmi upp á hjá börnum þeirra eða ef ný fræði litu dagsins ljós. Hún taldi að kjörforeldrar væru miklu fremur á varðbergi gagnvart málum sem gætu komið upp í lífi barna þeirra og væru opnari fyrir því að kynna sér málin og ræða þau við börn sín en gerist og gengur. Birna hefur síðustu ár unnið nokkuð með börnum og telur sig því sjá mun á kjörforeldrum og öðrum foreldrum hvað þetta varðar.

Arnar taldi mun flóknara og stærra verkefni vera á höndum kjörforeldra í dag en á árunum 1980–1990. Þar kæmi til breyttur og opnari heimur með tilkomu internetsins. Hann segir að þegar hann var að alast upp gátu foreldrar hans stjórnað því hve mikla vitneskju hann fengi um upprunaland sitt og hvenær, og tekið þá mið af því hvenær þeir teldu hann tilbúinn að meðtaka staðreyndir um upprunaland sitt. Einnig víkur hann að því að sjónvarp hafi áður fyrr ekki gefið sama gaum að því og nú hvað væri að gerast í öðrum löndum enda boðleiðir mun lengri en nú er. Hann segir:

Það var ekkert internet þar sem þú gast bara séð hvað var að gerast í heiminum ... Ég gat ekki gúgglað þegar ég var sjö ára hvaðan ég kom, skilurðu.

Það sem kjörforeldrar geta lent í í dag er að allt í einu er barnið búið að læra að gúggla hluti sem það er að þæla í og koma heim með spurningar sem að foreldrarnir eru kannski ekki tilbúnir til að svara.

Arnar álitur að kjörforeldrar nútímans þurfi að vera mun meira vakandi yfir því efni sem börn þeirra eiga aðgang að og gæta þess að ræða við þau um það sem kemur um upprunalandið í fréttum. Ekki sé síður mikilvægt að minna börnin á að oft komi aðeins það neikvæða fram í sjónvarpi og netmiðlum þannig að börnin fái ekki að vita allan sannleikann. Arnar heldur áfram og talar um hvernig hlutirnir litu út fyrir honum:

... þarna var bara fátækt ríki og jari jari jari, þú veist, bara svona kommon knowledge.

... það sem ég hins vegar læri með tilkomu internetsins þegar að ég er orðinn fullorðinn er að nákvæmlega hvernig ríki það er. Þegar ég kom þá var þetta bara einræðisríki, skilurðu mig, og þetta voru bara ... það var bara þrælahald.

Því leggur hann mikla áherslu á að kjörforeldrar fylgist vel með hvaða þekkingu börn þeirra eru að sækja á internetinu og að þeir gefi þeim kost á opinni umræðu og segi þeim sannleikann um það hvernig málum sé háttað í upprunalandinu, þó á þann hátt að það taki mið af þroska barnsins.

Viðmælendur leggja mikla áherslu á að kjörforeldrar geti ekki stjórnað öllu því sem gerist í lífi barna þeirra en geti undirbúið þau eins og kostur er fyrir það sem kunni að mæta þeim.

Birna segir:

... þú veist, það er ekki, það er ekki hægt að koma í veg fyrir allt ... allar spurningar, og þú ert kúkur á litinn og allt þetta... þau stjórna ekki öllu og, þú veist, hún hefði aldrei getað komið í veg fyrir það.

Öll telja þau mikilvægt að kjörforeldrar hafi lesið sér til um eitt og annað sem mögulega getur komið upp og séu með svör á reiðum höndum þegar barnið kemur heim með spurningar sínar eða líður illa yfir einhverju sem hefur verið sagt við það og varðar beinlínis ættleiðingu þess. Þá telja þau einnig að undirbúningur fyrir ættleiðingu sé nauðsynlegur og nefna flest að sem betur fer hafi verið aukið við fræðslu til kjörforeldra á meðan þeir bíða eftir börnum sínum.

Þá kom það skýrt fram að viðmælendur óskuðu þess að kjörforeldrar þeirra hefðu stundum beðið leikskólakennara eða kennara barna sinna að fjalla um hvað það sé að vera ættleitt barn og uppfræða önnur börn um hvað ættleiðing er. En leggja um leið áherslu á að

þau væru ekkert öðruvísi en önnur börn, þau væru bara í litríkri fjölskyldu. Með þessu telja þau að fækka megi mörgum spurningum og öllu því áreiti sem þeim fylgir. Þannig sé stórum hópi svarað í einu og barnið þurfi ekki sjálft að svara öllum þeim sem er með því í bekk. Forvitni sé börnum eðlislæg en ef svara þurfi spurningum frá hverjum og einum bekkjarfélaga um ættleiðinguna sé það mikið álag og áreiti á barnið og úr því sé auðvelt að leysa. Gefum Finni orðið:

Þegar ég var að byrja skólagöngu, þá hefði verið hægt að koma meira inn svona og útskýra ... að biðja kennara eða leikskólakennara eða hvernig sem þetta er, að það lendi ekki alltaf á barninu, á mér, að svara hvað er að vera ættleiddur. Þú veist, þetta fannst mér óþolandi spurning þegar að ég var lítill „og hvaðan ertu?“ „ég er frá [...]“ og „eru þetta ekki alvöru mamma þín og pabbi“ ... þetta er svona randomspurningar en skiljanlegt að börn spyrji að þessu.

Þú kemur inn í nýjan bekk, 16 krakkar, „ertu ættleiddur?“ „hvaðan ertu?“ „hvað er að vera ættleiddur?“ þú veist, þetta verður mjög leiðinlegt eftir 5, 6 einstaklinga og jafnvel þetta líka bara. Þetta hefðu foreldrar og geta foreldrar núna í dag, annaðhvort sjálfir komið inn í bekk og sagt „heyrðu, nú ætlum við að segja frá því að við eigum barn sem er ættleitt og du du du“ og að ástæður þess að fólk þurfi að ættleiða eru margþættar ... án þess að fara djúpt ofan í það og svo bara segja, „við erum samt öll alveg eins innra með okkur, þetta skiptir engu máli“.

Úr orðum Finns má lesa að sem barni hafi honum oft þótt erfitt að svara öllum þessum spurningum og að æskilegt sé að útiloka þetta áreiti eftir því sem kostur er. Allir viðmælendur gera sér grein fyrir því að þau losna aldrei við allar spurningar og öll voru þau sammála því að yfirleitt þætti þeim ekki mikið mál að ræða ættleiðingu sína við aðra. Stundum telja þau þó að spurningar séu ekki svaraverðar og að fólk sé að hnýsast í líf þeirra en hafi ekki beinlínis áhuga á ættleiðingu þeirra eða uppruna. Oft verða þau fyrir því að fólk gerist mjög nærgöngult og telji sig eiga rétt á að spyrja spurninga sem það myndi ekki gera við einstaklinga sem ekki eru ættleiddir. Flest vilja þau miðla upplýsingum til fólks og fræða um ættleiðingar og upprunaland sitt en nærgöngular spurningar um líffræðilega foreldra, sem þau sjaldan hafa sjálf vitneskju um, finnst þeim erfiðar og ekki á valdi ókunnugra að spyrja. Flest létu þess getið að oft væru spurningar settar fram á dónalegan hátt eða á þann hátt að greinilegt væri að viðkomandi væri ekki að spyrja til að fræðast heldur til að lítilsvirða. Sögðust öll þá reyna að eyða talinu og snúa því að öðru í stað þess að reyna að útskýra fyrir viðkomandi þar sem einlægur áhugi væri hvort eð er ekki fyrir hendi.

... því það er alveg hægt að koma að mörgu, sko, mín reynsla er sú að það vita bara ekkert allir hvað ættleiðing er.

Þeir gera sér ekki grein fyrir því að ... maður segist vera ættleiddur, að maður komi frá öðru landi og allt prosessið sem fylgir því að ættleiða barn og það eru bara sumir sem gera sér ekki grein fyrir því og sumir eru bara náttúrliga bara vitlausir, vita ekki, skilja ekki betur. Svo eru aðrir sem eru með ljótar spurningar sem mér finnst algjörlega óþarfar. Sem eru bara svona meira til þess að niðra eða lítilsvirða.

Einnig nefndu nokkur viðmælenda að áður fyrr hefði fólk ekki virst vita hvað ættleiðing væri en það væri að breytast því að nú til dags virtust flestir ef ekki allir þekkja til einhvers sem væri ættleiddur eða hefði ættleidd.

4.4 Kynni af upprunalandi

Síðasta rannsóknarspurningin snerist um það að kanna hver reynsla þátttakenda væri af því að menning og saga upprunalands þeirra væri kynnt fyrir þeim. Í framhaldi af henni kom svo eftir fyrsta viðtal spurningin: *Hefurðu fundið fyrir þörf fyrir að leita uppruna þíns?* Spurningin *Ertu markvisst að hitta aðra ættleidda einstaklinga?* kom fram hjá rannsakanda í fyrsta viðtali og ákvað rannsakandi að halda þeirri spurningu sem hluta af viðtalsvísi eftir það viðtal. Áhugavert þema kom fram sem tengdist þessum spurningum og verður farið yfir það í lok þessa kafla en rannsakandi kýs að kalla það „að vera hluti af pari“.

Fimm viðmælendur af átta sögðu að foreldrar þeirra hefðu ekki gert það markvisst að halda matarmenningu, tónlist eða öðru slíku að þeim í uppvextinum. Sum áttu leikföng og aðra hluti frá upprunalandinu sem þau héldu enn upp á og töldu mikilvæg en önnur höfðu ekki yfir neinu slíku að búa. Þau sem ekki áttu leikföng eða hluti frá upprunalandinu virtust ekki sakna þess sérstaklega.

Nokkrir viðmælendur nefndu að foreldrar þeirra hefðu farið með þau á viðburði sem Íslensk ættleiðing stóð fyrir og að þar hefðu þau kynnst öðrum ættleiddum börnum og eignast vini sem þau héldu tryggð við enn þann dag í dag. Fram kom í máli sumra að erfitt hefði verið að hafa matarmenningu upprunalanda þeirra í heiðri þar sem verslanir á þessum árum buðu einfaldlega ekki upp á krydd og annað sem þarf í slíka matargerð. Önnur nefna að uppruni þeirra birtist í matarmenningu sem þau kunni núna vel að meta. Að þau sæki í sterkan og kryddaðan mat og geti oftast borðað mun sterkari mat en aðrir í kringum þau.

Einn í hópnum hafði orð á því að hann hefði ekki viljað að foreldrar hans væru að ýta mjög að honum menningu og mat upprunalandsins þar sem honum fannst að þá væri stöðugt verið

að minna hann á að hann væri ættleiddur. Mun mikilvægara hefði verið að hann hefði fengið að uppgötva eitt og annað í þeim efnum sjálfur og á eigin forsendum.

Við erum öll svona einhvern veginn. Og þetta var bara svona sjálfuppgötvun sem að er miklu skemmtilegra. Ég hefði ekki fílað ef mamma hefði bara ... nú erum við að fara að heimsækja þetta. Þú veist, þá bara, nei nei, þá hefði ég farið í mótþróa, sko.

... mér finnst óréttlátt í raun og veru að vera að minna barn á að það sé ættleitt með því að segja því hver uppruni þeirra er í gríð og erg ... viðkvæmi aldurinn 9–13 ára, þá er ég svo guði sé lof feginn að mamma lét þetta algerlega í friði og leyfði mér alveg að ráða hvort ég vildi tala um þetta eða ekki.

Annar viðmælandi nefndi það að hún elskaði allt sem snerti upprunalandið, mat þess, menningu og tónlist, ætti mikið af minjagripum þaðan og teldi það mikilvægan hluta af sér. Fleiri höfðu haft góð kynni af upprunalandi sínu, þeim fannst það hið besta mál og voru þakklát fyrir að það skyldi vera hluti af uppvexti sínum.

... við höfum alltaf verið mjög opinská um [upprunalandið] og [maturinn þaðan] er uppáhaldsmaturinn minn. Við elskum allt [sem tengist landinu] og við getum nálgast hér.

Þeir einstaklingar sem áttu hluti frá upprunalandi sínu vildu þó ekki endilega flytja þá með sér inn á sín eigin heimili heldur vildu að þeir væru áfram hjá foreldrum þeirra eins og verið hafði í æsku. Einstaka hlutir fluttu þó með ef þeir höfðu sérstaka þýðingu fyrir viðkomandi eins og landakort af upprunalandi þar sem kjörforeldrar höfðu merkt inn á þá staði sem þeir höfðu sjálfir heimsótt þegar barnið var sótt.

Áhugi á að fá upplýsingar um upprunalandið lagðist í dvala hjá sumum á unglingsárum eftir að hafa verið áhugasöm í æsku. En um tvítugsaldur fór áhuginn aftur að kvikna og þá gjarnan á öðrum forsendum en áður. Kjörforeldrar höfðu haldið vitneskjunni og upplýsingunum á lofti á meðan þau voru börn en þegar þau urðu eldri fóru þau að kanna sjálf og á eigin vegum það sem þau voru forvitin um. Þá skiptir það máli eins og áður hefur komið fram að upplýsingaöflun á veraldarvefnum er nú næsta auðveldur og því stutt í þær upplýsingar sem viðkomandi hefur áhuga á hverju sinni.

4.4.1 Að leita upprunans

Í framhaldi spurningarinnar um kynni af upprunalandinu vaknaði sú spurning hvort tengsl gætu verið á milli þess að kjörforeldrar kynntu landið fyrir börnum sínum og þörf fyrir að fara og leita upprunans. Enginn af þátttakendum í rannsókninni hafði heimsótt upprunaland sitt en

helmingur þeirra hafði íhugað að fara og voru jafnvel að undirbúa ferð þangað. Þau sem íhuguðu að heimsækja upprunalandið skiptust svo í tvennt, tvö þeirra vildu fara utan og leita að kynforeldrum sínum en hin tvö vildu heimsækja landið til að kynnast því og menningu þess án þess að ætla sér að leita þar að ættingjum. Þau fjögur sem ekki höfðu íhugað upprunaleit töldu sig ekki fá nein svör sem þau vissu ekki nú þegar. Einn þeirra hafði þó áhuga á að kynnast menningunni og hvernig fólkið væri almennt en hafði þó ekki hugleitt það að fara utan í því skyni.

... svo hef ég bara tekið einhvers konar meðvitaða eða ómeðvitaða ákvörðun um að vera ekki að þæla í þessu.

Viðmælendur töldu það vera erfiða og flókna ákvörðun að fara til upprunalands síns og að það krefðist undirbúnings til að vera tilbúin að taka við þeirri vitneskju sem þau fengju við að heimsækja upprunalandið, hvort sem sú vitneskja yrði jákvæð eða neikvæð. Nefnt var að viðmælendur þekktu til einstaklinga sem hefðu farið utan í upprunaleit og ekki verið viðbúnir því sem mætti þeim og því þurft að glíma við ýmislegt eftir ferðina ekki síður en áður en þeir lögðu af stað.

Það var kannski líka það sem ég óttaðist þínu, út af [því að] mamma og pabbi voru svona meðvirk með þessu og allt það ... ég óttaðist mest að vilja fara að leita að einhverju og finna það svo aldrei og þá myndi maður aldrei verða sáttur.

Nokkur viðmælenda veltu því fyrir sér hverju leitinn ætti að svara og hvort slík ferð færði þeim einhverja ró sem ekki hefði verið til staðar áður. Sömu aðilar veltu því fyrir sér hvað þau vildu svo gera með þær upplýsingar og upplifun sem þau fengju þar.

Út af því [hvíslar] að ég hef kannski verið þínu hrædd um það innst inni að kannski finna ekki neitt og þá myndi ég bara [verða] gömul kona og bara geðveikt ósátt ... og vera bara svona geðveikt bitur, döpur, gömul kona og mig langar það ekkert [hlær].

Þú veist, ég segi það ekki, auðvitað kom alveg þegar að ég var 12 ára ... „á ég að fara að finna hana?“ ... á ég að fara að finna þessa konu?

... get ég fundið hana, hvar á ég að finna hana? ... og svo kom líka á móti: „Hvað ætlarðu að segja við hana?“ Ég get ekki kallað þessa konu mömmu mína.

Með öðrum orðum, það myndi trúlega valda þeim togstreitu og hugarangri að fá aðrar upplýsingar en þær sem fylgdu í þeim skjölum sem kjörforeldrar þeirra fengu með þeim við ættleiðinguna. Flest viðmælenda áttu þau gögn í fórum sínum. Hluti af þeim var á ensku og

sum höfðu látið þýða það sem var á tungumáli upprunalsins. Öll höfðu þau skoðað þessi gögn vandlega, alla tíð átt aðgang að þeim og það þótti þeim mikilvægt. Sum þeirra sögðu að þessir pappírar væru nægilegt svar við því sem þau vildu vita og að þau hefðu búið sér til ákveðna mynd úr þeim upplýsingum sem þau hefðu.

Þau viðmælenda, sem höfðu hugsað meira um það hvort þau ættu að fara utan, höfðu líka áhyggjur af því hvaða áhrif sú leit hefði á hina líffræðilegu foreldra og líf þeirra. Erna hafði þetta að segja:

... hvort það er ekki erfitt fyrir mömmu mína úti að hitta mig og þurfa aftur að skilja við mig.

Og hún heldur áfram:

Kannski eftir að ég varð sjálf mamma, hvernig ég myndi upplifa þetta, ég veit það ekki ... þessar hugsanir komu bara svolítið svona seinna meir, skilurðu, eftir að ég fór að eignast börn.

Viðmælendur töluðu einnig um að það væri mun erfiðara að ræða þessi mál við þá sem ekki væru ættleiddir en þá sem væru ættleiddir. Oft væri þrýstingur frá vinum og jafnvel ættingjum um að fara utan að leita líffræðilegra ættingja og ákveðins skilningsleysis gætti hjá þeim sem ekki væru ættleiddir. Guðrún sagði að stundum væri sagt við sig:

„Já, en segirðu alveg að þetta séu foreldrar þínir?“ Þú veist, þá er verið að tala um mömmu og pabba sem ættleiddu mig og þá bara: „Já, að sjálfsgöðu, það var enginn annar sem ól mig upp.“

Önnur nefndu að þeir sem ekki væru ættleiddir litu á ferð til upprunalsins sem skemmtiferð þar sem hægt væri að njóta þess að vera í hita og góðu veðri, borða framandi og girnilegan mat og kynna nýrri menningu. Þessir þátttakendur nefndu að slíkt væri hægt að gera í öðrum löndum sem þeir hefðu ekki svo rík og sterk tengsl við.

Þegar ættleiddir einstaklingar ræða saman um upprunaferð telja þeir sig mæta annars konar skilningi, hvort heldur þá langar að fara og leita upprunans eða ekki. Einnig var það nefnt í því sambandi að ekki þyrfti að útskýra nánar fyrir öðrum ættleiddum einstaklingum af hverju viðkomandi væri á þeirri skoðun sem hann væri, hann nyti skilnings, og þar sem flestir ef ekki allir ættleiddir hafa einhvern tíma hugsað um þessi mál og tekið ákvörðun um hvað hver og einn vildi gera, væri skilningurinn alger. Þau sem nefndu að þau hefðu ekki hugsað um að fara

í upprunaferð tóku öll fram að þau bæru virðingu fyrir þeim einstaklingum sem tækju ákvörðun um að fara í slíka ferð.

Ein viðmælenda hefur unnið nokkuð í því að leita upprunans eftir því sem hægt er. Hún hefur komist í kynni við fullorðna einstaklinga sem hafa flust hingað frá upprunalandinu og notið aðstoðar þeirra við leit sína. Þar hefur veraldarvefurinn verið mikilvægur. Viðkomandi glímir þó við það, ein viðmælenda, að kjörforeldrar hennar eru ekki hlynntir upprunaleit hennar og því nýtur hún ekki stuðnings þeirra.

Rannsakandi skoðaði gögn sín út frá því hvort sjá mætti samband á milli þess að kjörforeldrar viðmælenda hefðu haldið að þeim menningu upprunalandsins og þörf fyrir upprunaleit. Tvö viðmælenda, sem höfðu alist upp við mikinn fróðleik og vitneskju um upprunaland sitt, vilja fara utan og kanna hvaðan þau komi eða leita líffræðilegra foreldra sinna. Þrjú af þeim viðmælendum, þar sem menning upprunalands kom lítt við sögu, hafa ekki hugleitt að fara utan og leita upprunans. Tvö viðmælenda, sem ekki höfðu fengið mikla kynningu á upprunalandi sínu, vildu fara utan og leita uppruna síns og líffræðilegra foreldra. Einn viðmælenda, sem hafði fengið töluverða kynningu á upprunalandi sínu í gegnum tíðina, fann ekki fyrir neinni þörf til að leita uppruna síns eða líffræðilegra foreldra. Það er því ekki hægt að segja að kynning á upprunalandi, hefðum, menningu og siðum hafi skipt sköpum um það hvort viðkomandi einstakling langi til að fara og leita uppruna síns eða ekki.

4.4.2 Að hitta aðra ættleidda einstaklinga

Félagið Íslensk ættleiðing stóð fyrir nokkrum viðburðum á uppvaxtarárum viðmælenda og flest höfðu farið á einhverja slíka og myndað tengsl við aðra ættleidda einstaklinga. Þessi tenging virðist enn vera til staðar hjá mjög mörgum og vita viðmælendur flestir af einhverjum sem er ættleiddur frá sama upprunalandi og eru jafnvel vinir þeirra á Facebook. Einstaklingar frá einu upprunalandi sem rætt var við hafa haldið hópinn og hist reglulega á hverju ári í nokkur ár. Þeir viðmælendur sem koma frá þessu landi töluðu öll um þennan hóp og hve mikilvægur hann væri þeim. Þau telja mikinn styrk í honum og samheldni. Þau eru ánægð með fá tækifæri til að hittast og geta rætt hluti sem þeim liggur á hjarta og finnst aðrir ekki geta svarað. Þá er sameiginlegur uppruni og reynsla þeim mikilvæg og hópinn nota þau til að ræða mál sem koma upp hjá þeim sjálfum jafnt og mál og málefni sem eru í samfélaginu og snúa að þeim. Nefnt var að þó að mörg þeirra hefðu ekki sést síðan þau voru börn tengdu þau strax hvert við annað

og flest ef ekki öll þekktu eða könnuðust að minnsta kosti við einn eða fleiri frá því á viðburðum Íslenskrar ættleiðingar á árum áður.

Já, það er ennþá þetta, toppurinn er þessi, þessi vinskapur, þessi sterku tengsl á milli ...

Viðmælendur frá þessu upprunalandi mæla með því að reynt sé að stofna hópa fyrir önnur upprunalönd og telja mikilvægt að það sé gert um tvítugsaldur. Mæla þau með því að foreldrar sem flestir mæta með ung börn sín á viðburði hjá Íslenskri ættleiðingu reyni að sjá til þess að slíkir hópar séu stofnaðir á Facebook þegar börn þeirra hafa aldur til að vera þar. Unglingar sem slíkir séu ekki endilega í þörf fyrir að hittast en þegar fullorðinsárin hefjast komi það sér vel. Þessi tiltekni hópur hefði viljað byrja fyrr að hittast og nefnir í því sambandi að gott hefði verið að vera orðinn hópur áður en flest þeirra hófu barneignir til að geta sótt stuðning hvert til annars.

Já, við fáum resourca hjá okkur hinum, þannig að þetta er alveg, já, ég held að það sé bara alveg ... hópurinn er í raun og veru það sem ... ég væri til í að sjá fleiri svona hópa.

Einnig nefndu sumir viðmælenda að ef hópur frá sama landi byrjar að hittast um tvítugsaldur, þá eru kjörforeldrar ekki með og því er unga fólkið að hittast og kynnast öðrum frá sama upprunalandi á eigin forsendum en ekki af því að foreldrar þekkja foreldra eins og gjarnan er með börn. Þá álitu þeir viðmælendur sem tilheyrðu þessu tiltekna upprunalandi líka að þau kæmu öll félagslega sterkt út í dag og það væri að nokkru leyti vegna þess að þau hefðu farið að hittast og fundið styrk og fengið svör hvert frá öðru. Einnig hefði það verið þeim styrkur að finna og heyra að fleiri hugsuðu það sama og langaði til þess sama og þau og væru sátt við aðstæður sínar hér og nú, og því ekki í þörf fyrir upprunaleit. Utanaðkomandi þrýstingur virðist oft valda þeim sem ekki eru í þörf fyrir upprunaleit áhyggjum og vekja efasemdir um hvort þeir séu eitthvað skrítnir fyrst þeir finna ekki slíka þörf hjá sér.

Aðrir viðmælendur, sem ekki áttu rætur að rekja til þessa tiltekna lands, vissu af öðrum einstaklingum frá upprunalandi sínu. Sum áttu besta vin/vinkonu þaðan og flest áttu vini á Facebook frá upprunalandinu. Sá kunningsskapur átti rætur að rekja til viðburða Íslenskrar ættleiðingar á árum áður.

Þau sem ekki hittast reglulega í hópi sögðust ekki vita hvað slíkt myndi gera fyrir þau. Þau voru ekki viss um hvort það að vera ættleidd frá sama landi dygði til þess að stofna til vináttu við aðra slíka. Þar sem flest eiga vin/vinkonu frá sama upprunalandi virðast telja það duga sér

og að engin ástæða sé til að vera hluti af stærri hópi til að geta rætt þau mál sem þeim liggur á hjarta varðandi ættleiðingu sína. Ein viðmælenda nefndi að hún ætti ættleidda frænku sem væri töluvert yngri en hún sjálf og að frænkan sækti töluverðan stuðning til hennar og kæmi til sín að ræða málin.

4.4.3 Besti vinur

Fram kom hjá viðmælendum að flest þeirra ættu einn besta vin frá sama upprunalandi. Sjálf nefndu þau það að vera hluti af „pari“. Þetta getur verið vinátta á milli konu og konu, karls og karls eða karls og konu. Þó skal tekið fram að öllu áttu þau maka sem ekki voru ættleiddir né frá sama upprunalandi þannig að þetta snýst fyrst og fremst um vinátta og sameiginlegan bakgrunn og reynslu.

Flest upplifa þau þessa vinátta sem sterkt systkinasamband eða frændsystkinasamband.

Arnar segir:

Í raun og veru síðan bara, erum bara í raun og veru ... frá þeim degi erum við bara eins og systkini, fattarðu, og fjölskyldurnar okkar alveg bara, allt í góðu með það.

Flest kynntust eftir að þau komu í grunnskóla, annaðhvort í fyrsta bekk eða á unglingsárum. Samskipti þessi hafa vakið athygli út á við og fá þau gjarnan spurninguna „eruð þið systkini?“ Í flestum tilvikum hafa þau svarað henni játandi þar sem það bindur enda á frekari spurningar. Ef þau svara henni neitandi verða þau að útskýra að þau séu ættleidd, hvaðan þau komi, af hverju þau séu vinir og fleira í þeim dúr. En ef þau segjast vera systkini er eins og forvitni annarra slokkni.

... í gegnum tíðina höfum við alltaf fengið þessa spurningu, sko, ef við erum einhvers staðar saman, „eruð þið systkini?“

... og náttúrlega ... bara mjög beisik spurning, sko, sem á mjög mikinn rétt á sér miðað við það að fólk þekkir okkur ekki.

og það sér ... okkur og við höfum, sko, fyrst fórum við alltaf að útskýra „heyrðu, nei þú veist“ hérna eitthvað, alls konar útskýringar sem fylgja því, skilurðu, hver ég er og hver hún er og svarað, „þið eruð samt svo lík, gætuð þið verið?“ „veistu, já já, alveg pottþétt, þú veist“ ... við getum ekki eytt öllum stundum þangað sem við förum að vera að eyða í einhverjar spurningar, þannig að án þess að ég vissi það þá fór ég bara að segja „já“ og málið dautt.

Hér kemur aftur sterkt fram hversu erfitt ættleiddum einstaklingum þykir að þurfa alltaf að útskýra sjálf sig og tilvist sína.

Þeir viðmælendur, sem ekki áttu besta vin sem var ættleiddur, voru heldur ekki í miklum samskiptum við aðra ættleidda einstaklinga frá sama upprunalandi. Ein viðmælenda tók fram að hún væri frekar lokaður persónuleiki og það hefði sitt að segja. Önnur nefndi að henni þættu aðrir sem komu frá sama upprunalandi ekki í jafn mikilli þörf fyrir að leita uppruna síns og því fyndist henni hún ekki vera stödd á sama stað og þau.

Fleiri áhugaverð þemu komu fram í samtölum rannsakanda og viðmælanda. Tvö þau helstu varða annars vegar prófkvíða og hins vegar starfsemi Íslenskrar ættleiðingar. Síðast en ekki síst má nefna mikilvægi þess að kjörforeldrar tjái sig opinskátt um ættleiðingu barna sinna og séu tilbúnir að ræða hana við börn sín. Nánar verður fjallað um þessa þrjá þætti hér á eftir.

4.5 Prófkvíði

Út frá bakgrunnsspurningu um menntun ákvað rannsakandi að spyrja viðmælendur út í það hvernig skólaganga þeirra hefði gengið. Flest töldu að hún hefði gengið nokkuð áfallalaust en sum þeirra nefndu lesblindu og frestunaráráttu. Mest bar á prófkvíða en hann hafði komið fram hjá helmingi viðmælanda á mismunandi aldri. Sum upplifðu prófkvíða frá byrjun skólagöngu en önnur urðu fyrst vör við hann um það leyti sem þau fóru í unglingadeild. Einn viðmælendi nefndi að prófkvíði hefði byrjað hjá sér þegar aukið álag í námi og íþróttum fór að fara saman, þ.e. í lok unglingadeildar eða byrjun framhaldsskóla. Sum viðmælanda höfðu leitað aðstoðar vegna prófkvíðans eftir að háskólanám hófst en önnur glímdu enn við hann og tveir viðmælendur sögðust vera með kvíða almennt og verið sérstaklega slæm hvað varðar prófkvíða.

Tvö viðmælanda höfðu einnig lent í slæmu einelti í grunnskóla. Annað þeirra hafði náð að vinna úr því og hélt áfram að mennta sig en hitt ekki. Sá viðmælendi sem ekki hafði stuðning og styrk til að vinna úr sínum eineltismálum hélt ekki áfram námi eftir að grunnskóla lauk.

4.6 Íslensk ættleiðing

Í öllum viðtölum við viðmælendur bar félagið Íslenska ættleiðingu á góma. Viðmælendur höfðu öll einhverja skoðun á félaginu og öll voru þau sammála um að félagið þyrfti að gera betur til að rækta tengsl við ættleidda einstaklinga eftir að barnsskóm er slitið.

Flest viðmælanda áttu góðar minningar um viðburði sem félagið hafði haldið þegar þau voru börn. Nefnd var útilega félagsins og landa-kvöld þar sem foreldrar komu með börn sín og

sýndu ljósmyndir frá upprunalandi barna sinna, borðuðu mat og ræddu saman. Mörg viðmælenda rækta enn vinasambönd sem stofnað var til á slíkum viðburðum og telja þau afar dýrmæt og mikilvæg.

... af því að þetta var hápunktur sumarsins hjá mér í mörg ár að fara í þessa útilegu, nammikarlinn og allt það, þetta var bara toppurinn, toppurinn! en ... þú veist, út af þessum útilegum þá kynntumst við.

Áhersla var lögð á að félagið reyndi að rækta þetta samband við ættleidda einstaklinga þegar að þau kæmust á unglingsár en foreldrar hætta gjarnan að mæta með börn sín á viðburði eftir tíu ára aldur þar sem þeir miðast frekar við yngri börn. Í þessu sambandi var nefnt að gott væri að félagið aðstoðaði við að stofna Facebook-hópa sem kjörforeldrar gætu bent börnum sínum á og þau verið í þó svo að slíkur hópur væri ekki virkur á þeim tímamótum. Hópurinn væri þá tilbúinn þegar börnin nálgðuðust fullorðinsár og vildu fara að halda meira hópinn og hittast án foreldra. Hægt væri að setja inn stöku tilkynningar til að minna á hópinn.

... ef ég myndi halda utan um það að barnið væri með, 13 eða 14 ára, væri með Facebook-síðu og allt í finu þó að það væri ekki neitt að gerast nema bara tilkynningar eða eitthvað vegna þess að þegar kemur svo að því þá er hópurinn inni, þau tilheyra honum alltaf. Ég myndi ekki vilja láta þetta deyja út. Það er svo miklu erfiðara, við höfum einmitt talað um þetta. Hefðum við byrjað fyrr, svona um tvítugt þá værum við kannski aðeins aktívari og værum komin lengra í hlutunum sem að við ætlum okkur að koma með sko, þú veist, af því að hver veit hvað hefði orðið ef við hefðum byrjað um tvítugt og ... við hefðum kannski komið með allt öðruvísi þá heldur en núna ...

Þá var einnig lögð áhersla á að halda þyrfti betur utan um þá sem búa utan höfuðborgarsvæðisins, að félagið þyrfti að leggja meira áherslu á að koma þessum einstaklingum og kjörforeldrum þeirra í kynni hvert við annað.

Við erum nokkrar sem eigum svona pör, eina vinkonu, en það eru nokkrar sem eru týndar og sérstaklega þessar sem að búa þarna langt frá og hitta okkur einu sinni á ári.

Viðmælendum fannst mikilvægt að félagið styddi kjörforeldra í að mynda net þar sem viðkomandi byggju og aðstoðaði þá við að tengjast. Þá var vikið að því hve mikilvægt væri að stuðla að því að hægt væri að hittast nokkrum sinnum á ári þar sem einstaklingar frá öllum upprunalöndunum gætu komið saman og kynnst. Áherslan var á að þeir sem komu ekki heim í hópum, smærri eða stærri, gætu kynnst öðrum ættleiddum einstaklingum og myndað venskap og orðið hluti af sínu „pari“.

Einnig nefndu viðmælendur nauðsyn þess að félagið safnaði þekkingu og myndaði tengslanet til að aðstoða uppkomna ættleidda einstaklinga í upprunaleit sinni svo að ekki þyrftu allir að finna upp hjólið sjálfir. Sum höfðu reynt að afla sér upplýsinga á eigin forsendum en voru ekki í tengslum við aðra ættleidda og vissu ekki hvernig þau ættu fyllilega að bera sig að. Þau hefðu viljað geta sótt stuðning til félagsins í leit sinni.

Einnig kom fram að viðmælendur óskuðu eftir því að félagið sinnti fræðslu sem sneri að þeim ættleiddum en miðaðist ekki bara við kjörforeldrana. Þau töldu að hægt væri að vera oftar og meira með efni sem tengdist þeim sjálfum þeim til stuðnings. Þá gæti það jafnvel svarað spurningum sem brynnu á mörgum og þar myndi þá jafnvel myndast vettvangur til að einstaklingar með sömu þarfir næðu saman. Eins og einn viðmælandi orðaði það:

En mér finnst líka með Íslenska ættleiðingu, þau eru rosalega mikið að aðstoða fólk við að ættleiða börn en síðan er það bara búið.

4.7 Vertu opin um ættleiðinguna við barnið þitt

Eitt það mikilvægasta, sem kom fram og allir viðmælendur lögðu sérstaka áherslu á, var að kjörforeldrar tjáðu sig opinskátt um ættleiðingu barna sinna. Að kjörforeldrar fullvissuðu börn sín um að þau mættu koma hvenær sem væri til sín til að ræða um ættleiðinguna og spyrja út í það sem þeim lægi á hjarta hverju sinni. Öll vildu viðmælendur koma þessum skilaboðum sérstaklega á framfæri við kjörforeldra. Þau töluðu öll um að mikilvægt væri að engin leyndarmál tengdust ættleiðingunni, mál sem gætu komið upp á yfirborðið síðar meir og orðið til þess að rjúfa traust eða trúnað hins ættleidda. Öll nema einn töluðu um að þau hefðu alltaf getað talað við foreldra sína um ættleiðinguna ef þeim lá eitthvað á hjarta. Einnig kom fram að öll hefðu þau frá upphafi gert sér grein fyrir því að þau væru ættleidd og því hefði aldrei komið upp það augnablik að einhver merkileg uppgötvun um það hefði átt sér stað. Staðreyndir ættleiðingarinnar hefðu alltaf verið á hreinu frá upphafi og þau alist upp með þá vitneskju í farteskinu. Áhersla var lögð á að sannleikurinn kæmi alltaf fram í samræmi við aldur og þroska barnsins þannig að ekki mynduðust mótsagnir eftir því sem barnið yrði eldra. Heldur bættist við upplýsingarnar eftir því sem á þyrfti að halda og forvitni ykist.

... og foreldrar verða líka, mega heldur ekki segja við börnin sín, „þú ert of lítill til að skilja þetta!“ Það þarf að ræða við þau bara og gefa sér tíma í það og ræða við þau einlæglega vegna þess að ég þakka fyrir það að þetta var rætt og þegar að ég vildi að þetta væri rætt

og var útskýrt bara á mannamáli og fullorðinsmáli og ekki bara komið fram við mig eins og einhvern smákrakka.

Viðmælendur töldu gott að barnið fengi að stýra umræðunni og upplýsingaflæðinu í einhverjum mæli en um leið yrðu kjörforeldrarnir þá að vera sér meðvitaðir um að það vissi að það mætti koma og ræða hlutina þegar það vildi. Þá töldu viðmælendur að ef börn gerðu sér frá fyrstu tíð fulla grein fyrir ættleiðingu sinni væru minni líkur á áföllum tengdum ættleiðingunni síðar á ævinni. Fyrir vikið yrði sjálfsmynd þeirra sterkari og þau betur í stakk búin til að takast á við þær spurningar og annað mótlæti sem kynni að mæta þeim.

Þú veist, þeir eru opnari fyrir því að ræða málin ... þeir geta svarað spurningum miklu betur, skilurðu, þeir eru ekki flóttalegir ...

Fram kom mikilvægi þess að kjörforeldrar geti talað um það við börn sín að þau eigi líffræðilega foreldra í upprunalandi sínu. Að kjörforeldrar séu ekki hræddir við samkeppni við líffræðilegu foreldrana þó svo að börnin hafi spurningar og velti mikið fyrir sér þáttum er tengjast þeim. Eðlilegt sé til dæmis að börn velti fyrir sér hvaðan útlitseinkenni þeirra koma og ýmislegt í þeim dúr.

Foreldrar allra viðmælenda höfðu fengið skjöl með sér til Íslands sem tengdust ættleiðingu barna þeirra. Flest viðmælenda bjuggu einnig svo vel að eiga mynd af líffræðlegri móður sinni annaðhvort einni eða þar sem hún heldur á barni sínu. Þetta var í hugum viðmælenda eitt það dýrmætasta sem þau áttu ásamt skjölunum með upplýsingunum um þau. Á öllum heimilum nema einu hafði ætíð verið greiður aðgangur að þessum skjölum og vissu viðmælendur hvar þau væru geymd og að þau hefðu leyfi til að skoða þau. Því voru skjölin skoðuð ýmist með eða án foreldra eftir því hvað viðkomandi þurfti á að halda hverju sinni. Í því eina tilviki þar sem foreldrarnir voru ekki opnir um ættleiðingu barns síns og leyfðu ekki aðgang að slíkum skjölum situr mikið eftir af ósvöruðum spurningum. Þetta hefur leitt af sér að viðkomandi skortir einnig svör til að svara sínum eigin börnum um mál sem þau langar að fræðast um og fá vitneskju um.

Margir kjörforeldrar höfðu þurft að skrifa undir skjöl þess efnis að þeir myndu ekki leita líffræðilega foreldra barna sinna uppi síðar meir. Þeir hafa verið opnir um það við börn sín en jafnframt lagt áherslu á að það sé þeirra undirskrift og samþykki en ekki barna þeirra. Hafa þeir því allir sagt að stefni hugur barns þeirra til þess að fara til upprunalandsins að leita

líffræðilegra foreldra sinna, standi þau með þeim og telji að börnin séu ekki bundin af þessari undirskrift. Þetta sé val barna þeirra.

Nokkur viðmælenda höfðu velt því fyrir sér hvort þau væru að særa kjörforeldra sína með spurningum og vangaveltum um uppruna sinn. Ekkert þeirra hafði spurt kjörforeldra sína beint út um málin en áréttuðu að þeim hefði aldrei verið neitað um að ræða mál sem tengdust ættleiðingu sinni. Þó kom fram hjá að minnsta kosti tveimur að þau hefðu kosið að spyrja kjörforeldra sína ekki spurninga sem þau vissu að þau myndu ekki geta svarað.

5 Umræða

Hér að framan hafa niðurstöður rannsóknarinnar verið raktar í samræmi við þær rannsóknarspurningar sem lagt var upp með og þau þemu sem komu fram. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna upplifun ættleiddra einstaklinga erlendis frá af því að alast upp á Íslandi. Einnig að athuga hvort viðmælendur teldu þörf á því að fagaðili á borð við félagsráðgjafa sérmenntaði sig til aðstoðar við ættleidda einstaklinga. Fram kemur í rannsókn Borders o.fl. (2000) að mikilvægt sé að rannsaka betur upplifun ættleiddra einstaklinga frá þeirra eigin sjónarhorni. Ættleiddir einstaklingar takist á við það sem lífið býður upp á og geri sér fulla grein fyrir því að þeir séu ættleiddir. Ákveðin stimplun er hluti af lífi þeirra, að vera ættleiddur. Ýmsir atburðir í lífi ættleiddra eru taldir hafa áhrif á þá á annan hátt en gerist og gengur (Borders o.fl., 2000). Tengsl við kjörforeldra hafa mikið verið í umræðunni eftir að ættleiðingar urðu algengari. Tengslakenningar Bolwby's koma þar mjög við sögu og hafa fræðimenn gjarnan unnið út frá þeim við rannsóknir sem varða ættleiðingar. Æ betur kemur í ljós að ættleiðing getur haft veruleg áhrif á sjálfsmynd þeirra einstaklinga sem ættleiddir hafa verið og mikilvægt er að fagfólk öðlist þekkingu á því hvaða þættir hafa helst og mest áhrif á ættleidda einstaklinga til að hægt sé að veita þeim aðstoð við að byggja upp sjálfsmynd sína og takast á við tilfinningar sem tengjast ættleiðingu viðkomandi manneskju.

Rannsókn Niemann og Weiss (2011) bendir til þess að börn séu lengur að mynda tengsl í annað eða þriðja sinn en í fyrsta sinn. Þá skiptir aðbúnaður barna fyrir ættleiðingu einnig máli fyrir nýja tengslamyndun.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru í samræmi við það sem fram hefur komið í erlendum og íslenskum rannsóknum. Í ljósi íslenskra rannsókna er sú nýjung á ferð í þessari rannsókn að

hér fá raddir ættleiðdra einstaklinga að heyrast í stað radda kjörforeldra og fagfólks. Þó að nær allir þátttakendur í þessari rannsókn hefðu verið mjög sáttir við lífshlaup sitt og ættleiðingu kom einnig fram sjónarmið þátttakanda sem ekki gat tekið undir slíkt. Þá komu einnig fram sjónarmið þeirra sem eru í þörf fyrir upprunaleit svo og þeirra sem eru það ekki en mikilvægt er í rannsóknum að fá fram sem flest sjónarmið. Nokkrir annmarkar eru á nemendarannsókn sem þessari. Ekki er hægt að fara eins djúpt í spurningar og mögulega hefði þurft þar sem fagfólk þarf að vera tilbúið til að taka við viðmælendum og aðstoða þá ef spurningar rannsóknarinnar ganga of nærri þeim. Þá er rannsakandi með litla reynslu af því að taka viðtöl sem þessi þó að námið hafi að nokkru leyti reynst drjúgur undirbúningur í þá veru.

Í fræðilegum hluta rannsóknarinnar var fjallað um þær tilfinningar sem ættleiðdir upplifa og tengja við ættleiðingu sína. Einnig um þætti sem ættleiðdir einstaklingar erlendis frá mæta á lífsleiðinni þar sem þeir skera sig úr í samfélaginu. Samhljómur er með niðurstöðum þessarar rannsóknar og þeirra erlendu rannsókna sem rannsakandi hefur lesið síðustu mánuði og lýst í þessari ritgerð. Það bendir til þess að í megindráttum sé upplifun ættleiðdra einstaklinga á Íslandi svipuð og annars staðar á Vesturlöndum og að viðkomandi mæti sömu áskorunum og ættleiðdir einstaklingar í öðrum löndum. Smæð samfélagsins virðist ekki endilega gera þeim auðveldara fyrir og sömu fordómar finnast hér á landi og annars staðar. Ættleiðdir einstaklingar á Íslandi fá sömu stimplun og ættleiðdir annars staðar og þurfa að takast á við breytt umhverfi með opnari og meira flæðandi veröld samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar.

Rannsakandi lagði upp með fjórar rannsóknarspurningar en meginspurningarnar snerust um upplifun viðmælenda af því að alast upp á Íslandi og hvort þau teldu þörf fyrir sérmenntaðan félagsráðgjafa í sínum málum. Tvær rannsóknarspurningar voru til viðbótar er snerust um það hvort viðmælendur hefðu fengið kynningu á upprunalandi sínu í bernsku og hvort þau hefðu viljað að foreldrar þeirra hefðu verið sér meðvitaðir um einhverja þætti sem þeir voru ekki þegar viðmælendur voru börn. Fleiri spurningar voru einnig í viðtalsvísi og er hægt að sjá þær í viðauka.

5.1 Að alast upp á Íslandi

Flestum viðmælendum rannsóknarinnar fannst gott að alast upp á Íslandi. „Stóri lottópotturinn“ voru orð sem einn viðmælenda notaði um það að hafa eignast kjörforeldra hér

á landi. Aðeins ein viðmælenda taldi sig ekki heppna að hafa verið ættleidda hingað til lands en hún lenti í einelti í skóla og á kjörforeldra sem ekki hafa treyst sér til að styðja hana í leit að uppruna sínum. Þau viðmælenda sem bjuggu út á landi höfðu nánast engu mótlæti mætt hvað varðar húðlit eða stríðni. Flest nefndu viðmælendur einnig að börn hefðu yfirleitt tekið þeim betur en fullorðnir og aldraðir. Fram kemur í rannsóknum að opin samskipti við kjörforeldra leiði til herra sjálfsmats og meira öryggis. Þetta má meðal annars sjá í rannsókn Van Den Dries o.fl. (2012) en hún sýnir að þeir einstaklingar sem áttu í opnum og jákvæðum samskiptum við kjörforeldra sína um ættleiðinguna, höfðu meira sjálfsálit og herra sjálfsmat. Þá voru þeir jákvæðari út í ættleiðingu sína almennt. Þátttakendur voru með jákvæðari tilfinningar í garð líffræðilegra foreldra en neikvæðar aðspurðir um þær (Mare og Audet, 2011). Þegar fjölskyldumeðlimir finna að þeir tilheyra hver öðrum ná þeir að skilgreina sig innan fjölskyldunnar og móta sig sem einstaklingar í þeim tiltekna hópi. Fjölskyldan öll skilgreinir sig svo gagnvart samfélaginu sem hún býr í (Scabini og Manzi, 2011).

Viðmælendur urðu varir við breytt viðmót í sinn garð um tvítugsaldur þegar skemmtanalífið tók við. Þá var farið að gera hróp og köll að þeim og að yfirleitt væri töluð enska við þau en ekki íslenska. Einnig kom sterkt fram að viðhorf í garð viðmælenda breyttist þegar innflytjendum fjölgaði á Íslandi. Samfélagið ákvað að þau væru innflytjendur og hafa þau töluvert þurft að minna á að þau séu Íslendingar sem hafi alist hér upp frá því þau voru nokkurra vikna. Sum hafa átt erfitt með að setta sig við þetta breytta viðhorf í sinn garð en önnur reyna að láta þetta ekki hafa áhrif á sig. Þó nefndu þau að í klæðaburði og fasi væru þau eins og hverjir aðrir Íslendingar og væru að því leyti ólík innflytjendum og ferðamönnum enda hluti af íslensku samfélagi. Þá telja þau að hræðsla og andúð í garð flóttamanna og hælisleitenda hafi sitt að segja um viðhorf samfélagsins og það sé eitthvað sem samfélagið allt þurfi að taka á. Fram kemur í rannsókn Carver (2012) að algengt sé þegar einstaklingur situr í hópi að hann verði sér sérstaklega meðvitaður um sjálfan sig. Ekki síst ef honum finnst hann skera sig úr. Það hvernig aðrir bregðast við einstaklingi getur haft mikil áhrif á sjálfsmynd og sjálfsmat viðkomandi. Þá fer einstaklingurinn gjarnan að meta sjálfan sig með augum annarra. Chen (2012) bendir á að ættleiddir einstaklingar hafi ákveðna stöðu innan þess samfélags sem þeir alast upp í. Þeir eru samþykktir sem fullgildir meðlimir samfélagsins en þurfa að svara fyrir uppruna sinn. Síðustu ár hafa ættleiddir einstaklingar einnig þurft að svara fyrir þá stöðu að vera hvorki heimafólk né innflytjendur eða flóttafólk. Ættleiddir telja sig tilheyra því landi sem

þeir eru ættleiddir til en þurfa að svara fyrir að þeir séu í raun fullgildir meðlimir þess samfélags sem þeir búa í, með ríkisborgararétt og talandi tungumál þjóðarinnar reiprennandi. Þetta bætist við þær spurningar sem viðkomandi fær varðandi ættleiðingu sína (Chen, 2016).

Það reyndist mörgum þátttakendum í þessari rannsókn erfitt þegar að þau fóru að eignast börn hversu rík krafa er gerð til þeirra um að geta svarað til um ættarsögu og sjúkdóma en fæst ef nokkur hafa slíka vitneskju. Kjörforeldrar fá yfirleitt litla sem enga vitneskju um líffræðilega foreldra barna sinna og sjúkdómssaga og saga líffræðilegrar fjölskyldu fylgir börnunum ekki. Svo virðist sem heilbrigðiskerfið hér á landi hafi takmarkaðan skilning á því. Við ættleiðingu rofna tengsl barns við líffræðilega fjölskyldu og ný tengsl myndast við kjörforeldra og fjölskyldur þeirra. Í rannsókn Triseliotis o.fl. (2005) kemur fram að líffræðilegir foreldrar hafi oft lítið sem ekkert val þegar um óvænta þungun er að ræða og verði að gefa börn sín til ættleiðingar vegna þrýstings frá fjölskyldu og/eða samfélagi. Í sömu rannsókn kemur fram að kjörforeldrar nefna gjarnan að þeir óskuðu þess að hafa meiri upplýsingar um líffræðilegan bakgrunn barna sinna til að geta gefið þeim meiri upplýsingar um uppruna sinn þegar að þau spyrja og byrja að velta honum fyrir sér (Triseliotis o.fl., 2005).

5.2 Kjörforeldrar og uppruni

Þegar kom að þeirri spurningu hvort viðmælendur hefðu viljað að foreldrar hefðu verið sér meðvitaðir um ákveðna þætti í uppvexti þeirra, töldu öll nema einn að foreldrum þeirra hefði tekist vel við uppeldi þeirra. Þau töldu hins vegar að kjörforeldrar dagsins í dag ættu mun stærra og erfiðara verk fyrir höndum þar sem internetið og mikið upplýsingastreymi kæmi við sögu. Flest töluðu þau um að foreldrar þeirra hefðu upplýst þau um uppruna sinn og upprunaland eftir aldri og þroska og eftir því sem þau sóttust sjálf eftir. Nú á tímum eru kjörforeldrar meira í kappi við veraldarvefinn því að börn læra snemma á tölvur og geta náð sér í upplýsingar um upprunaland sitt á auðveldan hátt. Sama má segja um fréttir en nú berast okkur fréttir ásamt myndum frá öllum heimshornum og þær eru oftast en ekki neikvæðar og geta því gefið börnum neikvæða ímynd af upprunalandi sínu. Áréttað var að kjörforeldrar þyrftu að vera vakandi gagnvart þeirri þekkingu og vitneskju sem börn þeirra næðu sér í á internetinu til að geta rætt þá vitneskju við þau. Þetta er í samræmi við erlendar rannsóknir. Fram kemur hjá Baden o.fl. (2012) að um fjögurra til fimm ára aldur er algengt að börn fari að gera sér grein fyrir að þau líti öðruvísi út en aðrir í fjölskyldunni. Þá byrja vangaveltur um það hvaðan þau komi og hvernig hlutunum sé háttað í upprunalandinu. Rannsókn Mohanty og

Newhill (2006) styður þetta einnig en þar segir að flestir ættleiddir einstaklingar nái að aðlagast vel ef þeir fá ástríkt uppeldi og ef kjörforeldrar eru opnir fyrir umræðum um ættleiðinguna og ef uppruna viðkomandi er haldið á lofti eftir því sem við á og viðkomandi telur sig þurfa.

Flest nefndu viðmælendur að þau hefðu hugsað um upprunann einhvern tíma á lífsleiðinni. Misjafnt er þó hvort þau dvelji við hann og ákveði eða séu í þörf fyrir að leita upprunans. Enginn viðmælandi þessarar rannsóknar hafði farið til upprunalands síns en helmingur hafði íhugað það. Öll töldu þau að það væri erfið og flókin ákvörðun hvort fara ætti til upprunalandsins og þá var misjafnt hvort þau vildu fara utan til að leita líffræðilegra foreldra og annarra ættingja eða láta sér nægja að kynnast landi og þjóð. Þau töldu að það gæti orðið erfitt að fá vitneskju um það sem biði í upprunalandinu, bæði hið jákvæða og það neikvæða. Þá voru þau einnig með vangaveltur um hverju ferðin ætti að svara og hvað þau ætluðu að gera með þær upplýsingar sem þau kynnu að fá. Þá veltu sum þeirra einnig fyrir sér hvernig líffræðilegum foreldrum þeirra myndi líða með að skilja aftur við börn sín ef að svo færi að þau næðu saman. Fram kom að viðmælendur telja að samfélagið sem slíkt hafi ekki nægilegan skilning á upprunaferðum og að oft sé þrýstingur á ættleidda einstaklinga að fara í upprunaleit, þeir hljóti að vilja hitta líffræðilega foreldra sína. Margir líti á slíka ferð sem skemmtiferð þar sem hægt sé að kynnast framandi mat og menningu. Að þessu leyti fannst viðmælendum auðveldara að ræða málefni upprunaferða við aðra ættleidda en við þá sem ekki eru ættleiddir. Þá töldu þau að stuðningur kjörforeldra vegna upprunaleitar og áleitinna spurninga sem tengjast ættleiðingunni væri þeim afar mikilvægur.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við ýmsar erlendar rannsóknir. Fyrst má nefna rannsókn Grotevant og Korff (2012) en þar segir að þegar um ættleiðingar á milli landa sé að ræða, vanti gjarnan inn í lífssögu viðkomandi menningu, arfleifð, hvers vegna viðkomandi var gefinn til ættleiðingar, heilsufarsupplýsingar og margt fleira. Skortur á þessum upplýsingum verði til þess að ættleiddir einstaklingar lendi oft í vandræðum með að móta sjálfsmynd sína og fari að leita svara til að ná að fullmóta hana. Þörf fyrir frekari vitneskju um uppruna tengist oft tímamótum í lífi hinna ættleiddu (Grotevant og Korff, 2011; Kohler o.fl., 2002).

Upp kom í viðtölunum að viðmælendum fannst gott og mikilvægt að vera í sambandi við aðra ættleidda einstaklinga. Flest höfðu þau hitt aðra ættleidda frá sama upprunalandi sem börn, síðan væri áhuginn minni á unglingsárum en um leið og þau kæmust á fullorðinsár væri

gott að hafa hóp af sama uppruna í kringum sig. Eitt af því sem þeim fannst mikilvægt við að hittast aftur á fullorðinsárum var að þá voru kjörforeldrarnir ekki með í för og því væru þau að hittast á eigin forsendum en ekki kjörforeldranna. Þá áttu flest viðmælenda besta vin sem einnig var ættleiddur og gjarnan frá sama upprunalandi. Það fannst þeim afar mikilvægt og mikill styrkur. Þessir vinir gætu rætt málin og haft skilning sem aðrir hafa ekki því að ættleiðingin er svo stór þáttur í tilveru þeirra og litar allt þeirra líf. Sambærilegar niðurstöður komu fram í rannsókn Jórunnar Elíadóttur (2010) þar sem kjörforeldrar töldu mikilvægt að ræða ættleiðinguna við börn sín og að mikilvægt væri fyrir börnin að þekkja ættleiðingarsögu sína. Þá kom fram að flestum þótti mikilvægt að halda tengslum við önnur ættleidd börn sérstaklega þau sem komu til Íslands á sama tíma (Jórunn Elíadóttir, 2010). Á unglingsárum endurmeta einstaklingar samband sitt við foreldra sína. Þeir leita að eigin sjálfstæði og treysta meira á vinina en fjölskylduna. Um leið er algengt að ákveðið uppgjör verði sem tengist ættleiðingu viðkomandi. Annaðhvort eykst þörfin fyrir meiri vitneskju eða viðkomandi nær sáttum við ættleiðingu sína (Grotevant og Korff, 2011).

5.3 Áherslur viðmælenda

Aðaláhersla viðmælenda var á það að kjörforeldrar væru opnir um ættleiðingu barna sinna við þau. Að vera ekki með nein leyndarmál gagnvart ættleiðingunni við börnin og segja alltaf sannleikann í samræmi við aldur þeirra og þroska. Bæta skuli svo í sannleikann eftir því sem börnin verða eldri. Þá bentu þau á mikilvægi þess að kjörforeldrar séu ekki hræddir við að ræða líffræðilega foreldra barna sinna við börnin, að líffræðilegir foreldrar séu ekki samkeppnisaðili en þörfin fyrir að fá að vita um þá sé til staðar þó ekki sé nema til að vita hvaðan útlitseinkenni og þess háttar koma til sögunnar. Þá var einnig nefnt að nokkrir kjörforeldrar höfðu skrifað undir skjöl þess efnis að þeir myndu ekki fara af stað með börn sín til að leita að líffræðilegum foreldrum. Þeir kjörforeldrar höfðu allir sagt börnum sínum að það loforð ætti ekki við um börnin því þau hefðu ekki gefið það heldur kjörforeldrarnir.

Vangaveltur voru einnig hjá viðmælendum um það hvort að þau væru mögulega að særa kjörforeldra sína með spurningum um uppruna sinn. Enginn hafði spurt kjörforeldrana beint út en töldu þar sem þau voru svo opin og fús til að ræða málin að svo væri sennilega ekki. Þau sögðust ekki spyrja kjörforeldra sína spurninga sem þau teldu að þau gætu ekki svarað. Fram kemur hjá Roberson (2006) að mikilvægt er að kjörforeldrar viðurkenni þann missi sem börn þeirra hafa orðið fyrir við ættleiðingu sína. Sorgin er tengd því að missa líffræðilega foreldra

sína en einnig getur hún snúist um missi umönnunaraðila fyrir ættleiðingu, til dæmis fósturforeldra eða aðila af barnaheimili. Skilningur á missi barns svo og örugg tengsl við kjörforeldra auðvelda barninu að byggja upp jákvætt og sterkt sjálfsmat (Roberson, 2006). Sama styður rannsókn Beckett o.fl. (2008) en þar kemur fram að ættleiddum einstaklingum finnst oft erfitt að hefja máls við kjörforeldra sína á löngun sinni í meiri vitneskju um uppruna sinn. Þetta stafar af því að þeir eru hræddir við að særa tilfinningar þeirra. Í sömu rannsókn kemur fram að foreldrum fannst mun minna mál að ræða ættleiðinguna við börn sín en börnunum við foreldra sína. Í sumum tilfellum fannst hinum ættleiddu auðveldara að ræða ættleiðinguna ef þau áttu önnur ættleidd systkini (Beckett o.fl., 2008). Það er ekki óalgengt að ættleiddir einstaklingar telji sig ástæðuna fyrir því að þeir voru gefnir til ættleiðingar. Þeir telja gjarnan að þeir hafi ekki verið þess verðugir að vera börn foreldra sinna. En hvað gerðu þeir sem ungbörn sem gæti valdið því að vera þess ekki verðugir, það er spurning sem situr eftir. Af þessum sökum er algengt að ættleiddir ögri á þann hátt að ætla megi að kjörforeldrar þeirra hafni þeim. Þetta gera þeir til að sanna að ástæðan fyrir því að þeir voru ættleiddir sé í raun sú að þeir voru ekki nógu góðir fyrir líffræðilegu foreldra sína. Mikilvægt er að viðurkenna þessar tilfinningar ættleiddra. Jafnframt að útskýra fyrir þeim eftir bestu getu þær aðstæður sem líffræðilegir foreldrar þeirra gætu hafa verið í þegar þeir tóku sína ákvörðun. Þá er einnig mikilvægt að útskýra hvað það þýðir að vera ættleiddur. Að um lögformlegan gjörning sé að ræða og að ekki sé hægt að hringla með þá ákvörðun fram og aftur. Að kjörforeldrarnir séu komnir til að vera. Þá þarf að útskýra fyrir börnunum að þó að kjörforeldrarnir reiðist þeim þá elski þeir börnin enn og muni ekki hafna þeim. Hinn ættleiddi þarf að finna að hann er einn af fjölskyldunni. Það er hægt að gera með því að benda á líkindi sem eru á milli hans og annarra fjölskyldumeðlima. Einnig með því að halda upp á þann dag er fjölskyldan sameinast, að því fylgi gleði og ánægja sem beri að fagna. Þá getur hjálpað ef einstaklingur fær að umgangast aðra ættleidda einstaklinga (Smit, 2002).

Viðmælendur lögðu áherslu á að kjörforeldrar eða kennarar barnanna væru með fræðslu fyrir bekkjarfélagana um hvað það er að vera ættleiddur og hvað litríkar fjölskyldur væru. Þetta væri til að draga úr því spurningaflóði sem börnin fengju sjálf frá skólafélögum og umhverfinu. Það er mikið álag á ungt barn að þurfa að svara 20 bekkjarfélögum sem spyrja í sífellu. Nái foreldri eða kennari að fræða og koma með flest svörin til barnanna léttir mjög á ættleidda barninu. Spurningar um ættleiðinguna fylgja einstaklingunum alla ævi en það verður

léttara með tímanum að takast á við þær. Þá læra þau einnig að leiða spurningarnar í annan farveg þegar fólk hefur í raun ekki áhuga á ættleiðingunni sjálfri heldur vill það nota upplýsingarnar í neikvæðum tilgangi eða hreinlega til að forvitnast um mál sem óviðkomandi koma ekki við. Nefndu viðmælendur að fólk spyrði þau mjög oft nærgöngulla spurninga sem fólk væri almennt ekki að spyrja ókunnuga um og gengju því mjög nærri einkalífi þeirra. Þetta er einnig í samræmi við erlendar rannsóknir. Í þeim kemur fram að ættleiddir einstaklingar fái mikið af spurningum og verði fyrir uanaðkomandi áreiti. Nefna má rannsókn Baden (2016) sem dæmi en þar segir að samfélagið, sem ættleiddi einstaklingurinn elst upp í, sendi stöðugt hin og þessi skilaboð til þeirra ættleiddu. Þetta er í formi spurninga og vangaveltna varðandi uppruna viðkomandi, kvikmynda sem fjalla um munaðarlausu einstaklinga og ýmislegt annað. Skilaboðin sem viðkomandi fá geta verið jákvæð, neikvæð, dæmandi eða móðgandi allt eftir því hvernig þau eru sett fram (Baden, 2016; VanderMolen, 2006).

Viðburðir á vegum félagsins Íslenskrar ættleiðingar skiptu viðmælendur miklu máli frá bernskuárum. Öll áttu þau góðar minningar þaðan og vinasambönd höfðu myndast þar sem halda enn í dag. Nefnt var að félagið þyrfti að gera betur í að halda í tengsl við hina ættleiddu einstaklinga og sinna þeim betur sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Þá töldu viðmælendur mikilvægt að félagið aflaði sér þekkingar og byggi til tengslanet fyrir upprunaleit þannig að auðveldara væri fyrir þau sem það vilja að fara af stað. Þá bentu þau á að félagið mætti auka fræðslu til ættleiddra einstaklinga, ekki aðeins fræðslu til kjörforeldra. Samkvæmt rannsókn Kohler o.fl (2002) hafa rannsóknir ekki sýnt fram á að upprunaleit snúist um að finna „betri foreldra“ en kjörforeldrana, en þó eiga ættleiddir einstaklingar oft drauma og vangaveltur um hvernig lífið væri með hinum líffræðilegu foreldrum (Kohler o.fl., 2002). Æ betur kemur í ljós með auknum rannsóknum að stuðningur við ættleidda einstaklinga er mikilvægur á öllum aldurs skeiðum, ekki bara á meðan að þeir eru börn (Walton, 2012).

5.4 Fagfólk

Rannsakandi vildi kanna þörf fyrir fagaðila sem hefði kynnt sér sérstaklega málefni ættleiddra. Engin af viðmælendum höfðu nýtt sér fagaðila vegna ættleiðingar sinnar en einn taldi sig þurfa á slíkri aðstoð að halda. Einnig taldi sami viðmælendi að kjörforeldrarnir hefðu þurft á slíkri aðstoð að halda þegar viðkomandi var að alast upp. Öll töldu þau þörf á að slíkur fagaðili væri til staðar nú þar sem aldur barna við ættleiðingu færi hækkandi og börnin búin að mynda tengsl við fyrstu umönnunaraðila áður en að þau eignuðust kjörforeldra sína ásamt því að eiga

minningar frá upprunalandi sínu. Viðmælendur höfðu öll áhyggjur af því hversu gömul börn eru orðin nú á dögum þegar að þau eru ættleidd og telja að þar sé ekki verið að huga að bestu hagsmunum barnanna. Þá var einnig nefnt að fagleg aðstoð þyrfti að vera í boði fyrir alla aldurshópa, börn, unglunga og fullorðna en ýmis mál geta komið upp á ólíkum aldurs skeiðum er tengjast ættleiðingu viðkomandi.

Það hefur verið starf félagsráðgjafa í mörg ár að vinna með fjölskyldum sem ættleiða börn. Einnig að vinna með börnum sem ekki eiga foreldra. Hvort sem ættleiðing er innanlands eða erlendis frá, hefur hún áhrif á einstaklinga alla ævi. Mikil áhersla er lögð á að kjörforeldrar fái aðstoð í upphafi ættleiðingar til að mynda tengsl og takast á við vandamál sem barn getur verið að glíma við fyrstu mánuði og ár eftir ættleiðingu. Stuðningurinn minnkar svo með árunum og eftir því sem barn verður eldra. Í ljós hefur komið að stuðningur eftir ættleiðingu þyrfti að vera í boði alla ævi því það þarf að aðstoða ungmenni og uppkomna ættleidda einstaklinga til að takast á við marga þætti í lífinu sem valda erfiðleikum. Sem dæmi má nefna kynþáttafordóma og mismunun sem ættleiddir einstaklingar verða fyrir vegna þess að þeir skera sig úr í samfélaginu sem þeir alast upp í vegna útlits og litarháttar (Walton, 2012).

5.5 Ályktanir

Það vakti athygli rannsakanda að enginn viðmælenda hafði farið í upprunaferð en slíkar ferðir eru nú mjög mikið til umræðu. Nú til dags er algengt að kjörforeldrar fari með unglunga sína til upprunalandsins til að þau fái að kynnast landi, þjóð og menningu. Unglingar virðast nokkuð móttækilegir fyrir þessum ferðum og mögulega er það vegna þess að þeir eru óhræddari, hafa ekki myndað sér eins sterkar skoðanir og gengur og gerist á fullorðinsárum. Ekki er þó víst að viðkomandi fari í leit að líffræðilegum foreldrum sínum, mögulega kemur sú þörf upp síðar, en þrá eftir því að kynnast menningu upprunalandsins er hins vegar svalað í ferðum sem farnar eru svo snemma á lífsleiðinni.

Þegar leitað er að því hverjar skyldur félagsins Íslensk ættleiðing eru gagnvart Post Adoption Service (PAS) eða fræðslu og aðstoð eftir ættleiðingu, kemur ekkert skýrt fram, hvorki í lögum eða reglugerðum um ættleiðingar hérlendis. Vísað er til þess að Haag-samningurinn sem samþykktur var árið 1993 sé ráðgefandi í þessum efnum. Rannsakandi kannaði Haag-samninginn þar sem vísað er í handbók sem tengist ættleiðingum og hvernig löggild ættleiðingarfélög skuli bera sig að við þær (Þingskjal 939, 1998–1999). Í þeirri handbók

er heldur ekki skýrt kveðið á um skyldur ættleiðingarfélaga varðandi aðstoð eftir ættleiðingu (Hague Conference on Private International Law, 2008). Þar af leiðandi hefur Íslensk ættleiðing ekki lögbundnar skyldur gagnvart uppkomnum ættleiddum einstaklingum. Það væri mjög athyglisvert að kanna hvort ástæða væri til að kveða á um slíkt í lögum og reglugerðum í ljósi þeirra niðurstöðu sem fram kemur í þessari rannsókn. Að sama skapi má velta því fyrir sér hvort ættleiddir einstaklingar ættu að stofna sitt eigið félag, óháð því starfi sem Íslensk ættleiðing vinnur, og safna þekkingu sinni þar saman.

Hér hefur ekki verið vikið að því sem kallast opnar og lokaðar ættleiðingar. Með opnum ættleiðingum er átt við það að börn sem ættleidd eru eigi þess kost að kynnast líffræðilegum foreldrum sínum síðar á lífsleiðinni. Það á sjaldan við um einstaklinga sem ættleiddir eru erlendis frá að þeir eigi þess kost að finna þá. Alþjóðasamfélagið hefur ekki verið tilbúið að samþykkja opnar ættleiðingar á milli landa, en lönd þar sem nokkuð er um ættleiðingar innanlands hafa reynt að fá líffræðilega foreldra til að samþykkja opna ættleiðingu þannig að börn þeirra hafi tök á að leita þeirra.

6 Lokaorð

Það er von mín að niðurstöður þessarar rannsóknar bæti við þá þekkingu sem nú þegar er til staðar og geti bætt við þá fræðslu sem kjörforeldrar og verðandi kjörforeldrar afla sér. Niðurstöður rannsóknarinnar eru á margan hátt sambærilegar við erlendar rannsóknir en áhugavert var að sjá hversu jákvæða upplifun flestir viðmælenda höfðu af því að alast upp á Íslandi. Því má þó ekki gleyma að það er ekki upplifun allra, þau sem gáfu kost á sér til þátttöku eru sterkir einstaklingar sem eru tilbúnir að segja frá og að meðal ættleiddra eru einstaklingar sem líður ekki vel og glíma við sorg, höfnun og fleiri þætti sem vikið er að í fræðilegum kafla rannsóknarinnar. Þessir einstaklingar þyrftu einnig að koma sinni rödd á framfæri til að auka skilning samfélagsins á því sem þeir glíma við.

Brýnt er að fagfólk í heilbrigðis-, skóla- og velferðarkerfi hugi að því að aðstæður við ættleiðingar eru breyttar og nýjar áskoranir mæta þeim sem sinna ættleiddum börnum. Heilbrigðisstofnanir þurfa að fræða sitt starfsfólk og búa það undir móttöku barna sem eiga sér fortíð sem enginn nema þau sjálf þekkja í raun. Það sama á við um skóla og velferðarkerfi. Því er mikilvægt að fylgjast vel með nýjum rannsóknum sem koma fram á sjónarsviðið ásamt því að hvetja til þess að frekari rannsóknir séu framkvæmdar hér á landi. Slíkt er háð því að einstaklingar séu tilbúnir til þátttöku og er það von rannsakanda að svo verði áfram og með hagsmuni ættleiddra barna samtímans að leiðarljósi.

Gera þyrfti svipaða rannsókn og þessa eftir nokkur ár þar sem aldur á ættleiddum börnum fer hækkandi við ættleiðingu. Eins og viðmælendur þessarar rannsóknar nefndu, getur það skipt ættleidda einstaklinga miklu máli hversu mikil tengsl þeir hafa myndað fyrir ættleiðingu sína og hve miklar minningar þeir eiga um sitt fyrra líf fyrir komuna til kjörforeldra sinna. Þá væri ekki síður áhugavert að gera samanburðarrannsókn á því hvernig það er annars vegar að vera ættleiddur erlendis frá og hins vegar að vera ættleiddur innanlands. Hvaða mun finna hinir ættleiddu annars vegar á því að líta eins út og allir aðrir og eiga þess mögulega kost að hitta líffræðilega foreldra sína og hins vegar á því að líta allt öðruvísi út en aðrir og alast upp í öðrum menningarheimi en þeir fæddust í. Breytir það einhverju að eiga frekari möguleika á að geta leitað uppruna síns og falla inn í umhverfið eða er tilfinningin sú sama hjá báðum hópum?

Heimildaskrá

- Alex-Hart, B., Okagua, J. og Opara, P. I. (2015). Prevalence of bullying in secondary schools in Port Harcourt. *International Journal of Adolescent Medicine and Health*, 27(4), 391–396.
- Altsten, H., Coster, M., First-Hartling, L., Ford, C., Glasoe, B., Haiston, S. o.fl. (1994). Clinical observations of adult intercountry adoptees and their adoptive parents. *Child Welfare* 73(3), 261–269.
- Atkinson, A. og Gonet, P. (2007). Strengthening adoption practice, listening to adoptive families. *Child Welfare*, 86(2), 87–104.
- Baden, A. L. (2016). “Do you know your real parents?” and other adoption microaggressions, *Adoption Quarterly*, 19(1), 1–25.
- Baden, A. L., Treweeke, L. M. og Ahluwalia, M. K. (2012). Reclaiming culture: Reculturation of transracial and international adoptees. *Journal of Counseling and Development*, 90(4), 387–399.
- Baumeister, R. F. og Vohs, K. D. (2012). Self-regulation and the executive function of the self. Í M. R. Leary og J. P. Tangney (ritstj.), *Handbook of self and identity* (2. útg.) (bls. 180–197). New York: Guilford Press.
- Beckett, C., Castle, J., Groothues, C., Hawkins, A., Sonuga-Barke, E., Colvert, E. o.fl. (2008). The experience of adoption (2): The association between communicative openness and self-esteem in adoption. *Adoption & Fostering*, 32(1), 29–39.
- Beverly, B. L., McGuinness, T. M. og Blanton, D. J. (2008). Communication and academic challenges in early adolescence for children who have been adopted from the former Soviet Union. *Language, Speech & Hearing Services in Schools*, 39(3), 303–313.
- Björg Sigríður Hermannsdóttir og Linda Björk Oddsdóttir. (2006). *Hvernig farnast ættleiddum börnum erlendis frá á Íslandi?* BA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.
- Borders, L. D., Penny, J. M. og Portnoy, F. (2000). Adult adoptees and their friends: Current functioning and psychosocial well-being. *Family Relations*, 49(4), 407–418.
- Bowlby, J. (1982). *Attachment and loss. Vol. II: Separation, anxiety and anger*. Middlesex: Penguin.
- Brinkmann, S. og Kvale, S. (2015). *Interviews: Learning the craft of qualitative research interviewing* (3. útg.). Los Angeles: Sage.
- Carver, C. S. (2012). Self awareness. Í M. R. Leary og J. P. Tangney (ritstj.), *Handbook of self and identity* (2. útg.) (bls. 50–68). New York: Guilford Press.

- Chen, Z. J. (2016). Exploring the relationship between adoptive parents and International adoptees: From the perspectives of cross-cultural communication and adaptation. *Adoption Quarterly*, 19(2), 119–144.
- D’Amato, B. (2008). Understanding adoption: Clinical work with adults, children and parents. *Modern Psychoanalysis*, 33(1), 166–170.
- D’Amato, B. (2010). Adoption: Perspectives and fantasy. *Modern Psychoanalysis* 35(1), 53–67.
- De Young, A. C., Kenardy, J. A. og Cobham, V. E. (2011). Trauma in early childhood: A neglected population. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 14(3), 231–250.
- Di Ciacco, J. A. (2008). *The colors of grief. Understanding a child’s journey through loss from birth to adulthood*. London: Jessica Kingsley.
- Erikson, E. H. (1968). *Identity: Youth and crisis*. New York: W. W. Norton.
- Fisher, A. P. (2003). Still “not quite as good as having your own”? Toward a sociology of adoption. *Annual Review of Sociology*, 29, 335–361.
- Gauthier, K., Genesee, F., Dubois, M. E. og Kasparian, K. (2013). Communication patterns between internationally adopted children and their mothers: Implications for language development. *Applied Psycholinguistics*, 34(2), 337–359.
- Godon, D. E. , Green, W. F. og Ramsey, P. G. (2014). Transracial adoptees: The search for birth family and the search for self. *Adoption Quarterly*, 17(1), 1–27.
- Grant-Marsney, H., Grotevant, H. D. og Sayer, A. G. (2015). Links between adolescents’ closeness to adoptive parents and attachment style in young adulthood. *Family Relations*, 64(2), 221–232.
- Gregory, A. M. og Eley, T. C. (2007). Genetic influences on anxiety in children: What we’ve learned and where we’re heading. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 10(3), 199–212.
- Grotevant, H. D. og Kroff, L. V. (2011). Adoptive identity. Í S. J. Schwartz, K. Luycks og V. L. Vignoles (ritstj.), *Handbook of identity theory and research, Vol 2*. (bls. 585–601). New York: Springer.
- Guðbjörg Helgadóttir. (2012). „Ég er einbirni en á samt rosalega stóran systkinahóp“: *Félagslegur veruleiki og sjálfsmynd fullorðinna ættleiddra Íslendinga*. MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Íbúar, fjölskyldur, ættleiðingar*. Sótt 25. október 2016 á <http://px.hagstofa.is/pxis/sq/a77ea43a-7317-474a-90b6-d0a574f0aff8>

- Hague Conference on Private International Law. (2008). *The implementation and operation of the 1993 Hague intercountry adoption convention: Guide to good practice. Guide No 1.* Bristol: Jordan.
- Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2010). Ættleiðing erlendra barna á Íslandi. Aðlögun og samskipti í fjölskyldum og leikskólum. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls. 66–75). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Ásprent-Stíll.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2011). *Ættleiðingar á Íslandi: Í þágu hagsmuna barns*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-a). *Félagið, um félagið, sagan*. Sótt 30. apríl 2016 á <http://www.isadopt.is/is/felagid/um-felagid/sagan>
- Íslensk ættleiðing. (e.d.-b). *Félagið, um félagið*. Sótt 10. maí 2016 á <http://www.isadopt.is/is/felagid/um-felagid>
- Jórunn Elísdóttir. (2013). „... ég er fædd í Kína en á heima á Íslandi og ég er ættleidd og ég er stolt af því ...“: Tvímenningarlegur heimur ættleiddra barna. *Netla, Veftímarit um uppeldi og menntun*, 1–19. Sótt 7. júlí 2016 á <http://netla.hi.is/greinar/2013/ryn/017.pdf>.
- Juffer, F. og Tieman, W. (2009). Being adopted: Internationally adopted children's interest and feelings. *International Social Work*, 52(5), 635–647.
- Julian, M. M. (2013). Age at adoption from institutional care as a window into the lasting effects of early experiences. *Clinical Child and Family Psychology Review*, 16(2), 101–145.
- Katrín Blöndal og Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 129–136). Akureyri: Ásprent-Stíll.
- Keith. (2015). *To a mother I never knew*. Sótt 3. nóvember 2016 á <http://www.familyfriendpoems.com/poem/to-a-mother-i-never-knew#c44128>
- Kohler, J. K., Grotevant, H. D. og McRoy, R. G. (2002). Adopted adolescents' preoccupation with adoption: The impact on adoptive family relationships. *Journal of Marriage and Family*, 64(1), 93–104.
- Kroger, J. og Marcia, J. E. (2011). The indentity statuses: Origins, meanings, and the interpretations. Í S. J. Schwartz, K. Luyckx og V. L. Vignoles (ritstj.), *Handbook of identity theory and research* (bls. 31–54). New York: Springer.
- Liu, Y. og Hazler, R. J. (2015). All foreign-born adoptees are not the same: What counselors and parents need to know. *The Professional Counselor*, 5(2), 238–247.

Lög um ættleiðingar nr. 130/1999.

Mare, L. L. og Audet, K. (2011). Communicative openness in adoption, knowledge of culture of origin, and adoption identity in adolescents adopted from Romania. *Adoption Quarterly*, 14(3), 199–217.

Mohanty, J. og Newhill, C. (2006). Adjustment of international adoptees: Implications for practice and future research agenda. *Children and Youth Service Review*, 28(4), 384–395.

Montirosso, R., Tronick, E., Morandi, F., Ciceri, F. og Borgatti, R. (2013) Four-Month-Old Infants' Long-Term Memory for a Stressful Social Event. *PLoS ONE* 8(12), 1-8.

Nieman, S. og Weiss, S. (2011). Attachment behavior of children adopted internationally at six months adoption. *Adoption Quarterly*, 14(4), 246–267.

Orri Smárason. (2006). *Af hverju fær maður prófkviða og hvernig getur maður losnað við hann?* Vísindavefurinn. Sótt 25. október 2016 á <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=5858>

Padgett, D.K. (2008). *Qualitative methods in social work research* (2. útg.). New York: Sage.

Passmore, N. L., Fogarty, G. J., Bourke, C. J. og Baker-Evans, S. (2005). Parental bonding and identity style as correlates of self-esteem among adult adoptees and nonadoptees. *Family Relations*, 54(4), 523–534.

Pearson, F., Reagan, C. og Amanda, M. C. (2007). Use of mental health services by adults who were adopted as infants. *Journal of Mental Health Counseling*, 29(2), 163–185.

Raaska, H., Lapinleimu, H., Sinkkonen, J., Salmivalli, C., Matomäki, J., Mäkipää, S. o.fl. (2012). Experiences of school bullying among internationally adopted children: Results from the Finnish adoption (FINADO) study. *Child Psychiatry and Human Development*, 43(4), 592–611.

Reglugerð um ættleiðingar nr. 235/2005.

Roberson K. C. (2006) Attachment and caregiving behavioral systems in intercountry adoption: A literature review. *Children and Youth Services Review*, 28(7), 727–740.

Scabini, E. og Mani, C. (2011). Family processes and identity. Í S. J. Schwartz, K. Luycks og V. L. Vignoles (ritstj.), *Handbook of identity theory and research*, Vol 2. (bls. 565–584). New York: Springer.

Sigríður Halldórsdóttir og Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Réttmæti og áræðanleiki í meginlegum og eigindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 211–227). Akureyri: Ásprent-Stíll.

Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eigindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239–248). Akureyri: Ásprent-Stíll.

- Sigrún María Kristinsdóttir. (2009). *Óskabörn, ættleiðingar á Íslandi*. Reykjavík: Salka.
- Sigurður Kristinsson. (2013). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 71–88). Akureyri: Ásprent-Stíll.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2013). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 229–237). Akureyri: Ásprent-Stíll.
- Singer, E. og Krebs, M. (2008). Assisting adoptive families: Children adopted at older ages. *Pediatric Nursing*, 34(2), 170–173.
- Smit, E. M. (2002). Adopted children: Core issues and unique challenges. *Journal of Child and Adolescent Psychiatric Nursing*, 15(4), 143–150.
- Snara.is. (e.d.). sótt 12. september 2016 á <https://snara.is/>
- Sterlin, R. A. (2006). Where relational theory and attachment theory intersect: A real relationship and a real attachment. *Clinical Social Work Journal*, 34(2), 161–174.
- Sweeney, K. A. (2016). How white parents of black and multiracial transracially adopted children approach racial exposure and neighborhood choice. *Sociology of Race and Ethnicity*, 1–17. doi.10.1177/2332649216661851.
- Triseliotis, J., Feast, J. og Kyle, F. (2005). *The adoption triangle revisited: A study of adoption, search, and reunion experiences*. London: British Association for Adoption and Fostering.
- Van Den Dries, L., Juffer, F., Van Ijzendoorn, M. H., Bakermans-Kranenburg, M. og Alink, L. R. A. (2012). Infants' responsiveness, attachment, and indiscriminate friendliness after international adoption from institutions or foster care in China: Application of emotional availability scales to adoptive families. *Development and Psychopathology*, 24(1), 49–64.
- VanderMolen, E. (2006). Transracial adoption and sociological theory: Understanding my identity. *Human Architecture*, 4(1), 53–62.
- Walton, J. (2012). Supporting the interests of intercountry adoptees beyond childhood: Access to adoption information and identity. *Social Policy and Society*, 11(3), 443–454.
- Wegar, K. (2000). Adoption, family ideology, and social stigma: Bias in community attitudes, adoption research, and practice. *Family Relations*, 49(4), 363–370.
- Wimmer, J. S., Vonk, M. E. og Reeves, P. M. (2010). Adoptive mothers' perceptions of reactive attachment disorder therapy and its impact on family functioning. *Clinical Social Work Journal*, 38(1), 120–131.
- Wolfs, R. (2015). *Healing for adults who grew up in adoption or foster care*. London: Jessica Kingsley.

Þingskjal 939. (1998–1999). Tillaga til þingsályktunar um aðild að Haagsamningi um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa. *Þingtíðindi*, 572. Sótt 17. nóvember 2016 á <http://www.althingi.is/altext/123/s/0939.html>.

Viðauki 1 – Kynningarbréf

Kynningarbréf vegna meistaranannsóknar við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Reykjavík, júní 2016

Ágæti viðtakandi

Ég heiti Kristín Skjaldardóttir og er meistaranemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda í Háskóla Íslands. Fram til áramóta er ég að vinna að meistaranannsókn minni sem fjallar um upplifun ættleiddra einstaklinga erlendis frá af því að alast upp á Íslandi. Leiðbeinandi minn í verkefninu er dr. Steinunn Hrafnadóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild.

Ég er að leita að viðmælendum sem ættleiddir hafa verið erlendis frá og eru tilbúnir til að ræða um upplifun sína af því að hafa verið ættleiddir erlendis frá og alast upp á Íslandi. Leitað er bæði eftir konum og körlum, 20 ára eða eldri. Markmið rannsóknarinnar er að fá fram upplifun ættleiddra einstaklinga á að alast upp á Íslandi. Hvort þeir hefðu viljað að kjörforeldrar þeirra hefðu rætt að fyrra bragði ákveðin mál við þá sem og kanna hvort þörf sé á félagsráðgjafa sem hefur lagt áherslu á að afla sér þekkingar á málefnum ættleiddra sem hægt væri að leita til. Þátttakendum er frjálst að hætta þátttöku hvenær sem er, neita að svara einstökum spurningum eða ræða einstök efnisatriði án frekari útskýringa.

Rannsóknin er eigindleg rannsókn þar sem hálfstöðluð viðtöl verða tekin við viðmælendur. Þeirra verður leitað með snjóboltaúrtaki og auglýst eftir viðmælendum á Facebook og áhugasamir beðnir um að setja sig í samband við undirritaða. Áætlað er að viðtölin verði tekin á tímabilinu 15. ágúst til 30. september næstkomandi. Hvert viðtal gæti tekið um eina til tvær klukkustundir og þarf eitt viðtal við hvern viðmælanda.

Farið verður með persónuupplýsingar og skráningu þeirra í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nöfn og aðrar persónuupplýsingar munu hvergi koma fram, hvorki í afrituðum viðtölum né rannsóknarniðurstöðum.

Fyllsta trúnaðar verður gætt við meðferð og öflun gagna en viðtölin verða tekin upp, þau afrituð og unnið með gögnin til að fá niðurstöður rannsókna. Að þeirri vinnu lokinni verður öllum gögnum eytt. Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og hefur þar tilkynningarnúmer S7864/2016.

Það er von mín að þú, viðtakandi góður, sjáir þér fært að taka þátt í rannsókn þessari. Ef nánari upplýsinga er óskað má hafa samband við:

Kristínu Skjaldardóttur, meistaranema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Netfang; krs43@hi.is og í gsm 864-5419.

Einnig við dr. Steinunni Hrafnadóttur, dósent við Félagráðgjafardeild Háskóla Íslands. Netfang; steinhra@hi.is, sími 525-5266.

Viðauki 2 – Upplýst samþykki

Upplýst samþykki fyrir þátttöku í eigindlegri MA-rannsókn á upplifun ættleiddra einstaklinga að alast upp á Íslandi.

Reykjavík, september og október 2016

Ágæti viðtakandi,

Ég leita til þín og óska eftir samþykki þínu til þátttöku í MA-rannsókn minni um upplifun ættleiddra einstaklinga erlendis frá á því að alast upp á Íslandi. Rannsóknin mun fara fram með opnum viðtölum við viðmælendur sem gefa kost á sér til þátttöku. Svör viðmælenda verða notuð til úrvinnslu og til að fá niðurstöðu í rannsóknina.

Rannsakandi

Rannsakandi er Kristín Skjaldardóttir, kt. 190975-5419, meistaranemi í félagsráðgjöf til starfsréttinda. Ábyrgðaraðili og leiðbeinandi rannsóknarinnar er dr. Steinunn Hrafnadóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Trúnaður

Að samþykkja þátttöku felur í sér að veita rannsakanda eitt viðtal sem áætlað er að taki um 1–2 klukkustundir. Viðtalið verður tekið upp og afritað sem textaskjal til úrvinnslu fyrir rannsóknina. Fyllsta trúnaðar verður gætt gagnvart þátttakendum og viðtalsgögnum eytt að lokinni greiningu og úrvinnslu samkvæmt 26. gr laga um persónuvernd nr. 77/2000. Til að koma í veg fyrir að rekja megi upplýsingar sem koma fram beint til þátttakanda verður nafni og staðháttum breytt.

Að hætta þátttöku

Þátttakendum er heimilt að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er áður en niðurstöður hennar eru birtar.

Niðurstöður rannsóknar

Vonast er til að rannsókn þessi leiði í ljós hvort uppkomnir ættleiddir einstaklingar myndu vilja breyttar áherslur í fræðslu til verðandi kjörforeldra sem og hvort þörf er fyrir sérmenntaðan félagsráðgjafa í málefnum ættleiddra hér á landi.

Ósk um nánari upplýsingar

Ef nánari upplýsinga er óskað, vinsamlegast hafið samband við Kristínu Skjaldardóttur, krs43@hi.is eða í síma 864-5419 eða við Steinunni Hrafnadóttur dósent við Háskóla Íslands, steinhra@hi.is

Áætluð skil á rannsókn og niðurstöðum hennar eru 21. nóvember 2016.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og hefur þar tilkynningarnúmerið S7864/2016.

Ég undirrituð/aður hef lesið meðfylgjandi kynningarbréf og geri mér grein fyrir eðli og umfangi rannsóknarinnar. Undirskrift mín gefur jafnframt til kynna að ég hafi séð og fengið afhent eintak af þessu upplýsta samþykki og ákveðið að taka þátt í rannsókn þessari.

Dags: _____

Þátttakandi:

Rannsakandi:

Viðauki 3 – Viðtalsvísir

Viðtalsvísir vegna MA-rannsóknar

- Fæðingarár
- Upprunaland
- Aldur við ættleiðingu
- Aldur foreldra við ættleiðingu
- Systkini – ættleidd/heimatilbúin
- Uppeldisstaður
- Hjúskaparstaða
- Börn – já/nei – fjöldi
- Menntun
- Hvernig hefur skólaganga gengið?
- Hvernig finnst þér að ræða ættleiðingu þína við aðra?
- Hvernig var að alast upp á Íslandi sem ættleiddur einstaklingur erlendis frá?
- Hefurðu fundið fyrir þörf til að leita uppruna þíns? Ef svo er, manstu hvenær sú þörf vaknaði?
- Gætir þú sagt mér frá því hvað aðrir hafa sagt við þig/um þig sem barn þegar að þeir sáu þig með foreldrum þínum?
- Var lögð á hersla á að kynna menningu upprunalands þíns fyrir þér í uppvextinum?
- Hefðir þú viljað að foreldrar þínir vissu/væru meðvitaðir um ákveðna þætti sem þeir voru ekki? Þá hverja helsta?
- Ertu að hitta markvist aðra ættleidda einstaklinga? Eruð þið að halda hópinn?
- Hefurðu leitað tiil fagaðila til að ræða um ættleiðingu þína eða hefðirðu viljað leita til fagaðila vegna ættleiðingar þinnar?